



TORFHÚS Í SKAGAFIRÐI

AKRAHREPPUR, LÝTINGSSTAÐAHREPPUR OG SEYLUHREPPUR



Byggðasafn
Skagfirðinga

BRYNDÍS ZOËGA
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
2022/262

1. útgáfa 2022. ISBN-978-9935-9338-1-2

Höfundur: Bryndís Zoëga.

Mynd á forsíðu: Þorljótsstaðir í Vesturdal. Þór Magnússon Þjóðminjavörður tók myndina, birt með leyfi
Þjóðminjasafns Íslands.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2022. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Ljósmyndir	iii
Inngangur	1
Aðferðafræði.....	2
Torfhúsin – samantekt og niðurstöður	4
Hlutverk.....	6
Aldur húsa	10
Byggingarefni	11
Hlaðnir veggir.....	13
Grind og þök.....	14
Um afdrif torfhúsa	15
Varðveislumat	16
Að lokum	16
Húsaskráning.....	19
AKRAHREPPUR	19
Syðri-Brekkur.....	19
Bjarnastaðir.....	22
Syðsta-Grund	24
Djúpidalur	26
Stóru-Akrar - Hringshús.....	30
Minni-Akrar.....	32
Sunnuhvoll.....	36
Bóla	38
Flatatunga - Brekkukot.....	40
Tyrfingsstaðir.....	42
Ábær	55
Gráni	58

Lýtingsstaðahreppur	61
Krithóll.....	61
Kolgröf.....	64
Ytra-Vatn á Efribyggð.....	68
Merkigarður.....	71
Þorsteinsstaðakot	73
Breiðargerði	75
Bakkakot	81
Giljir	85
Þorljótsstaðir.....	93
Hraunlækur (Goðdalir).....	98
SEYLUHREPPUR	101
Vellir.....	101
Önnur torfhús	105
<i>Fallin hús</i>	105
Keldudalur (Hofsafrétt).....	105
Rústakofi (Hofsafrétt)	107
Nautabú - húsin á Grýtu	108
Tungukot.....	108
Skatastaðir	109
Nýbyggingar og endurgerðir	110
Heimildir	112

Ljósmyndir

Ljósmyndir í skýrslunni koma úr ýmsum áttum. Flestar þeirra eru teknar á vettvangi af starfsmönnum Byggðasafns Skagfirðinga og í þeim tilvikum er höfundar ekki getið sérstaklega. Þar sem ljósmyndir eru fengnar að láni er höfundar getið.

Eftirfarandi stofnanir og einstaklingar hafa gefið leyfi fyrir birtingu ljósmynda:

Evelyn Ýr Kuhne.

Guðmundur Stefán Sigurðarson.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, ljósmyndari Kristján C. Magnússon.

Hjalti Pálsson.

Kristín F. Jóhannsdóttir á Tyrfingsstöðum.

Minjasafn Akureyrar, ljósmyndari Hallgrímur Einarsson og synir.

Sigríður Sigurðardóttir.

Sólborg Una Pálsdóttir.

Þjóðminjasafn Íslands, höfundur Þór Magnússon.

Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga fékk styrk frá Minjastofnun Íslands árið 2021 til að skrá uppistandandi torfhús í fyrrverandi Akra-, Lýtingsstaða- og Seyluhreppi, sem nú tilheyra Skagafirði. Markmið með skráningunni er að fá heildaryfirlit yfir þau hús sem enn standa, gerð þeirra, hlutverk og ástand. Ekkert heildaryfirlit er til yfir uppistandandi torfhús, hvorki í Skagafirði né á landsvísu og þar af leiðandi er fjöldi þessara húsa og ástand þeirra ekki þekkt. Slíkt yfirlit er forsenda þess að hægt sé að móta stefnu um verndun þessarar húsagerðar. Ekki er um hefðbundna húsaskráningu að ræða þar sem eingöngu er verið að skrá hús af ákveðinni gerð en ekki verið að horfa á heildarmynd tiltekinna svæða. Í tilfelli torfhúsanna er heildarmyndin að jafnaði horfin og eftir standa aðeins stök hús. Fáeinar undantekningar eru á þessu eins og á Tyrfingsstöðum á Kjálka þar sem búið er að endurbyggja og gera upp torfbæ og þau útihús sem voru innan gamla túnsins.

Innan skráningarsvæðis eru þrjú friðlýst hús sem öll tilheyra húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Þessi hús fá ekki sérstaka umfjöllun í skýrslunni þar sem þau tilheyra Þjóðminjasafninu sem ber ábyrgð á varðveislu þeirra.

Fengist hefur áframhaldandi styrkur til verkefnisins og er stefnt að því að klára að skrá öll uppistandandi torfhús í Skagafirði. Þessi skýrsla er því fyrsti áfangi stærra verkefnis. Í þessum áfanga voru eingöngu skráð hús þar sem veggir, húsgrind og þak eru að mestu uppistandandi/á sínum stað. Við vettvangsskráningu kom í ljós að nokkur fjöldi húsa er enn til staðar þar sem grind og þak eru fallin, en húsin eru þó ekki orðin að tóftum. Þessi hús voru ljósmynduð og grunnupplýsingum um þau safnað en ákveða þarf í samstarfi við minjayfirvöld hvort ástæða er til þess að fullnaðarskrá þau. Í lokaskýrslu verkefnis verður ítarlegri samantekt þar sem þá munu liggja fyrir gögn um öll (vel flest) uppistandandi hús í Skagafirði. Í lokaskýrslu verður einnig fjallað um sögu og þróun byggðarinnar með tilliti til torfhúsa.

Vettvangs- og heimildavinna fyrir skýrsluna var unnin af starfsmönnum Byggðasafns Skagfirðinga. Hluti verksins var unnin í samstarfi við Héraðsskjalasafn Skagfirðinga sem vann á sama tíma að gerð húsakönnunar fyrir Akrahrepp. Leitað var til fjölmargra sérfróðra einstaklinga varðandi heimildaöflun og afnot af ljósmyndum og fá þeir sérstakar þakkir fyrir. Auk þess fá Sigríður Sigurðardóttir og Bragi Skúlason þakkir fyrir margvíslega aðstoð við skráninguna og Sigríður sérstakar þakkir fyrir yfirlestur og góðar ábendingar. Húseigendur fá einnig þakkir fyrir upplýsingar um og leyfi til þess að skoða húsin.

Skýrslan er þannig uppbyggð að fyrst kemur samantekt og helstu niðurstöður skráningarinnar og á eftir kemur eiginleg húsaskrá með upplýsingum um hvert hús fyrir sig.

Aðferðafræði

Húsakönnun er bæði byggingarlistar- og menningarsöguleg könnun og felst í skráningu húsa og mannvirkja. Grunnurinn að skráningunni eru ritaðar heimildir, vettvangskönnun og mat á varðveislugildi einstakra húsa, húsasamstæða og byggðaheilda (Leiðbeiningarrit 2, bls. 37). Í eftirfarandi húsaskráningu er stuðst við verklagsreglur Minjastofnunar Íslands þar sem við á og við skráningu var notast við rafræna skráningarformið Hugin. Lagt var upp með að skráin næði yfir uppistandandi torfhús, þar sem veggir, þak og grind væru að mestu heilleg. Húsin standa flest stök og eru dreifð um byggðalagið og því ekki um byggðaheildir að ræða og miðast umfjöllun og mat á varðveislugildi við það.

Heimildir

Flest húsanna eru útihús (s.s. búpeningshús og skemmur) en aðeins lítill hluti eru híbýli. Ritaðar heimildir um útihúsin eru oft af skornum skammti og er helst að þeirra sé getið í örnefnaskrá eða Byggðasögu Skagafjarðar en þau koma aðeins einstöku sinnum fyrir í fasteigna- eða brunabótamati eða í eldri úttektum. Leitað var til heimildamanna eftir föngum. Byggingaaldur húsanna er oft óþekktur auk þess sem það getur verið flókið að ákvarða nákvæman aldur torfhúsa þar sem þau hafa gjarnan staðið á sama stað um langan tíma, jafnvel aldir, eins og algengt er með byggingar á bæjarstæðum. Hús sem eru eldri en frá árinu 1920 eru oft merkt á túnakortum og er það oft eina heimildin sem gefur vísbendingu um aldur þeirra. Jafnan eru til fleiri heimildir um torfbæina sjálfa einkum þar sem búsetuskipti hafa verið tíð eða breytingar verið gerðar á húsunum eftir aldamótin 1900. Torfhús eru sjaldnast skráð í fasteignaskrá en það kemur þó fyrir en þar eru byggingarár húsa eru í mörgum tilvikum röng.


Vettvangskönnun

Vettvangskönnun fór fram í ágúst og september 2021 og var framkvæmd af starfsmönnum fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga, þeim Bryndísi Zoëga og Brendu Prehal, að Ábæ undanskildum, en þar er stuðst við gögn úr vettvangsferð starfsmanna Héraðsskjalasafns Skagfirðinga. Við vettvangskönnun var utanmál húsa mælt, með málbandi eða gps tæki og munu uppmælingargögn fylgja lokaskýrslu. Húsin voru ljósmynduð frá öllum hliðum, bæði að utan og innan (þar sem því var við komið). Skráning húsa á vettvangi var að sumu leyti nokkru ítarlegri en almennt er um húsaskráningar þar sem líklegt er að hluti húsanna verði hruninn innan fárra ára og þótti ástæða til þess að safna sem mestum upplýsingum um þau á meðan hægt væri. Mæld var þykkt útveggja þar sem því var við komið og gerð inn- og útveggja (þ.m.t. tegund torfs þar sem það var hægt) var skráð. Gerð var grein fyrir

séreinkennum byggingar og tekið fram ef viðgerðir eða einhverjar sjáanlegar breytingar höfðu verið gerðar á húsum.

Torfhúsin – samantekt og niðurstöður

Alls voru skráð 35 uppistandandi hús í Akrahreppi og fyrrum Seylu- og Lýtingsstaðahreppi. Auk þeirra voru skráð 7 hús þar sem þak og grind eru að mestu fallin en veggir standa enn að einhverju leyti. Auk þessara húsa eru þrjú hús sem tilheyra húsasafni Þjóðminjasafns Íslands en þau fá ekki sérstaka umfjöllun í þessari skýrslu (mynd 1). Þetta eru Víðimýrakirkja, gamli bærinn í Glaumbæ og leifar gamla bæjarins (þinghús, göng og bæjardyrhús) á Stóru-Ökrum. Í töflum 1-3 er yfirlit yfir torfhúsin, hlutverk, síðara hlutverk og sérheiti ef eru.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu. Á myndinni eru merkt þau torfhús sem eru til umfjöllunar í skýrslunni, auk nokkurra fallinna húsa og þeirra húsa sem tilheyra húsasafni Þjóðminjasafnsins.

Tafla 1. Skráð uppistandandi torfhús í Akrahreppi og fyrrum Seylu- og Lýtingsstaðahreppum.

Nr.	Jörð	Hlutverk	Síðara hlutverk	Sérheiti
1	Syðri-Brekkur	Fjárhús		
2	Syðri-Brekkur	Fjárhús		
3	Bjarnastaðir	Fjárhús	Hesthús	
4	Djúpidalur	Torfbær; eldhús		
5	Syðsta-Grund	Fjós	Hesthús	
6	Minni-Akrar	Fjós	Hesthús	
7	Stóru-Akrar	Hesthús	Reykkofi	Hringskofi
8	Sunnuhvoll	Hesthús	Reykkofi	
9	Bóla	Fjárhús		
10	Flatatunga	Hesthús	Reykkofi	Brekkukot
11	Tyrfingsstaðir	Torfbær og fjós		
12	Tyrfingsstaðir	Smiðja	Hænsnakofi	
13	Tyrfingsstaðir	Hesthús		Kofinn fram á hlaði
14	Tyrfingsstaðir	Fjárhús		Hólshús
15	Tyrfingsstaðir	Fjárhús		Húsin „út og niður“
16	Tyrfingsstaðir	Fjárhús		Pálshús
17	Tyrfingsstaðir	Fjárhús	Hesthús	Húsin „suður og niður“
18	Tyrfingsstaðir	Hesthús		
19	Ábær	Fjárhús (1941)	Hesthús	
20	Ábær	Hrútakofi	Hesthús	
21	Nýjabæjarafrétt	Gangnamannakofi	Hesthús	Gráni
22	Krithóll	Fjárhús, hesthús	Fjós	
23	Kolgröf	Hesthús		
24	Ytra-Vatn	Fjárhús		
25	Merkigarður	Smiðja	Reykhús	
26	Breiðargerði	Torfbær: framhús		
27	Bakkakot	Torfbær		
28	Giljir	Fjárhús		Efri Hús
29	Giljir	Beitarhús		
30	Giljir	Hesthús (áður bær)		
31	Giljir	Fjárhús		Neðri-Hús
32	Þorljótsstaðir	Torfbær		
33	Hraunlækjarkofi	Gangnamannakofi		Hraunlækjarkofi
34	Þorsteinsstaðakot	Fjárhús		
35	Vellir	Torfbær og fjós		

Tafla 2. Torfhús þar sem þak og grind eru fallin.


Fallin hús				
Nr.	Jörð	Hlutverk		Sérheiti
36	Kolgröf	Fjárhús		
37	Kolgröf	Fjós		
38	Kolgröf	Fjárhús		
39	Keldudalur	Gangnamannakofi		Keldudalskofinn
40	Rústakofi	Gangnamannakofi		Rústakofi
41	Giljir	Bær		
42	Nautabú	Fjárhús		Á Grýtu
43	Tyrfingsstaðir	Hesthús		

Tafla 3. Torfhús í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Þessi hús eru öll friðlýst. Ekki er sérstaklega fjallað um þessi hús í skýrslunni þar sem þau tilheyra húsasafni Þjóðminjasafnsins og eru á ábyrgð þess.

Hús í húsasafni Þjóðminjasafnsins - friðlýst			
Jörð	Hlutverk		Núverandi hlutverk
Stóru-Akrar	Torfbær: bæjardyr, bæjargöng, þingstofa		Opið gestum
Glaumbær	Torfbær		Sýning frá Byggðasafni Skagfirðinga
Víðimýri	Kirkja		Sóknarkirkja, opin fyrir gestum/Byggðasafn Skagfirðinga

Hlutverk


Alls voru skráð 35 uppistandandi hús í Akrahreppi og fyrrum Seylu- og Lýtingsstaðahreppi. Hlutverkum þessara húsa má gróflega skipta í þrjá flokka: torfbæi/bæjarhluta, búpeningshús og hús með annað hlutverk (mynd 2). Hér er miðað við upprunalegt (eða elsta þekkta) hlutverk húsa en af 35 húsum voru 13 hús sem höfðu, að öllu leyti eða að hluta, fengið nýtt hlutverk í seinni tíð. Búpeningshúsum má svo skipta eftir hlutverki en skráð voru fjárhús (þ.m.t. hrútakofi og beitarhús), hesthús og fjós. Í floknum annað eru gangnamannakofar og smiðjur.



Mynd 2. Fjöldi húsa eftir hlutverki.

Flest húsanna eða 72% eru búpeningshús, næstflestir eru torfbæirnir/bæjarhlutarnir eða 17% af heildinni en fæst hús, 11%, tilheyra floknum annað. Mynd 3 sýnir fjölda búpeningshúsa eftir

tegundum. Fjárhús, að meðtöldum hrútakofa og beitarhúsi, eru algengust, þá næst hesthús en fjós voru sjaldgæfust.



Mynd 3. Stöplariði sýnir fjölda búpeningshúsa eftir hlutverki. Með fjárhúsum eru talinn hrútakofi og beitarhús.

Torfbærinn á Tyrfingsstöðum er eini torfbærinn í Skagafirði (að Glaumbæ undanskildum) sem varðveist hefur í heild sinni en unnið hefur verið að viðgerðum á bænum frá árinu 2009, sem er ekki að fullu lokið. Flest hús bæjarins á Völlum eru að einhverju leyti uppistandandi en í misgóðu ástandi, til að mynda er norðurendi framhússins hruninn. Aðeins eldhúsið er enn uppistandandi í Djúpadal en baðstofan (eða hluti hennar) er nýlega fallin. Á Þorljótsstöðum í Vesturdal eru aðeins uppistandandi hluti baðstofu og nýlega uppgert hlóðaeldhús. Í Breiðargerði er enn uppistandandi framhús en það er í slæmu ásigkomulagi og ekki ólíklegt að húsið falli fljótlega. Í Bakkakoti er uppistandandi framhús, auk eins herbergis og hálfvallins eldhúss. Framhúsið í Bakkakoti stendur ágætlega nema norðurveggur sem búið er að rífa.

Eins og fyrr er getið breytist hlutverk 13 húsa af þessum 35 (37%) einhvern tímann á 20. öld. Yfirlit yfir þessi hús er í töflu 4. Algengast er að hús séu notuð sem hesthús eftir að fyrra hlutverki þeirra lýkur og næstalgengast er að hús, oftast hesthús, séu nýtt áfram sem reykkofar. Reykkofar eru einnig líklegastir til að vera enn í notkun.

Tafla 4. Yfirlit yfir hús sem breyta um hlutverk á 20. öld.

Jörð	Upphaflegt hlutverk	Seinna hlutverk
Ábær	Fjánhús	Hesthús (gangnamannakofi um tíma)
Ábær	Hrútakofi	Hesthús
Bjarnastaðir	Fjánhús	Hesthús
Flatatunga	Hesthús	Reykkofi
Krithóll	Fjánhús	Fjós/Nautgripahús
Merkigarður	Smiðja	Reykkofi
Minni-Akrar	Fjós	Viðbyggingin við fjósið notuð sem hesthús
Stóru-Akrar	Hesthús	Reykkofi (enn í notkun)
Sunnuhvoll	Hesthús	Reykkofi
Syðsta-Grund	Fjós	Hesthús
Tyrfingsstaðir	Fjánhús	Hesthús
Tyrfingsstaðir	Skemma	Hænsnakofi
Þorljótsstaðir	Baðstofa, hlóðældhús	Baðstofan notuð sem gangamannakofi

Af þeim húsum sem enn eru uppistandandi eru aðeins örfá enn í notkun. Á Tyrfingsstöðum hafa flest húsinn, sem annaðhvort hefur verið gert við eða þau endurbyggð, verið tekin í notkun og eru notuð sem fjánhús, hrútakofi, reykhus og hænsnakofi. Á Stóru-Ökrum 1 hefur gamla hesthúsið á Hring verið notað sem reykhus í nokkra áratugi en í gerbreyttri mynd. Gráni á Nýjabæjarafrétt stendur enn í nothæfu ástandi en er þó ekki lengur í notkun. Sama má segja um kofann á Hraunlæk sem er lítið notaður. Hesthúsið í Kolgröf er einstöku sinnum notað yfir sumartímann. Aðeins örfá ár eru síðan reykkofarnir á Sunnuhvoli og í Flatatungu voru í notkun en í Flatatungu stendur til að gera við þak hússins svo hægt sé að reykja í því áfram. Nokkur útihúsanna voru í notkun fram yfir 2000 en ekkert þeirra er enn í notkun að frátöldu hesthúsi í Kolgröf sem er stundum notað yfir sumartímann. Viðhald er forsenda þess að torfhús varðveitist en þeim er sjaldnast við haldið nema þau séu í notkun. Þannig hafa flest þeirra húsa sem enn eru uppistandandi verið lengi í notkun og þar af leiðandi verið viðhaldið. Sumum húsanna hefur verið breytt að einhverju leyti og sum hafa tekið gagnangerum breytingum. Dæmi um slíkar breytingar (sem eru frekar algengar) er þegar torfhlöðnum stöfnum/göflum er skipt út fyrir timburpil (t.d. á Syðri-Brekkum) eða steiptan stafn (Þorsteinsstaðakot). Fjánhúsin í Bólu eru gott dæmi um gagnangerar breytingar á húsum en þar eru aðeins torfhlaðnir langveggirnir eftir úr gömlu húsunum (mynd 4).



Mynd 4. Til vinstri eru fjárhúsin á Bólu haustið 2021 en til hægri eru fjárhúsin eins og þau voru fyrir breytingar (Morgunblaðið, 1966).

Heimildir um breytingar á húsum eru sjaldnast til nema í munnlegri geymd eða á gömlum ljósmyndum, en þær eru sjaldgæfar. Slíkar myndir eru þó til t.d. af fjósinu á Minni-Ökrum og sjást vel þær breytingar sem orðið hafa húsunum á liðinni öld. Eins birtist ljósmynd af fjárhúsum á Bólu í Morgunblaðinu í ágúst 1966 sem sýnir vel hvernig húsin voru fyrir breytingar. Sumar breytingar má lesa úr byggingunni sjálfri, t.d. þar sem torfpaki hefur verið skipt út fyrir bárujárn o.s.frv. Á nokkrum stöðum mátti sjá að húseigendur höfðu gert einhverjar ráðstafanir til þess að verja húsin fyrir veðuröflum eða ágangi búfjár. Eins hafði á nokkrum stöðum verið komið fyrir stífum til að styðja við húsgrindur, byrgt fyrir glugga, net sett á þak, fyllt upp í göt svo eitthvað sé nefnt. Sem dæmi má nefna framhúsið í Bakkakoti, fjós/hesthús á Syðstu-Grund og hesthús/reykkofa á Sunnuhvoli (mynd 5).



Mynd 5. Myndirnar sýna hús þar sem eigendur hafa gert ráðstafanir til þess að verja húsin. Á efstu mynd til vinstri er búið að hengja staur meðfram torfveggnum til að varna því að hestar nagi húsin. Á hægri myndinni hefur net verið sett yfir þakið til að varna foki og á neðstu myndinni hefur stoð verið skotið undir rafta til þess að styðja við þakið.

Aldur húsa

Eins og getið er í kaflanum um aðferðafræði er oft lítið vitað um aldur torfhúsa, einkum útihúsa. Það er helst ef húsin eru reist á 20. öld að til eru um þau ritaðar heimildir eða að heimildamenn viti eða jafnvel muni hvenær húsin voru byggð. Túnakort eru oft eina heimildin sem gefa einhverja vísbendingu um aldur útihúsa (þ.e. hvort þarna hafi staðið hús á þeim tíma er túnakortið var gert). Að jafnaði eru til fleiri heimildir um byggingarár torfbæjanna, eða í raun einstakra bæjarhluta, því torfbærir hafa gjarnan staðið á sama stað um langan tíma og eru einstök hús eða húshlutar sjaldnast öll frá sama tíma. Helstu heimildir eru úttektir á bæjum en þær eru oft ekki til í þeim tilfellum þar sem jarðareigendur bjuggu sjálfir á jörðum og arftakar þeirra í margar kynslóðir. Úttektir voru t.d. gerðar þegar skipt var um leigjendur á jörðum eða jarðapörtum. Ef bæirnir stóðu þegar brunabóta- eða fasteignamat var gert snemma á 20. öld, voru gerðir af þeim uppdráttir og þeim fylgdu gjarnan viðbótarupplýsingar, t.d. um viðgerðir eða viðbætur við húsin. Í töflu 5 er yfirlit um það sem vitað er um aldur þeirra torfbæja sem hér er fjallað um.

Tafla 5. Taflan sýnir byggingarár húsa, hvenær var flutt úr því og núverandi notkun

Jörð	Byggingarár	Byggingarár framhúss	Flutt út	Núverandi notkun
Bakkakot	Úttektir fundust ekki en bærinn var mikið endurbyggður um aldamótin 1900 skv. Hjörleifi Stefánssyni, 2012	Um 1900	1958	Notað sem geymsla
Breiðargerði	Elsta úttekt frá 1872 þá eru hlutar bæjar sagðir gamlir	Um 1930	1975	Engin
Vellir	Elsta úttekt frá 1844, þá eru hlutar bæjar sagðir gamlir	1914	1968	Engin
Tyrfingsstaðir	Elstu heimildir eru frá 1878 þá eru hlutar bæjar sagðir gamlir	1904	1969	Reykt er í hlóðaeldhúsi, eldavél komin í baðstofu, hrútar hafðir í fjósi
Djúpidalur	Eldhúsið í núverandi mynd er frá því á árunum í kringum 1940.	Ekki framhús	Enn í notkun sem geymsla	Geymsla
Þorljótsstaðir	Bærinn byggður upp 1798	Ekki framhús	1943	Engin

Vitað er að eldhúsið í Djúpadal, í núverandi mynd, var byggt í kringum 1940 en þá var maskínuhúsið stækkað, sem sést á uppdrátti af bænum frá 1934. Það er því yngsta húsið/bæjarhlutinn sem skráður var en vel má vera að einhverjir hlutar hússins séu eldri. Vitað er að bærinn á Þorljótsstöðum var að öllu eða miklu leyti endurbyggður 1798, þegar nýir ábúendur tóku við eftir að jörðin hafði legið í eyði í nokkur ár. Til eru heimildir um byggingu húsa á Þorljótsstöðum og leiða má líkur að því að elstu hlutar hlóðaeldhússins og hugsanlega hlóðirnar sjálfar séu frá lokum 18. aldar. Elsta úttektin frá Völlum

er frá 1844. Þar er hluta húsa lýst sem gömlum og því hugsanlegt að einhverjir hlutar bæjarins séu eldri en 1844. Sama má segja um bæinn á Tyrfingsstöðum þar sem elsta úttekt er frá 1878 og einhverjum bæjarhlutum lýst sem gömlum. Við viðgerðir á bænum á Tyrfingsstöðum var lagt upp með að halda í gamla veggir eftir því sem hægt var og eru m.a. eldgamlir veggir í hlóðældhúsinu og í bæjargöngum. Elsta úttekt á Breiðargerðisbænum er frá 1872 og má vel vera að þar finnist hlaðnir veggir sem eru eldri, en hús þar eru að miklu leyti fallin og lítið sést í torfhleðslur. Framhúsin eru öll byggð á árunum 1900 til 1930. Bakkakotsframhúsið er þeirra elst en Breiðargerðishúsið er yngst. Að undanskildu framhúsinu á Tyrfingsstöðum er framhúsið í Bakkakoti það hús sem er í hvað bestu ástandi, þótt það sé orðið illa farið.

Af þeim 25 útihúsum sem voru skráð eru 17 hús þar sem eina vísbendingin um aldur er að þau eru merkt á túnakort (1917-1919). Þrjú húsanna koma ekki fyrir á túnakorti. Það eru kofinn í réttinni á Ábæ og fjárhús og hesthús á Giljum. Ekki er vitað hvenær kofinn á Ábæ var reistur en beitarhúsin á Giljum voru byggð 1966 og hesthús var byggt upp úr hlóðældhúsinu einhvern tímann eftir 1970. Heimildir eru fyrir því að Neðri-húsin á Giljum séu frá því um 1909. Stærra fjárhúsið á Syðri-Brekum var reist um 1920 samkvæmt Byggðasögu Skagafjarðar (IV, 2007, 77). Fjósið á Minni-Ökrum var reist einhvern tímann eftir aldamótin 1900 og fyrir árið 1934. Óvíst er um aldur hesthússins sem er áfast Tyrfingsstaðabænum að sunnan en það kemur ekki fyrir í úttektum og er ekki sérmerkt á túnakorti. Það er ekki óalgengt að gripahúsa sé ekki getið í úttektum og allt eins líklegt að húsið sé eldra en túnakortið, en ekkert er hægt að fullyrða um aldur. Hesthúsið hefur þó alltaf verið þarna í tíð núverandi ábúanda og því er það að minnsta kosti reist fyrir 1944.


Talið er að hesthúsið í Flatatungu sé byggt af Gísli Stefánssyni sem var bóndi í Flatatungu 1821-1828 (Byggðasaga Skagafjarðar IV, 2007, 473). Sé svo gæti það verið elsta útihúsið sem skráð var.

Af þeim húsum sem falla í flokkinn önnur hús, er aðeins vitað um nákvæmt byggingarár Grána, gangnamannakofans á Nýjabæjarafrétt, sem reistur var 1920. Fyrsti gangnamannakofinn á Hraunlæk var líklega reistur fyrir aldamótin 1900. Smiðjan á Tyrfingsstöðum er aðeins merkt á túnakorti og því fátt annað vitað en að þar stóð smiðja fyrir árið 1919. Nákvæmt byggingarár smiðjunnar í Merkigarði er óþekkt en hún var líklega byggð um eða upp úr 1923.


Byggingarefni

Í inngangi bókar Hjörleifs Stefánssonar *Af jörðu* segir að í daglegu máli merki torfhús, hús sem hefur veggir úr torfi og grjóti og torfþak. Í þessum húsum er yfirleitt timburgrind innan torfveggja og stundum alþiljuð timburhús eins og gjarnan var með baðstofur og torfkirkjur (2013, bls. 11). Öll húsin sem hér er fjallað um eiga það sameiginlegt að vera að einhverju leyti byggð úr torfi og grjóti en mismikið (myndir 6 og 7). Þannig eru framhús torfbæjanna að mestu leyti timburhús en voru/eru öll með

annaðhvort torfgöflum eða lægri torfveggjum meðfram timburgöflum. Af þeim sex bæjum/bæjarhlutum sem voru skráðir eru fjórir með framhúsi. Ekki voru framhús við bæina í Djúpadal eða á Þorljótsstöðum en eldhúsið í Djúpadal (það eina sem stendur af bænum) er eingöngu byggt úr timbri (síðar klætt með asbesti). Önnur uppistandandi bæjarhús eru að mestu byggð úr torfi og grjóti en timburpil er á baðstofu á Tyrfingsstöðum, efst á gaffli á Þorljótsstöðum og á suðurhlið baðstofu í Bakkakoti. Útihúsin eru allt frá því að vera eingöngu úr torfi og grjóti (með timburgrind) til þess að einungis langveggir eru hlaðnir og byggingin að öðru leyti úr yngri byggingarefnum. Auk torfs- og grjóts eru hús byggð úr timbri, bárujárn, steinsteypu og í a.m.k. tveimur húsum var asbest klæðning. Í mörgum tilfellum hafði húsum verið breytt einhvern tímann á 20. öld og viku þá hlaðnir veggir gjarnan fyrir timburveggjum, oft timburpili, bárujárn eða steypu. Eins var torfbökum gjarnan skipt út fyrir bárujárn sem ýmist var tyrft yfir eða ekki.



Mynd 6. Myndin sýnir skiptingu húsa eftir tegund framhliðar.




Mynd 7. Skipting byggingarefna í útveggjum eftir efni.

Hlaðnir veggir

Öll húsin eru að einhverju leyti hlaðin úr torfi, torfi- og grjóti eða grjóti, nema í Djúpadal þar sem ekkert er eftir af torfveggjum. Algengasta útfærslan á vegg er með grjóti í streng neðst en torfi í efri hluta veggjar og á það bæði við um bæjar- og útihús. Undantekningar eru gangnamannakofarnir sem eru allir hlaðnir úr grjóti í streng að utan en með torfi efst í innveggjum auk kofans í réttinni í Ábæ sem er að öllu leyti úr grjóti í streng. Torfveggir í bæjarhúsum á Völlum eru eingöngu úr torfi (að minnsta kosti þeir veggir sem sjást) en í öðrum húsum var að minnsta kosti ein röð af grjóti neðst. Í fjárhúsum í Ábæ er hluti veggja eingöngu úr grjóti og veggir fjárhúsa á Þorsteinsstaðakoti eru hugsanlega eingöngu úr grjóti.


Torfið var skráð eftir tegundum, s.s. klömbruhnaus, strengur, hnaus (kvíahnaus) (mynd 8). Í einhverjum tilfellum var ekki hægt að greina torfið til tegunda þar sem veggir voru grónir, torfið rofið/myldað eða ekki hægt að komast að veggjum af einhverjum orsökum. Oftast eru fleiri en ein tegund af torfi í húsum, og er það gjarnan vegna uppgildinga (viðgerða) eða t.d. þegar veggir eru hækkaðir. Klömbruhnaus með eða án strengjar var langalgengasta hleðslugerðin í húsum og síðan strengur og hnaus (mynd 8).



Mynd 8. Stöðlaritið sýnir fjölda torfhleðslugerða eftir tegund.


Grind og þök

Einföldum þökum má skipta í ásaþök og sperruþök (Guðmundur Hannesson, 1943). Auk ása- og sperruþaka voru nokkur útihúsanna með blöndu af sperrum og ásum. Þakið er þá bæði með sperrum og ás (einum eða tveimur), oftast með stoðum og ýmist langböndum eða árefti á sperrum. Þessa blönduðu þakgerð var einungis að finna í húsum sem hafði verið breytt frá upprunalegri gerð, oft um eða eftir miðja 20. öld. Eins og sjá má á mynd 9 voru ásaþök (19) heldur algengari en sperruþök (15) og sex hús voru með blandaðri þakgerð (í þeim tilvikum þegar um húsasamstæðu er að ræða eru gjarnan bæði ása og sperruþök, t.d. í Tyrfingsstaðabænum).




Mynd 9. Skipting húsa eftir mismunandi þakgerð.

Ásapök (79%) voru algengari en sperrupök (60%) í útihúsum en öll bæjarhús voru með sperrupökum og flest með bæði sperru- og ásapök. Frambæirnir voru í öllum tilvikum með sperrupök. Af 35 húsum voru 20 með torfþaki, sjö með bárujárnsþaki, sjö hús voru með bæði bárujárni og torfi, þak reykkofans á Stóru-Ökrum er klætt með yleiningum.



Mynd 10. Skipting húsa eftir þakefni.

Um afdrif torfhúsa



Mynd 11. Myndin sýnir afdrif torfhúsa sem Sigríður Sigurðardóttir skráði á tímabilinu 1989-2021.

Árið 2018 gaf Sigríður Sigurðardóttir þáverandi safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga út skýrsluna *Gamlar torf- og grjót-hleðslur í Skagafirði 1987-2017. Vettvangs- og heimildakannanir*. Í þessari skýrslu má m.a. finna ljósmyndir og lýsingar á 37 torfhúsum (eða hluta torfhúsa) (hús

á Tyrfingsstöðum eru ekki með í þessari tölu) sem voru uppistandandi á árunum 1987-2001, í Seylu-, Akra- og Lýtingsstaðahreppi. Á mynd 11 má sjá að aðeins þriðjungur þessara húsa er enn standandi en rúmlega 60% þeirra eru horfin eða orðin að tóftum. Margvíslegar ástæður eru fyrir hvarfi þessara

bygginga. Sum húsin hafa einfaldlega fallið og eru orðin að tóftum en önnur hafa t.d. verið verði rifin, þau brennd (Hrólfssstaðir) eða brunnið af öðrum orsökum. Auk þeirra húsa sem Sigríður fjallar um í sinni skýrslu eru síðan 2009 og 2010, fallin fjárhús á Nautabúi í Lýtingsstaðahreppi og bær/fjós í Tungukoti í Akrahreppi. Bæði þessi hús voru uppistandandi þegar fornleifaskráning var gerð fyrir jarðirnar (Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, 2009; Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2011). Landeigendur þriggja jarða gátu þess sérstaklega að undanfarnir 2-3 vetur hafi verið afdrifaríkir fyrir þeirra hús. Þá hrundi búið í Djúpadal, fjósið á Syðstu-Grund snaraðist til vesturs og fjárhúsin á Ytra-Vatni fóru mjög illa (sjá frekari upplýsingar í umfjöllun um hvert hús fyrir sig aftur í skýrslunni).

Varðveislumat

Af þeim 35 húsum sem eru til umfjöllunar hér eru að líkindum öll nema tvö til þrjú aldursfriðuð, þ.e. 100 ára eða eldri. Hús sem ekki eru aldursfriðuð er beitarhús á Giljum sem reist var 1966 og smiðjan í Merkigarði sem reist er reist um eða eftir 1923. Smiðjan er þó umsagnarskyld skv. lögum og friðuð þegar hún nær 100 ára aldri. Óvíst er um aldur kofans í réttinni í Ábæ og hesthúss á Tyrfingsstöðum en líklegt er að síðara húsið hafi náð 100 ára aldri og það er skráð þannig hér. Kofinn á Ábæ er ekki á túnakorti og gæti því verið yngri en 100 ára og því er aldur hans skráður sem óviss. Hesthúsið á Giljum sem reist var eftir 1970 er byggt á tóftum hlóðældhússins (þó í gjörbreyttri mynd) og er því líklegt að einhverjir hlutar torfveggjanna séu eldri en 100 ára og því friðaðir.

Samkvæmt leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands (2019, bls. 33) skal varðveislugildi húsa metið út frá fimm þáttum; *listrænu gildi, menningarsögulegu gildi, umhverfisgildi, upprunalegu gildi og tæknilegu ástandi* og er gildi þeirra metið hátt, miðlungs eða lágt. Alla jafna skal ganga út frá því að hús hafi miðlungs varðveislugildi. Sé gildið hinsvegar metið hátt eða lágt skal rökstyðja hvað liggur að baki því mati.

Þar sem þessi skýrsla er aðeins hluti af skráningarverkefni sem nær yfir allan Skagafjörð var ákveðið að vinna varðveislumat fyrir húsin þegar að búið væri að skrá öll húsin. Varðveislumat fyrir húsin sem hér eru skráð verður því birt í lokaskýrslu þessa verkefnis sem kemur út á fyrri hluta 2023.

Að lokum

Torf ásamt grjóti og timbri var aðal byggingarefni Íslendinga frá landnámi og fram á 20. öld en með tilkomu nýrra byggingarefna hvarf það fljótt úr notkun. Einangrandi eiginleikar torfsins veittu skjól fyrir veðri og vindum í harðbýlu landi. Torf var notað sem byggingarefni víðar í Evrópu en hvergi eins lengi og hér. Torf er lítið notað sem byggingarefni í dag og varðveitist handverksþekkingin einkum í gegnum viðgerðir á torfhúsum, t.d. þeim sem varðveitt eru í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Þessi þekking

sem áður lærðist frá manni til manns er á undanhaldi. Ef hún hverfur alfarið, eins og gerst hefur víðast hvar í öðrum löndum, þá hverfur um leið getan til þess að viðhalda þeim húsum sem til eru. Torfhúsin og tilheyrandi handverksþekking er mikilvægur hluti af menningararfi Íslendinga og til mikils unnið ef hægt væri að varðveita þau og þá ekki síður handverkið.

Markmiðið með þessu verkefni var að taka saman yfirlit og skrá uppistandandi torfhús í fyrrum Lýtingsstaða-, Seylu- og Akrahreppi. Yfirlit eins og þetta yfir torfhús er ekki til og því er óljóst hversu mörg hús eru raunverulega enn til, hvernar gerðar þau eru og hvert ástand þeirra er, að frátöldum þeim húsum sem tilheyra húsasafni Þjóðminjasafnsins eða öðrum söfnum. Almennt má gera ráð fyrir að torfhúsin fái lítið eða ekkert viðhald en á því eru auðvitað undantekningar, t.d. þar sem hús eru enn í notkun og á einstaka stað eru landeigendur að gera við hús, eins og t.d. á Hjarðarhaga á Jökuldal. Ef þróun á ástandi torfhúsa verður svipuð í Skagafirði og hún var síðustu 30 ár má, að óbreyttu, gera ráð fyrir að eftir 30 ár verði um tugur húsa uppistandandi af þeim 35 sem standa í dag. Gera má ráð fyrir því að húsum fækki enn hraðar vegna aldurs og vegna þess að þau eru yfirleitt ekki í notkun. Í samtölum við bændur kom fram að veðurfar undanfarna vetur hefði ekki verið hagstætt fyrir torfhús, bæði mikil úrkoma, frostleysi og vindur, og fóru mörg hús illa eða féllu endanlega (a.m.k. fimm). Loftslagsbreytingar, s.s. tíðari stormar og aukin úrkoma, eru líkleg til að hafa neikvæð áhrif á torfhúsin og flýta fyrir hrörnun þeirra. Fyrir flestum húsanna liggur að falla og verða að tóftum. Einhver munu hverfa af öðrum orsökum, s.s. verða fjarlægð ef þau skapa hættu fyrir börn og skepnur eða vegna framkvæmda. Spurning er hvort ekki sé þörf á að vernda einhver þessara húsa? Það er ljóst að ekki er hægt að viðhalda þeim öllum og kannski ekki ástæða til en það má velta því fyrir sér hvort ástæða sé til varðveislu einhverra, t.d. húsa sem eru fágæt eða sérstök/einstök á einhvern hátt? Í húsasafni Þjóðminjasafnsins eru varðveitt 20 torfhús. Meirihluti þeirra eru torfbæir, samsettir úr mörgum húsum, bæjarhlutar eða kirkjur. Minna er varðveitt af búpeningshúsum eða öðrum útihúsum og kannski ástæða til að leggja áherslu á að varðveita þá tegund húsa? Allir bæir/bæjarhlutar í húsasafninu eru burstabæir utan eitt stakt framhús.¹ Unnið er að viðgerðum á bænum á Grænavatni á Mývatni sem skartar veglegu framhúsi og mun þá bætast í þann flokk.

Í samtölum við húseigendur nefndu fjölmargir að þeir hefðu áhuga á því að gert yrði við húsin og þeim veitt framhaldslíf en hár kostnaður við viðgerðir var gjarnan sögð ástæða þess að ekkert hafði verið gert í því, styrkir jafnan lágir og kunnnáttuleysi til þess að viðhalda húsum á eigin spýtur. Í einhverjum tilfellum væri hægt að koma til móts við húseigendur með styrkjum og jafnvel koma að viðgerðum á húsinu með námskeiðshaldi (eins og gert hefur verið á Tyrfingsstöðum). Þá mætti leggja

¹ Almennt var talað um húsin í bænum og hvert hús hafði sitt hlutverk. Talað var um bakhúsin, sem voru aftast í húsabyrpingunni frá hlaði séð (semsagt bakatil) og framhúsin, sem stóðu við hlaðið. Þegar farið var að reisa hús sem sneri langhlið að hlaðinu og sú hlið klædd timburpili með gluggum á var talað um það sem framhúsið. Þar af kom nafnið.

upp með að þeir (eigendurnir) sækja námskeið og verði þannig bærir til þess að sinna viðgerðum og viðhaldi á húsum. Þetta myndi efla þekkingu á handverkshefðinni og ýta undir að hún verði að einhverju leyti sjálfbær. Ekki er síður mikilvægt að safna upplýsingum um torfhús og skrá þau, mynda og jafnvel teikna upp, á meðan þau eru enn uppistandandi og varðveita þannig upplýsingar um dýrmætan menningararf. Sigríður Sigurðardóttir lektor og fyrrum safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga hefur stundað rannsóknir á torfi um langt árabil og einnig hefur Hjörleifur Stefánsson lagt sitt af mörkum með útgáfu bókarinnar *Af jörðu* sem er yfirlit yfir úrval torfhúsa (hleðslur og tóftir). Bók Hjörleifs og smárit Sigríðar eru einu rituðu heimildirnar um torf og torfhús sem nálgast má á erlendum tungumálum (ensku, þýsku og frönsku). Það er því full ástæða til að leggja áherslu á og hvetja til frekari rannsókna á torfi og torfhúsaarfinum, af nógu er að taka og til mikils að vinna.

Húsaskráning

AKRAHREPPUR

Syðri-Brekkur



Mynd 12. Fjárhúsin á Syðri-Brekkum í september 2021.

Saga

Um 130m austur af íbúðarhúsinu á Syðri-Brekkum eru tvö sambyggð torffjárhús og ofan (austan) þeirra torfhlaða (þak og grind fallin) (mynd 12). Í Byggðasögu Skagafjarðar (IV, 77) segir að syðri húsin, sem tóku um 100 kindur hafi verið byggð

um eða fyrir 1920. Þau voru úr torfi og grjóti en síðar var sett á þau járnþak og timburstafn. Nyrðri

húsin tóku 20-30 kindur en ekki er getið um hvenær þau voru byggð. Á túnakorti frá 1917 eru merkt þarna hús en óvíst er hvort um bæði húsin sé að ræða eða bara annað þeirra (mynd 13). Annað þessara er húsa er skráð í Fasteignamati og sagt 75m² að stærð. Óvíst er um hvort húsið er að ræða en byggingarár er ranglega skráð 1930 (Fasteignaskrá Þjóðskrár). Til er fasteignamat fyrir Akrahrepp frá 1929-30 og er líklegast að byggingarár í Fasteignaskrá sé þaðan komið. Aðrar ritaðar heimildir fundust ekki um þessi hús.

Lýsing

Framan við nyrðri húsin er gerði eða rétt úr timbri. Framþil er klætt bárujárn og á því tvennar dyr og gluggi með opnanlegu fagi, upp undir mæni. Norður útveggur er gróinn en sér í grjót í streng neðst í vegg, en hleðslan ofan við sést ekki. Vesturendi veggjarins (kampurinn) er allur úr grjóti í streng. Inni í húsunum



Mynd 13. Túnakort Syðri-Brekkna 1917, eftir K. Kristjánsson, lagt yfir loftmynd. Fjárhúsin, merkt með hvítum hring, voru efst í túni. Önnur hús eru horfin nema lítill hluti fjóshlöðunnar.

eru veggir hlaðnir úr grjóti í streng neðst, en ofan við er klömbruhleðsla með streng. Í millivegg milli fjárhúsa og hlöðu eru sjö raðir af frekar stóru grjóti í streng og nær sú hleðsla upp fyrir miðjar dyr, sem liggja yfir í hlöðuna. Ofan við grjóthleðsluna eru nokkur lög af streng en síðan klömbruhnaus með streng á milli. Hlöðudyr eru bogahlaðnar (samhlaðnar) úr hnausum (myndir 14 og 15). Suðurveggur er frekar



Mynd 14. Innst í nyrðri kró, nyrðri fjárhúsanna á Syðri-Brekkum. Húsin eru þríasa eins og sést á hægri mynd. Vaglar eru lagðir á milli hliðarása og kubbar (dvergar) ofan á þeim undir mæniásinn. Stoðir undir hliðarásnum standa á garðanum en stoðir undir syllum á gólfi. Til hægri er garðinn og við enda hans bogahlaðnar (samhlaðnar) dyr yfir í hlöðutóft. Fremur stórt grjót er í fjárhúsveggjum.

illa farinn og erfitt að greina torf til tegunda auk þess sem grjótið er gengið til í veggnum. Eins er þekjan að hluta rofin að sunnanverðu. Í norðurvegg eru fimm raðir af grjóti í streng og ofar eru tvær raðir af klömbruhnaus, einnig með streng á milli. Grjóthlaðinn garði er fyrir miðju húsi og innangengt af honum í hlöðu. Þrjár raðir eru af grjóti sem er lagt í streng. Þakið er ásapak með þremur ásum. Vaglar eru lagðir á milli hliðarásanna og kubbar (dvergar) ofan á þeim undir mæniásnum. Stoðirnar undir mæniásnum eru fimm hvoru megin og standa þær á garðanum. Garðaböndin eru negld á stoðirnar. Af ásum liggja raftar út á syllu. Syllurnar eru úr tveimur borðum og undir þeim stoðir sem standa á gólfi. Áreftið er ekki mjög þétt en plast yfir því, a.m.k. á köflum, og síðan bárujárn sem tyrft er yfir. Trégólf er í báðum króm.



Mynd 15. Horft inn syðri fjárhúsin á Syðri-Brekkum. Þarna sjást vel sperrur í þakinu, stoðirnar og garðar til beggja handa. Á hægri myndinni sést í austurgaflinn. Á honum eru tvennar tóftardyr. Hann er vel hár og hlaðinn að mestu úr klömbruhnaus með streng á milli. Lengst til hægri má sjá tvær raðir af klömbrum sem snúa til sömu áttar.

Framhlið syðri húsanna er öll úr timbri. Fernar dyr eru á húsunum og tveir gluggar, báðir tvískiptir. Í neðsta hluta milliveggjar milli hlöðu og fjárhúsa eru 6-7 raðir af grjóti í streng og þar ofan við er klömbruhnaus með streng, hæst átta raðir. Hnaus er í hlöðudyrum sem eru bogahlaðnar (samhlaðnar). Torf í útveggjum er að miklu leyti horfið og eiga veður og vindar greiðan aðgang. Eins er torfið horfið á milli milliveggjar og þakenda. Í neðri hluta suðurveggjar eru fimm raðir af grjóti í streng sjáanleg en þar ofan við klömbruhnaus með streng. Nyrsta króin er full af olútunnum og öðru dóti og torf- og grjóthleðslur sáust ekki. Tveir grjóthlaðnir garðar með steyptri plötu eru í húsunum og ein stór kró á milli þeirra. Þakið er blanda af sperru- og ásapaki. Stoðir eru undir ás og fremur lágar stoðir eru undir syllum, við útveggi. Langbönd eru á sperrum og svartur pappi yfir þeim og síðan bárujárnsklæðning. Útveggir eru illa farnir en grind og þak í þokkalegu ásigkomulagi.

Bjarnastaðir



Mynd 16. Á efri mynd sést stafn fjárhúsanna á Bjarnastöðum (til austurs) og grjóthlaðinn veggur sem tilheyrir tóftum miðhúsanna. Á neðri mynd sést norðurhlið fjárhúsanna. Járn er á þaki og að hluta yfir norðurútvegg.



Mynd 17. Túnakort Bjarnastaða 1919, teiknað af Guðmundi Sveinssyni, lagt yfir loftmynd. Fjárhúsin, merkt með

Saga

Aðalfjárhúsin á Bjarnastöðum (mynd 17) voru um 80m suðaustur (suður og upp) af núverandi íbúðarhúsi. Þetta voru þrenn samstæð hús en aðeins nyrsta húsið stendur enn. Það var samkvæmt Byggðasögu, síðast notað sem hesthús (Byggðasaga Skagafjarðar IV, 2007, 138). Um aldur húsanna er ekkert annað vitað en að þau eru merkt á túnakorti frá 1919 og því upphaflega verið byggð fyrir það (mynd 16).

Lýsing

Sunnan við húsið eru tóftir beggja syðri húsanna og austan við alla samstæðuna er stór hlöðutóft. Norðurhlið hússins er að hluta bárujárnsklædd og ekki hægt að greina tegund torfs í vegghleðslunni.

Framhliðin er með liggjandi borða-klæðningu og tveimur dyrum. Gluggi var á framhlið en glerið er horfið. Þakið er blanda sperru- og ásapaks, óeinangrað en

klætt bárujárni (mynd 18). Sperrur liggja út á syllur. Stoðir eru undir syllum og eru nokkrar þeirra horfnar. Grjóthlaðinn garði, með einu garðabandi og steyptri plötu og fjárbaði, er fyrir miðju húsi. Stoðir eru á garðanum og halda uppi tveimur ásum sem liggja uppundir þaksperrunum. Langveggir eru grjóthlaðnir í streng (6-7 raðir) og frekar illa farnir. Hugsanlega hefur verið torf ofan á grjóthleðslunni en það er þá horfið. Austurveggur er hlaðinn úr grjóti í streng í nyrðri krónni og hnausar (kvíahnaus) þar ofan á en í syðri krónni er veggur hrinninn inn og ekki

hægt að fullyrða neitt um gerð hans. Í nyrðri krónni er

gólfíð steinlagt (flórað) og þrep innan við dyrnar. Óvíst er hvort syðri króin hafi líka verið flóruð þar sem ekki sést í gólfíð.



Mynd 18. Myndin til vinstri er tekin inn nyrðri króna í fjárhúsunum á Bjarnastöðum. Til vinstri á mynd er veggur úr grjóti í streng. Líklegt verður að teljast að torf hafi verið ofan á grjóthleðslunni eins og er innst í krónni. Grjóthlaðinn garði er til hægri og á honum standa stoðir. Gólfíð er flórað. Á hægri myndinni er horft yfir garðann og sér í stoðir útundir vegg í syðri krónni og timburpilið. Blandað sperru- og ásaþak er í húsunum, bárujárnsklætt.

Syðsta-Grund



Mynd 19. Fjósið á Syðstu-Grund. Myndin til vinstri er tekin árið 1998 af Sigríði Sigurðardóttir en myndin til hægri haustið 2021. Á hægri myndinni er búið að rífa litla fjárhúskofann sem var norðan við fjósið.

Saga

Í gamla túninu á Syðstu-Grund, um 200m suðaustur af íbúðarhúsinu, stendur gamalt torffjós. Upphaflega voru þetta tvo sambyggð hús, fjósið og fjárhúskofi norðan við (mynd 19). Þegar Sæmundur Sigurbjörnsson flutti að Syðstu-Grund hafði hann fé í nyrðri kofanum, þar til hann var rifinn, en hesta í fjósinu. Húsin voru í notkun fram yfir 1980. Aldur húss er óviss en það er á túnakorti frá 1919 (mynd 20).



Mynd 20. Túnakort Guðmundar Sveinssonar af Syðstu-Grund, 1919, lagt yfir loftmynd. Fjósið, merkt með hvítum hring, stóð norðan við bæinn og norðan við miðju túnsins. Búið er að rífa önnur hús og slétta yfir.

Lýsing

Útveggir eru út torfi og grjóti en timburpil að framan. Neðri hluti norður-útveggjar er hlaðinn úr grjóti í streng og eru 3-4 raðir sjáanlegar. Þar ofan við er torfhleðsla úr streng. Staur er hengdur utan á vegginn til þess að hefta ágang búfjár. Torf er það illa farið í austur- og suðurvegg að það verður ekki greint til tegunda. Þakið er gisið til

austurs og suðurs. Húsinu hallar (er snarað) til vesturs og samkvæmt Kolbrúnu Sæmundsdóttur gerðist það veturna 2018/19 og 19/20 (Munnleg heimild, 26.08.2021). Þakið er blanda af sperru- og ásapaki, með mæniás (samsettur úr blönduðu efni) og liggja sperrur af ásnum og út á syllur. Átta stoðir halda ásnum uppi og sömuleiðis eru átta stoðir undir syllum, við langveggi. Þétt árefti er á sperrum og torf

þar ofan á. Norður- og austurveggir eru klæddir að innan, upp undir syllu og var það gert í tíð Sæmundar Sigurbjörnssonar (Munnleg heimild: Kolbrún Sæmundsdóttir, 26.08.2021) (mynd 21). Norðurveggur er timburklæddur en austurveggur er klæddur með timbri, bárujárni og steinblikki. Klömbruhnaus virðist neðst í suðurvegg og strengur á milli en ofar eru ferkantaðri hnausar (kvíahnaus). Jata úr timbri er við suðurvegg en smá gangur er á milli jötu og veggjar sem var notaður til að gefa á jötuna. Á gólfi eru gúmmí mottur sem voru hafðar undir hestunum, gerðar úr gömlum dekkjum. Steyptur flór var í gólfinu en fyllt var upp í hann þegar hlutverk hússins breyttist. Heytóft var austan við húsin en hún er horfin.



Mynd 21. Efst til vinstri má sjá frambilið og norðurvegg gamla fjóssins. Staur hefur verið hengdur meðfram veggnum til að verja hann fyrir skepnum. Efst til hægri er horft á suðaustur horn hússins. Austurgafi, suðurveggur og suðurhlið hússins eru orðin ansi illa farin. Á neðri mynd til vinstri er horft undir jötuna á torfvegg sem hlaðinn er úr klömbruhnaus án strengjar. Neðst á mynd sést í gúmmímottur sem búnar eru til úr gömlum dekkjum og voru hafðar undir hestunum. Neðst til hægri er svo horft inn húsin úr dyrunum. Veggur hefur verið klæddur að innan með timbri.


Djúpidalur



Mynd 22. Torfbærinn í Djúpadal um 1930. Fyrir miðju eru bæjardyrnar, stofan til vinstri og skáli til hægri. Baðstofan sést á bakvið og snýr þvert á fremri húsin. Hægra megin bæjardýra stendur Jón Eiríksson bóndi í Djúpadal en gestur hans Jónas Ólafsson, vinstra megin. Á milli þeirra er tókin Skoppa (Byggðasaga Skagafjarðar IV, 2007, 206, birt með leyfi).

Saga

Í Djúpadal er enn uppistandandi gamla eldhúsið, sem tilheyrði gamla bænum, en er nú áfast íbúðarhúsinu. Austan við eldhúsið var baðstofan sem var uppistandandi þar til fyrir tveimur árum. Ekki fundust úttektir á bænum í Djúpadal önnur en virðing Brunabótafélags Íslands frá 1934 og um aldur



Mynd 23. Uppdráttur af gamla bænum í Djúpadal sem fylgir Brunavirðingu frá 1934. Á þessum uppdrætti sést að maskínuhúsið hefur ekki náð jafn langt til suðurs og baðstofan auk þess sem að stærð passar ekki við núverandi stærð húss og því er líklegast að það hafi verið lengt til suðurs (IS HSk N00120-14).


torfbæjarins er því fátt vitað en eldhúsið í þeirri mynd sem það er nú er frá árunum í kringum 1940. Með Brunavirðingunni fylgdi uppdráttur af bænum (mynd 23). Þá voru bæjarhús úr torfi og grjóti en timburpil til vesturs, fram á bæjarhlaðið (mynd 22), og á suðurgafli baðstofu (IS HSk N00120-14). Bærinn samanstóð af eftirfarandi húsum; geymslu-skála, bæjardýrum, stofu, búrhúsi, eldhúsi, maskínuhúsi, bað-

stofu, skemmu, hesthúsi og göngum. Geymsluloft var yfir stofunni og samkvæmt lýsingu Hannesar

Magnússonar hér að neðan mun hafa verið loft yfir baðstofunni sem ekki er um getið í Brunavirðingunni. Öll húsin voru með sperrupaki nema hesthúsið sem var þríása. Torf var á þökum (IS HSk N00120-14, 11; Hannes Magnússon, 1953).

Í bókinni Hetjur hversdagslífsins frá 1953 (bls. 51-52) er eftirfarandi lýsing á Djúpadalsbænum eftir Hannes Magnússon:

„Fram á síðustu ár hefur staðið gamall og stór bær í Djúpadal. Hann er nú að mestu rifinn. En þannig var þar húsum háttað, að fremst voru þrjár burstir. Í miðju stórar bæjardyr með lofti, norður af bæjardyrum stofa með lofti, en suður af þeim skáli, sem notaður var til geymslu. Inn úr bæjardyrum lágu bein göng. Nokkru innar við fremstu skellihurð var til vinstri stórt hlóðældhús, en nokkru innar til hægri svonefnt maskínuhús eða „kokkhús“, eins og það var stundum kallað. Þar var eldavélin. Inn af þessu húsi var allstórt búr, og þar inn af innra búr, þar var geymt slátur og skyr. [...] Næst var komið inn í baðstofuna, beint inn úr göngunum. Stærst var miðbaðstofan, þiljuð í hólfi og gólf, þar svaf vinnufólk og húsfólk. Suður af henni var svo suðurhúsið, þar bjó Valdimar bóndi meðan hann lifði og Stefán elzti sonur Eiríks, en norður af miðbaðstofunni var svo norðurhúsið. Það var hjónahús og þar voru einnig börn þeirra hjóna. Loft var í baðstofunni, en ekki varð það notað til neins. [...] Á hlaðinu norðan við bæinn stóð svo skemma, og enn utar var smiðja.“



Mynd 24. Uppdráttur af íbúðarhúsinu og því sem eftir stóð af gamla bænum frá 1945 (IS HSk N00120-14-13).

Árið 1942 var nýtt íbúðahús reist í Djúpadal og var þá gamli bærinn rifinn, nema maskínuhúsið og baðstofan sem var í notkun fram á 6. áratug síðustu aldar eða þar til þak hennar gaf sig. Þá var norðurhúsið og miðhúsið rífið en syðsti hlutinn stóð áfram. Þegar nýja húsið var byggt voru breytingar gerðar á maskínuhúsinu og því breytt í eldhús (Munnleg heimild: Sigurður Hansen 16.12.2021). Nýrri hluti hússins er steinsteyptur og var hann byggður í sama stíl og torfbæinn hafði verið. Þ.e. göng eru inn eftir húsinu frá útidyrum að gömlu baðstofunni og herbergin sitthvoru megin þeirra eins og sést á mynd 24.

Í Brunavirðingu frá 1945 segir að eldhúsið sé byggt úr timbri með torfpaki. Alþiljað með steypu gólfi. Loft yfir, skipt í tvö geymsluherbergi (IS HSk NN120-14-13). Eftir breytingarnar náðu útveggir baðstofu og eldhúss jafn langt til suðurs en áður hafði búið náð lengra til suðurs en baðstofan (mynd 24). Dyr voru gerðar á milli eldhúss og baðstofu. Þegar timburpil eldhússins

var farið að bila, var það klætt með asbestplötum. Yfir maskínuhúsinu var loft með tveimur alþiljuðum herbergjum (mynd 27). Timbrið í loftið var fengið úr baðstofunni í Torfmýri sem hafði verið rifin nokkrum árum áður. Maskínuhúsið varð að eldhúsi en suðurhús baðstofunnar var notað fyrir búr. Áður en mið- og norðurhús baðstofunnar voru rifin var hluti miðbaðstofunnar einnig notaður sem búr en norðurhúsinu var breytt í hlóðaeldhús. Þar voru steyptar hlóðir og í húsinu var reykt hangikjöt og soðið slátur. Í eldhúsinu var eldavél og steypdur skorsteinn og búið að leiða þangað bæði vatn rafmagn. Hluti gólfsins er steypdur en hluti þiljaður. Eldhúsið var í notkun eitthvað fram yfir 1950 en þá var gert eldhús í einu herbergjanna í nýja húsinu (Munnleg heimild: Sigurður Hansen 16.12.2021). Innangengt var úr íbúðarhúsinu í maskínuhúsið eða eldhúsið sem er í dag notað sem geymsla. Suðurveggur baðstofunnar hrundi veturinn 2019/20 og þekjan vorið 2020 þegar frost fór úr veggjum (Munnleg heimild: Eiríkur Skarphéðinsson, 27.08.2021).



Mynd 25. Á vinstri mynd má sjá stafn eldhússins, sem er með standandi timburþili og klæddur með asbestplötum. Á myndinni til hægri er suðurstafn baðstofunnar sem féll veturinn 2019/20. Hann var líka með timburþili og sést að húsið hefur verið grænmálað að innan.

Lýsing

Timburþil voru á báðum húsum mót suðri og var eldhúsið síðar klætt með asbestplötum. Húsin voru bæði klædd með standandi þili og var a.m.k. einn gluggi á baðstofu þilinu en tveir á eldhúsinu. Baðstofuþilið er fallið til suðurs. Baðstofan var þiljuð með standandi grænmáluðum panil (mynd 25). Ekkert er eftir af torfveggjum en það mun aldrei hafa verið torf á suðurstafni eldhússins. Á milli íbúðarhússins og gamla bæjarhlutans er forskalaður veggur. Innangengt er úr íbúðarhúsinu í eldhúsið og þaðan var gengt yfir í baðstofu sem nú er hrunin. Þegar komið er inn í eldhúsið eru tröppur upp á

loftið, hægra megin við dyrnar. Plata er yfir uppgöngunni. Bæði eldhúsið og loftið eru notuð sem geymsla. Eldhúsið er alþiljað og hefur einhvern tímann verið grænmálað (mynd 27). Hluti gólfs er steiptur en hluti úr timbri og er timburgólfíð að hluta brotið. Þrír bitar eru í loftinu í eldhúsinu og liggja austur-vestur. Uppi á lofti eru tvö herbergi (mynd 26), alþiljuð, með þiljum úr gamla bænum í Torfmýri, eins og komið hefur fram. Breiðari þiljur eru í syðra herberginu. Í syðra herbergi er gluggi með tveimur rúðum en í nyrðra herberginu gluggi með fjórum rúðum.



Mynd 26. Herbergin uppi á lofti eru bæði alþiljuð og á þeim eru gluggar sem vísa til norðurs og suðurs. Gólfíð er illa farið og því ekki óhætt að ganga um loftið. Þarna var sofið í báðum herbergjum samkvæmt heimildamanni (Munnleg heimild: Sigurður Hansen, 16.12.2021).



Mynd 27. Á vinstri mynd er horft á austurvegg í eldhúsi og sjást hillur á vegg og til hægri við þær eru dyrnar yfir í baðstofuna. Þrír bitar eru í loftinu. Lengst til hægri sést í steiptan strompinn. Á hægri mynd er vesturveggur og á honum önnur hilla hvítmáluð. Í neðri hillunni sést að þilið hefur á einhverjum tíma verið grænmálað.

Stóru-Akrar - Hringshús



Mynd 28. Til vinstri eru Hringshúsin árið 2007 en myndin til hægri er tekin 2021. Búið er að skipta út bárujárnsklæðningu fyrir yl-einingar.

Saga

Hringshús er reykkofi sem stendur á gamla bæjarstæði býlisins Hrings, byggt upp úr tóftum gamalla torfhesthúsa (mynd 28). Óvíst er hvenær húsið var upphaflega byggt en það er á túnakorti frá 1919 (mynd 29) og því hefur staðið hús þarna fyrir þann tíma.



Mynd 29. Túnakort Stóru-Akra frá 1919, lagt yfir loftmynd. Teiknað af Guðmundi Sveinssyni. Hesthúsin, merk með hvítum hring, voru í austurjaðri gamla túnsins á Stóru-Ökrum en tilheyra nú Stóru-Ökrum 1.

Húsin tilheyrðu áður Stóru-Ökrum 2 en féll undir Stóru-Akra 1 við breytingar á landamerkjum árið 1985. Fyrir, höfðu húsin verið notuð sem reykkofi en höfðu ekki verið í notkun um nokkurra ára bil þegar landaskipti fóru fram. Einhvern tíma á árunum eftir 1985 gerði Gunnar Sigurðsson bóndi á Stóru-Ökrum við húsin sem þá voru í bágu standi. Hann smíðaði nýja grind og klæddi húsin með

bárujárni sem látið var ná út fyrir torfveggina. Einhvern tímann á árabílinu 2011-14 var aftur gert við húsin en þá voru efri hlutar torfveggjanna farnir að gefa sig. Þeir hlutar sem voru ónýtir voru fjarlægðir og hlaðnir upp að nýju. Austurveggur var þó í lagi og fékk að halda sér og er nú elsti hluti hússins. Nýtt þak var sett á húsin og eru allir viðir í húsinu frá þessum tíma (Munnleg heimild: Gunnar Sigurðsson 06.01.2022).

Lýsing

Húsið er aðeins niðurgrafið. Á framhliðinni er neðsti hluti veggjar hlaðinn úr torfi og grjóti en þar ofan við er húsið klætt með yleinginum með polyúrepan einangrun. Sama tegund klæðningar er á þaki. Ný hurð er fyrir miðju hússins í stað timburhurðar sem var áður hægra megin á frambili. Inni í húsinu eru veggir, hlaðnir úr grjóti neðst, 2-4 raðir með streng á milli og þar ofan við klömbruhleðsla með streng. Þakið er sperrupak með langböndum og eru viðir allir nýlegir. Austurveggur er elsti hluti hússins (mynd 30).



Mynd 30. Á vinstri mynd mætast norðurveggur (vinstri) og austurveggur sem er elsti veggur hússins. Torfhleðslan í norðurvegg eru klömbruhnausar með streng á milli. En austurveggur (hægri mynd) er að mestu leyti grjóthlaðinn í streng en efst er ein röð af klömbruhnaus.

Minni-Akrar



Mynd 31. Fjósið á Minni-Ökrum í ágúst 2021. Til vinstri er braggi sem reistur var á hernámsárunum, en þar var áður fjóshlaða.

Saga


Gamli bærinn á Minni-Ökrum stóð á lágri hæð á suðurbakka bæjarlækjargilsins, skammt ofan elsta íbúðarhússins (mynd 32). Fjósið var sambyggt norðan við bæinn en ekki var innangengt. Norðan fjóssins var fjóshlaðan og náði hún út á gilbrún

(Byggðasaga Skagafjarðar IV, 2007, 226) (mynd

33). Bæjarhúsin eru fallin en fjósið stendur enn, þó orðið nokkuð hrörlegt (mynd 31). Fjósið var notað fram í desember 1989 og var þá, að sögn heimildamanns, síðasta torffjósið sem var í notkun á Íslandi (Munnleg heimild: Vagn Stefánsson, 27.08.2021).



Mynd 32. Túnakort Minni-Akra frá 1919, teiknað af Guðmundi Sveinssyni og lagt yfir nýlega loftmynd. Fjósið (merkt með hvítum hring) var norðan við bæinn en sunnan bæjarlækjar.



Mynd 33. Á vinstri mynd er Fjóla Stefánsdóttir að gefa heimalningi úr pela, í baksýn er fjósið til vinstri og bærinn til hægri. Á hægri mynd eru fjósið og bragginn í baksýn. Þarna sést vel að fjósgaflinn er hlaðinn úr klömbruhnaus sem allur snýr til sömu áttar.

Elsta lýsing á fjósinu á Minni-Ökrum er úr úttekt frá 1894. Þar er húsinu lýst svo:

„Fjós yfir 6 kýr með lausholtum til beggja hliða lögðum á vegg, 4 bitum, 4 sperrum, að öðru leyti langrept á milli sperra með 2 flórstöðum undir norðari miðbita sem töluvert er orðinn boginn yfir stoðunum. Einnig 2 stoðum undir norður stafbita, er sömuleiðis er ögn boginn, 2 stoðir fylgja fjósinu en ólátar undir. Inngangur þver og langreftur. Fyrir fjósinu eru 2 hurðir á járnum við stafi. Veggir góðir, þak gott.“

Fjósinu er eins lýst í úttekt árið 1900 nema hvar önnur hurðin er komin af járnum og þak orðið heldur lélegt (IS HSk N00003-B-E-3). Stutt lýsing er á fjósinu í Brunavirðingu frá 1934 og er fjósið þá gerbreytt frá því sem var árið 1900. Það tók þá fjórar kýr, var með tveimur mæniásam og tíu stoðum, máttarröftum og yfirrefti en ekki sperrum eins og áður (IS HSk N00120-14, 46). Fjósið er ekki á uppdrætti af bænum sem fylgir Brunavirðingunni.

Lýsing

Útveggir fjóssins eru að mestu hlaðnir úr torfi og grjóti en timburpil er til vesturs en þar var áður torfgafl (mynd 33). Áfast fjósinu að norðan er bárujárnsbraggi sem Vagn Stefánsson bóndi á Minni-Ökrum sagði vera frá því um miðja 20. öld. Rafmagn var leitt í fjósið einhvern tíma upp úr 1970 og kom mjaltavél 1973. Rennandi vatn var í fjósinu og var vatn fyllt á stórar tunnur og borið þaðan í kýrnar. Búið er að fjarlægja jöturnar en þær voru að norðanverðu og voru hólf fyrir hverja kú. Þar norðan við var gangur þar sem heyið var fyllt á jöturnar og norðan gangsins var torfveggur (Munnleg heimild: 27.08.2021). Steyptur flór er í húsinu.

Einhvern tíma á árunum 1970-75 var byggt við fjósið og það lengt til austurs (3.75m) (mynd 34). Þá voru 12 básar í eldri hluta hússins en pláss fyrir fjórar kýr í viðbyggingunni. Þegar flest var, voru 18-20 mjólkandi kýr. Það var Valdimar Stefánsson hleðslumaður frá Þverá, sem hlóð vegg viðbyggingarinnar en gólfplatan er steypt. Veggir voru úr klömbruhnaus með streng og hornhnausum. Þessi hluti var síðast notaður fyrir hross og er stallur í húsinu sem ber þess vitni (Munnleg heimild: Vagn

Stefánsson, 27.08.2021). Viðbyggingin er með flötu þaki. Torfveggir hlaðnir úr klömbruhnaus í streng en ekkert grjót er í veggjum.



Mynd 34. Myndin til vinstri er tekin 1975. Lengst til vinstri er fjósið en það sem eftir er gamla bæjarins til hægri. Þarna er komið timburþil á fjósið að framan. Hægri myndin er tekin í ágúst 2021. Lengst til vinstri á timburstafninum sést viðbótin sem gerð var þegar mjólkurtankurinn kom 1977-78.

Þegar mjólkurtankur kom um 1977-78 þá var byggt norðan við fremsta hluta hússins og var þilið þá lengt til norðurs. Áður var mjólkinn kæld í lind sem er í námunda við fjárhúsin (Munnleg heimild: Vagn Stefánsson, 27.08.2021).

Hluti af vesturenda fjóssins er elsti hluti byggingarinnar (mynd 36). Þar er þak með tveimur ásum og vöglum á milli ása. Raftar liggja af ásum út á syllur og á þeim árefti. Torf er á þessum hluta þaksins. Í austurhluta fjóssins er þakið með þremur ásum. Sá hluti þaksins er bárujárnsklæddur en bárujárn af norðurhlið þaksins er horfið. Hluti þaks er einangraður með steinull og plötur hafa verið í a.m.k. hluta loftsins. 13 stoðir eru í húsinu að norðanverðu.



Mynd 35. Á hægri mynd er horft út fjósið og sést vel hversu illa farinn norðurhluti þaksins er. Á hægri mynd er horft inn húsin. Efst á mynd er strompurinn. Til hægri sést að hluti þaksins er einangraður með steinull og hluti klæddur með plötum.

Torfveggir eru almennt illa farnir og á köflum horfnir. Á nokkrum stöðum hafa verið settar bárujárnsplötur til hlífðar, þar sem veggir eru rofnir. Það má sjá ýmsar gerðir torfs í innveggjum. Neðsti hluti veggja í elsta hlutanum eru úr grjóti í streng og eru mest þrjár raðir af grjóti sjáanlegar. Frekar lítið grjót er í veggjum miðað við búpeningshús almennt. Í útvegg sér í hornhnausa við syðstu dyrnar og í klömbruhnaus með streng á milli þar sem sést í hleðslur fyrir gróðri. Samkvæmt Vagni var hlaðið utan með útveggnum að sunnan þar sem hann þótti of mjór þegar búið var að rífa bæinn (Munnleg heimild: 27.08.2021). Í innveggjum sést klömbruhnaus með og án strengjar og einnig eru vegg hlutar einvörðungu úr streng. Á nokkrum stöðum er torf svo rofið að það verður ekki greint til tegunda. Samkvæmt Vagni var torfið á Minni-Ökrum stungið í mýrinni þar sem nú er fjósið á Stóru-Ökrum 2 en einnig voru mýrar ofan bæjar, undir brekkunni (Munnleg heimild: 27.08.2021).



Mynd 36. Á myndinni til vinstri sést suðurhlið fjóssins á Minni-Ökrum. Sá hluti hússins sem er með torfpaki er elsti hluti byggingarinnar. Lengst til hægri er viðbygging frá 7. áratug síðustu aldar, með flötu þaki. Á hægri mynd sést torfveggur úr viðbyggingunni hlaðinn af Valdimari Stefánssyni frá Þverá. Klömbruhnaus með streng á milli og hornhnausar við veggendann.

Sunnuhvoll



Mynd 37. Hesthúsið á Sunnuhvoli var í notkun fram yfir 1960 en eftir það var það notað sem reykhus. Á vinstri mynd sést framan á húsið en á hægri mynd sést í hleðslur réttarinnar sem var sunnan hesthússins.

Saga

Í túnjaðri, rúmlega 120m suður af íbúðarhúsinu á Sunnuhvoli stendur gamalt hesthús úr torfi og grjóti með timburpili (mynd 37). Þetta var hesthús og notað sem slíkt fram yfir 1960 en hefur síðan verið notað sem reykkofi, síðast veturinn 2011 (Munnleg heimild: Sigrún Bjarnadóttir, 28.01.2022). Túnin á Sunnuhvoli, sem áður hét Úlfsstaðakot, voru tvö. Heimatúnið norðan við núverandi heimreið en hitt sunnan hennar og var hesthúsið neðarlega í því síðarnefnda (mynd 38). Ekkert er vitað um aldur hússins annað en að þarna stóð hús þegar túnakortið var gert árið 1919.

Lýsing

Sunnan og austan við húsið eru tóftir og þar sér glitta í grjót í veggjum sem eru að öðru leyti grasi grónir. Sunnan við húsin var smá rétt en ofan við var heytóft (Munnleg heimild: Sigrún Bjarnadóttir, 28.01.2022).

Útveggir eru grasi grónir nema veggendarnir (kamparnir) sem eru grjóthlaðnir og hefur líklega verið strengur á milli. Framhliðin snýr mót vestri og er úr nótuðum lóðréttum borðum (mynd 37). Dyr eru nyrst þilinu og undir því er ein röð af grjóti. Þakið er með einum ás og af honum liggja raftar út á syllu til norðurs. Þakið er styttra sunnan megin og þar lágu raftar beint út á grjóthlaðinn suðurvegginn. Árefti er á röftum og torf þar ofan á. Grjóthlaðinn stallur er við suðurvegg, þrjár raðir af grjóti í streng og eins



Mynd 38. Túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 1919, lagt yfir loftmynd. Túnin voru tvö, norðan og sunnan heimreiðar. Hesthúsið er sunnan heimreiðar, merkt með hvítum hring.



Mynd 39. Á vinstri mynd er horft á norðurvegg gamla hesthússins, sem hlaðinn er úr klömbruhnaus án strengjar. Auka stoð hefur verið bætt þarna inn til að halda við þakið. Til hægri er horft til suðausturhorns hússins og má sjá stallinn neðst en ás og rafta efst á mynd. Veggurinn er þarna hlaðinn úr grjóti í streng. Á báðum myndum sést glögglega hve grindin er orðin sviðin eftir reyking.

er suðurveggurinn þar ofan við hlaðinn úr grjóti í streng (mynd 39). Austurgafi er þiljaður að innan með timbri og bárujárni svo ekki sést í hleðsluna en norðurveggur er hlaðinn úr grjóti í streng (tvær raðir) neðst og klömbruhnaus án strengjar (fimm raðir) þar ofan við. Tvær hornstoðir eru undir syllu við norðurvegg og tvær stoðir undir mæniás og ná þær niður á stallinn.

Bóla



Mynd 40. Fjárhúsin á Bólu. Myndin birtist í Morgunblaðinu 25. ágúst 1966 og er líklega tekin það ár (Morgunblaðið, 192. tobl, 25. ágúst, 1966).



Mynd 41. Túnakort Bólu frá 1919 eftir Guðmund Sveinsson, lagt yfir loftmynd. Fjárhúsin eru merkt með hvítum hring. Á kortinu er bærin merktum með svörtum ferhyrningi en útihús með stjörnu.

Saga

Fjárhúsin á Bólu voru ofarlega í túni (mynd 41). Þau voru þrjú, sambyggð og lágu frá norðvestri til suðausturs. Húsin voru hlaðin úr torfi og grjóti og snéru framhlið til suðvesturs (mynd 40). Aftan við þau var heytóft. Núverandi hús er gerbreytt frá því sem áður var. Samkvæmt heimildamanni var þeim breytt einhvern tíma upp úr 1971 og voru þau í notkun þar til jörðin fór í eyði 1981 (Munnleg heimild: Reynald Gunnarsson 15.12.2021, Byggðasaga Skagafjarðar IV, 2007, 400). Á mynd 40 má sjá að veggir voru úr grjóti og torfi neðst, þar ofan við virðist vera klömbruhnaus með streng á milli en önnur gerð af hnaus (kvíahnaus) er meðfram dyrum. Torf er á þaki og strompur á nyrstu húsunum. Ekkert er vitað um aldur húsanna annað en að þau eru á túnakorti frá 1919 og því byggð fyrir þann tíma.



Mynd 42. Fjárhúsin á Bólu í desember 2021.

Lýsing

Framhlið fjárhúsanna og þak eru nú klædd bárujárni (mynd 42). Járnið á norðanverðu þakinu er að miklu leyti horfið en er heillegra á sunnanverðu þakinu. Þrennar dyr eru á framhlið og hugsanlega hefur verið gluggi ofarlega á þilinu. Langveggir að norðan og sunnan eru úr torfi og

grjóti. Framendar (kampar) sjást greinilega og eru hlaðnir úr klömbruhnaus með streng á milli annarsvegar og hinsvegar hornhnausum. Neðstu tvær raðirnar eru grjót í streng. Aftan við húsin er hlaða byggð úr bárujárni en hún er síðari tíma viðbót. Blanda af sperru- og ásaþaki er í húsinu. Stoðir eru undir mæniási fyrir miðju og meðfram langveggjum eru syllur og stuttar stoðir þar undir. Sperruendar ná út fyrir stoðirnar. Tveir hlaðnir garðar eru í húsinu en langt er síðan stungið var út og nú sést aðeins efst í garðabönd á nokkrum stöðum. Stoðir hafa verið öðru megin á garðanum (mynd 43). Lítið sést í torf inni í húsinu, m.a. vegna þess að ekki hefur verið stungið út. Að sunnan sést í grjótröð í vegghleðslu en það litla sem sést af torfi inn í húsinu og hægt er að greina til tegunda er í heytóftinni sem hlaðin hefur verið úr klömbruhnaus með streng.



Mynd 43. Á vinstri mynd má sjá vesturenda norðurlangveggjar. Til hægri eru hornhnausar en til vinstri klömbruhnaus. Á myndinni til hægri er horft inn húsin. Þar sjást stoðir undir mæniás en fyrir miðri mynd sjást stoðir sem festar eru á garðann. Járn af norðurenda þaks er að miklu leyti horfið.

Flatatunga - Brekkukot



Mynd 44. Brekkukot. Myndin til vinstri er tekin árið 2009 en þá var húsið enn notað sem reykkofi. Hægri myndin er tekin 2021. Á eldri mynd má sjá torfvegg lengst til hægri sem nú er fallinn. Á yngri mynd má sjá að dyrnar eru farnar að halla aðeins til suðurs.

Saga

Um 115m suður (SSV) af eldra íbúðarhúsinu í Flatatungu er enn uppistandandi hluti af hesthúsi sem nefnt er Brekkukot. Brekkukot var upphaflega allstórt, tvískipt torfhús og austan við það var hlaða (mynd 44). Talið er að húsið sé byggt af Gísla Stefánssyni sem var bóndi í Flatatungu 1821-1828 (Bryndís Zoëga & Guðmundur St. Sigurðarson, 2011; Byggðasaga Skagafjarðar IV, 2007, 473). Nú er aðeins hluti hússins uppistandandi og hlaðan fallin. Hreinsað var með dráttarvél úr fremri (vestari) hluta hússins sem þá var hruninn og miðhlutinn síðan notaður sem reykkofi (Munnleg heimild: Kári Gunnarsson 13.10.2021). Af fremri parti hússins standa aðeins neðstu hlutar norður- og suðurveggja. Húsið er merkt á túnakorti frá 1919 (mynd 45). Húsið hefur fram til þessa verið notað sem reykkofi en er nú að falli komið. Ábúendur hafa hug á að gera upp þann hluta hússins sem nýttur er sem reykkofi.



Mynd 45. Túnakort Flatatungu 1919 eftir Guðmund Sveinsson. Kortið er lagt yfir loftmynd. Hesthúsið var syðst í túni og er merkt með hvítum hring.

Lýsing

Framhliðin snýr mót vestri og er framgaflinn hlaðinn úr streng en suðurveggur, a.m.k. vesturendi hans, er hlaðinn úr hnaus (kvíahnaus). Dyraumbúnaður er úr timbri og er þil úr tunnustöfum frá dyrum og nær út á u.þ.b. hálfan gaflinn. Reft er yfir innganginn. Þak er hálfhrunið ofan í húsið og af þeim sökum þarf að bogra inn í

húsinu. Við norðurvegg er stallur og er hann hlaðinn úr einni röð af nokkuð stóru grjóti. Þak er með einum ás og hefur norðurhluti þess verið styttri en syðri hlutinn. Raftar liggja af ás og út á veggi og liggja raftaendar á smá steinhellum. Þar ofan við er árefti og torf yfir.



Mynd 46. Á vinstri mynd er suðurveggur gamla hesthússins. Ofan við grjóthleðsluna er strenghleðsla og ofar er klömbruhnaus án strengjar sem er að líkindum yngri en strengurinn (uppgilding). Á hægri mynd er austurveggur, hlaðinn úr grjóti í streng, síðan er ein röð af klömbruhnaus og þar ofan við strengur. Veggir í þessum húsum virðast fremur gamlir. Á hægri mynd sjá að torfið er sviðið eftir reykin.

Mjór tréstaupur er notaður til að styðja við hálf hrúnið þakið og er hann seinni tíma viðbót. Ekki hafa verið aðrar stoðir en hornstoðir en ein þeirra er horfin. Innveggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, nema vesturveggur sem eingöngu er hlaðinn úr streng (mynd 46). Annars er grjót í streng neðst í veggjum, 2-5 raðir. Þar ofan við er ýmist klömbruhnaus (án strengjar) eða strengur. Greinilegt er að veggir hafa verið gildaðir upp og virðist neðsta torfið mjög gamalt. Austurveggur stendur ágætlega og suðurveggur er einnig þokkalegur. Vestur og norðurveggir eru snaraðir inn og er vesturveggur í sýnu verra ástandi. Timbur er í bland rekaviður, tunnustafir og borð. Eldstæði er fyrir miðju húsi, afmarkað með málmgjörð.

Tyrfingsstaðir



Mynd 47. Bærinn á Tyrfingsstöðum í september 2021.

Saga

Á Tyrfingsstöðum á Kjálka hefur frá árinu 2007 verið unnið að viðgerðum og endurbyggingum á gamla torfbænum og útihúsum í túni. Öll húsin á Tyrfingsstöðum nema fjósið, gamli bærinn, kofinn fram á hlaði og yngsta hesthúsið voru orðin að tóftum þegar viðgerðir hófust. Við viðgerðir var lagt upp með



Mynd 48. Túnakort Tyrfingsstaða frá 1919 eftir Guðmund Sveinsson, lagt yfir loftmynd. Húsin sem enn standa eru merkt með hvítum hring en Surtlukofi, merktur með bláu, er horfinn en aðeins sést móta fyrir honum í túninu.

að halda í uppruna húsanna eins og fremst var kostur. Í lok árs 2021 var búið að taka í notkun hesthúsið sunnan bæjar, hestaréttina, fjósið, „kofann fram á hlaði“, Hólhúsin og „fjánhúsin út og niður“. Frágangi er ólokið á Pálshúsi, „húsunum suður og niður“, hænsnakofanum (gömlu smiðjunni), fjóshlöðunni og töluverð vinna er eftir inn í gamla bænum. Hér verður gerð grein fyrir þeim húsum sem eru komin undir þak (í töflu 6 er listi yfir hús á Tyrfingsstöðum og viðgerðarár). Öll húsin teljast í góðu

ástandi en komið er að viðhaldi á þökum og norðurvegg í fjánhúsunum „út og niður“.

Viðgerðir hafa einkum verið unnar á námskeiðum hjá Fornverkaskólanum en að auki hefur Byggðasafn Skagfirðinga sótt um styrki til viðgerða, bæði á bæjar- og útihúsum og hefur Húsafriðunarsjóður verið stærsti styrktaraðilinn. Að verkinu hafa komið Helgi Sigurðsson og starfsmenn Fornverks ehf., Bragi Skúlason húsasmíðameistari og Jón Ragnar Daðason bátasmiður, auk fleiri aðila sem hafa sinnt smærri verkefnum.



Mynd 49. Tvær gamlar myndir frá Tyrfingsstöðum. Til vinstri sést í framhús gamla bæjarins. Á hægri mynd sést í kofann fram á hlaði lengst til vinstri en framhúsið til hægri. Úr myndasafni Kristínar F. Jóhannsdóttur.

Gamli bærinn á Tyrfingsstöðum stendur efst í gamla túninu (mynd 48). Áfast honum að norðan er fjósið og að sunnan er lítið hesthús og hestarétt. Þar sunnan við var árið 1960 reist hesthús úr torfi og grjóti, með timburbili fram á hlaðið. Í því var til skamms tíma rekin tamningastöð fyrir hesta. Þar sunnan við, á Smiðjuhóli, stóð smiðjukofi, sem síðast var notaður fyrir hænur. Búið var í bænum á Tyrfingsstöðum til 1969 og voru flest húsin í notkun þangað til, að Pálshúsi og Hólshúsi undanskildum. Bærinn á Tyrfingsstöðum hefur að líkindum staðið á sama stað um aldir og ómögulegt að segja um nákvæman byggingaaldur nema á framhúsinu sem reist var 1904 og baðstofunni sem var reist í núverandi mynd árið 1960. Elsta úttekt á bænum er frá 1878 og eru nokkur hús þá sögð gömul. Viðgerðir á gamla bænum hafa staðið frá árinu 2009 og má segja að meirihluti bæjarins sé nýr, þar sem torfveggir hafa að töluverðu leyti verið endurhlaðnir og nýjar grindur smíðaðar. Við viðgerðirnar var þó leitast við að notast við gamla veggir eða vegghluta væru þeir í nothæfu ástandi og allt nothæft timbur var nýtt. Um aldur útihúsa er lítið vitað nema að þau eru öll merkt á túnakorti frá 1919. Þó er smá óvissa með hesthúsi sem er áfast gamla bænum að sunnan. Þess er ekki getið í elstu úttektum á bænum og það er ekki sér merkt á túnakorti. Búpeningshúsi er þó ekki alltaf getið í úttektum og því hugsanlegt að húsið hafi verið til staðar en hafi ekki verið virt með öðrum bæjarhúsum.

Tafla 6. Listi yfir hús á Tyrfingsstöðum og viðgerðarár.

Hús á Tyrfingsstöðum	Byggingarár	Viðgerðarár
Bærinn		
<i>Framhúsið</i>	1904	2009, 2010
<i>Baðstofan</i>	Breytt í núverandi horf 1960	2012-2013
<i>Göng</i>	Óvíst	2010, 2011
<i>Búr, innra</i>	Óvíst	2010, 2011
<i>Búr, ytra</i>	Óvíst	2011
<i>Hlóðældhúsið</i>	Óvíst	2010
<i>Fjós</i>	Óvíst	2012, 2013
Hesthúsið sunnan við bæ	Óvíst	2008, 2015
Kofinn fram á hlaði	Fyrir 1919	2015
Hlaðan við fjárhúsin „út og niður“	Fyrir 1919	2014
Hólhúsin	Fyrir 1919	2007
Fjárhúsin „út og niður“	Fyrir 1919	2008, 2020, 2021, hurð á
Húsin „suður og niður“	Fyrir 1919	2016, 2019, vantar hurð
Pálshús	Fyrir 1919	2017, vantar hurð og glugga
Smiðjan/hænsnakofinn	Fyrir 1919	2018
Fjóshlaðan	Fyrir 1919	2019, 2021 en ólokið

Torfbærinn og fjósið

Elstu lýsingar á bæjarhúsum á Tyrfingsstöðum eru úttektir úr Akrahreppi frá 1878, 1881 og 1883. Tvíbýli var á Tyrfingsstöðum fram eftir 19. öld og síðan með hléum fram undir miðja 20. öld. Á meðan var tvíbýlit var bænum og fjósi skipt til helminga en göng og bæjardyr voru sameiginleg (Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, Byggðasaga Skagafjarðar IV, 2007, 482).

Bærinn hefur að líkindum staðið á sama stað um aldir og því er nærri ómögulegt að fastsetja eitthvert byggingarár. Í lok 19. aldar tilheyrðu bænum eftirfarandi hús; baðstofa með fjórum gluggum, göng frá baðstofugöngum til eldhúsgangna, göng frá eldhúsgöngum til bæjardyra, bæjardyr frá göngum til útidyra, eldhús, tvenn búrhús, tveir skálar sem voru sitthvoru megin við bæjardyrnar og áfast fjós fyrir 6 kýr auk kálfs (IS HSk N00003-B-E-1; IS HSk N00003-B-E-2). Árið 1883 er gerð heildarúttekt fyrir allan bæinn þegar Sigfús Dagsson tók við allri jörðinni (IS HSk N00003-B-E-2). Húsin voru öll hlaðin úr torfi og grjóti og ýmist með sperru- eða ásaðaki. Tveir skálar, bæjardyr, búr og fjós snéru stöfnum fram á hlað. Timburpil var á syðri skálanum og bæjardyrum en torfstafn á búi, fjósi og nyrðri skála.

Af lestri elstu úttektar er ljóst að hluti húsanna er gamall, s.s. eru veggir baðstofu sagðir „gamlir og moldrunnir“, veggir eldhúsgangna sagðir „gamlir en ei óstæðilegir“, viðir í fjósi eru sagðir gamlir og nokkuð fúnir og skáli sunnan bæjardyra er snúinn til vesturs og austurstafn „innsiginn“. Bæjardyr, eldhús og bæði búrhúsin eru aftur á móti sögð með allgóðum eða góðum veggjum (IS HSk N00003-B-E-1). Ekkert húsanna er sagt nýtt. Árið 1904 víkja skálarnir fyrir framhúsi sem snýr þvert á önnur hús. Framhúsið skiptist í stofu til norðurs og skála til suðurs og yfir því var geymsluloft. Það var byggt af Oddi

Uppdráttur af bænum fylgir Brunavirðingu frá 1934 (mynd 50). Á þessum uppdrætti sést að litlu húsi fyrir eldavél hefur verið bætt inn á milli búrsins og baðstofunnar, var það kallað maskínuhús. Í Brunavirðingunni segir að baðstofan sé gamalt hús (IS HSK N00120-14, 25).



45



Mynd 52. Hlóðareldhúsið. Horft er í átt að austurvegg eldhússins og má sjá litarmismun á torfi sem líklega er vegna þess að efri hlutinn er uppgilding. Hleðslan í neðri hluta veggjar er nokkuð óvenjuleg en þar er hálf klömbruröðin látin halla til vinstri en hálf til hægri.

uppgildaður og er neðri hlutinn þannig að klömbruhnausarnir snúa ekki eins alla röðina eins og jafnan er, heldur skipta hnausarnir um átt við miðjan vegginn (mynd 52). Gegnt hlóðareldhúsinu er annað



Mynd 53. Mynd tekin í holinu. Horft er inn göngin að baðstofu að hlóðaelldhúsinu. Lengst til hægri er gengið inní bú. Veggurinn fyrir miðri mynd er nýr en veggurinn til vinstri er gamall.

streng. Gluggi er á húsinu til vesturs. Stuttur gangur liggur frá hlóðaelldhúsi að fjósi. Í því er steipt gólf með flór fyrir miðju. Einn ás er í húsinu og liggja raftar af honum út á syllur sem eru meðfram langveggjum. Innstu stoðirnar að norðan eru mjög litlar og standa á efstu röð í grjóthleðslu í vegg. Neðri hluti veggja er hlaðinn úr grjóti í streng en ofan við er klömbruhleðsla með streng. Grjóthleðslan er hæst innst í húsinu en lækkar til vesturs og þar ná stoðir niður á gólfið. Í gamla bænum er almennt lítið af grjóti í veggjum nema í fjósi en á nokkrum stöðum er neðsta röð/raðir úr grjóti í streng.

stoðarsteinum í gólfi að norðan en á hlóðum að sunnan. Einn biti liggur á milli sylla, þvert yfir herbergið og upp af honum dvergur sem nær upp undir mæniás. Gluggi er til austurs. Austur og suðurveggir eru gamlir, hlaðnir úr klömbruhnaus með streng á milli og efst á austurvegg eru annars konar hnausar (kvíahnaus). Austurveggur er nokkuð áhuga-verður. Hann er að líkindum

búr sem síðast var notað fyrir kálfa. Þá var sett á það hurð sem snéri til norðurs en hún var fjarlægð þegar húsið var endurbyggt. Búrið er svipað hlóðaelldhúsinu að því leyti að þakið er bratt. Það er með einum ási og liggja raftar á syllur sem eru meðfram langveggjum. Stoðir standa á stoðarsteinum í gólfi. Hluti veggja er gamall en nýir veggir eru hlaðnir úr klömbruhnaus í

Smiðjan/hænsnakofinn



Mynd 54. Til vinstri er tóft hænsnakofans vorið 2018 en til hægri er húsið í september 2021. Til stendur að smíða á það þil sumarið 2022.

Sunnan við gamla bæinn á Tyrfingsstöðum stóð smiðjan, á svonefndum Smiðjuhól (mynd 54). Engar ritaðar heimildir fundust um smiðjuna en hún er merkt á túnakorti frá 1919. Örnefnið Smiðjuhól gæti bent til þess að þarna hafi verið byggt á sama stað um langt skeið. Að sögn Kristínar F. Jóhannsdóttir sem fædd er á Tyrfingsstöðum árið 1944, var húsið ekki notað sem smiðja eftir að hún fór að muna eftir sér. Síðast voru hafðar þar hænur og voru húsin í notkun fram eftir 6. áratug síðustu aldar (Munnleg heimild: 10.01.2022). Grindin er með einum ás og liggja raftar út á syllur. Stoðir eru undir sitthvorum enda mæniássins og þrjár stoðir undir syllum. Árefti er nokkuð þétt og þar yfir torf.



Innveggir eru úr klömbruhnaus í streng en veggendar (kampar) sem snúa fram á hlað eru úr grjóti í streng (2-3 raðir) neðst en ofar eru hornhnausar að sunnan en hornhnausar og strengur að norðan. Í lok árs 2021 var ekki búið að setja þil á húsið en þilið var með liggjandi borðum. Dyrnar voru nyrst og einn gluggi (mynd 55).

Mynd 55. Til vinstri er hesthús sem var byggt um 1960 en til hægri er hænsnakofinn á Smiðjuhól. Úr myndasafni Kristínar F. Jóhannsdóttur.

Kofinn fram á hlaði



Mynd 56. Á myndinni til vinstri er kofinn fram á hlaði þegar byrjað var að hreinsa ofan af honum 2015 en hægri myndin er tekin í ágúst, 2021. Kofinn sem áður var hesthús, hýsir nú hæsnastofninn á Tyrfingsstöðum.

Á hlaðinu, framan við torfbæinn er hesthúskofi með stalli við austurvegg (mynd 56). Húsið er á túnakorti 1919 og því byggt fyrir það en ekki fundust aðrar ritaðar heimildir um það. Það var uppistandandi árið 2007 en þegar farið var í endurbyggingu á því 2015, var það fallið. Þakið er með einum mæniás og af honum liggja raftar út á þak að austan, ofan við stallinn, en út á sylu að vestan. Þétt árefti er á þaki og torf yfir. Gluggar eru til austurs og norðurs. Að austan standa stoðirnar á stallinum en á gólfinu að vestan. Veggir eru tvöfaldir, úr grjóti í streng neðst en ofar er klömbruhnaus með streng á milli. Stoðir stóðu upphaflega á ytri brún stallsins en þegar gert var við húsið voru gerð mistök og stoðirnar settar á innri brún, þ.e. næst veggnum.

Hesthúsið sunnan við bæ



Mynd 57. Hesthúsið sunnan bæjar vorið 2018.

Áfast gamla bænum að sunnan er lítið hesthús og sunnan þess hestarétt (mynd 57). Hesthúsið er ekki nefnt í úttektum eða öðrum rituðum heimildum og er ekki sér merkt á túnakorti 1919. Aldur þess er því óviss en búpeningshúsa er ekki alltaf getið í úttektum og því mögulegt að húsið hafi verið byggt fyrir 1900. Samkvæmt Kristínu F. Jóhannsdóttur (f. 1944) var húsið þarna í hennar minni og var

notað fram til 1969 (Munnleg heimild: 10.01.2022). Húsið er á uppdrætti frá 1934 (IS HSk N00120-14, 25). Viðgerð á húsinu hófst árið 2008 en þá var hreinsað úr tóftinni. Verkið var síðan klárað 2015 en þá voru veggirnir hlaðnir, grind smíðuð í húsin og tyrft á þak. Við viðgerðina var notast við teikningar

danskra arkitektanema frá 1975 sem og gamlar ljósmyndir. Dyr eru á húsinu og snúa til vesturs, fram á hlaðið. Þakið er ásaþak, með einum ás. Stoðirnar undir ásnum standa á torf- og grjóthlöðnum stalli sem er við suðurvegginn. Þakið er styttra að sunnan og þar liggja raftar út á vegg. Að norðan liggja raftar út á syllu sem haldið er uppi af fjórum stöðum. Suðurveggur tóftar er einnig norðurveggur hestaréttar en hann var hlaðinn árið 2008. Gaflinn fram á hlaðið er úr grjóti í streng neðst en ofar er strengjahleðsla. Dyrnar eru nyrst á vesturvegg. Innveggir, aðrir en vesturveggur, eru úr grjóti í streng neðst (þrjár raðir) en ofar er klömbruhleðsla með streng á milli (3-4 raðir).

Pálshús



Mynd 58. Á efri mynd eru Pálshúsir í september 2021. Húsin eru að mestu tilbúin en það vantar enn hurð og glugga. Á neðri mynd er suðurveggur fjárhúsanna fyrir viðgerð. Veggurinn er margviðgerður eins og sést og má bæði sjá klömbruhnaus án strengjar og hnausa af öllum stærðum og gerðum.

Rétt um 130m suður af gamla bænum á Tyrfingsstöðum standa Pálshús, upp undir jaðri gamla túnsins (mynd 58). Pálshús voru fjárhús en ekki fundust um þær ritaðar heimildir aðrar en að þeirra er getið í örnefnaskrá (Örnefnaskrá Tyrfingsstaða, 2). Húsin eru á túnakorti 1919 og því eldra en það að uppruna. Kristín F. Jóhannsdóttir man eftir húsunum í notkun en taldi að hætt hafi verið að nota þau í kringum 1964 (Munnleg heimild: 10.01.2022). Pálshúsir eru fjárhús með grjóthlöðnum garða og hefur verið innangengt af honum í heytóft til austurs. Húsin voru fallin og orðin að tóftum þegar gert var við þau árið 2017 á námskeiði hjá Fornverka-skólanum. Það var Helgi Sigurðsson hjá Fornverki ehf. sem sá um kennslu á námskeiðinu og það var einnig Fornverk sem reisti grindina í húsin og

gerði þakið. Útveggir eru hlaðnir úr grjóti í streng neðst en ofan við er ferkantaður hnaus (kvíahnaus) og svo strengur. Torf er á þaki. Innveggir eru úr grjóti í streng neðst en ofar er torfhleðsla. Skammveggur til austurs er hlaðinn úr klömbruhnaus með streng á milli. Norður langveggur úr streng en suður langveggur er að hluta út klömbruhnaus og hluta úr annarskonar hnaus (kvíahnaus). Innsti hluti



Mynd 59. Innsti hluti suðurveggjar er gamall og er hann hlaðinn úr grjóti í streng neðst, þar ofan við er klömbruhleðsla án strengjar og enn ofar er blanda af öðrum hnausum og streng.

suðurveggjar er gamall eins og sést á mynd 59. Í gamla hlutanum eru tvær raðir af klömbruhnaus neðst en blöndu af streng og öðrum hnausum (kvíahnaus) ofar. Þessi blanda af torftegundum skýrist af því að einhvern tíma hefur verið gert við vegginn, þ.e. hann gildaður upp. Reft er yfir dyrnar inn í tóftina og eins af garðanum og inn að heytóft/hlöðu. Þakið er ásapak, með tveimur ásum og undir þeim eru stoðir sem ná

niður á gólf, beggja vegna, garðans. Raftar liggja af ásum og út á vegg. Árefti er á röftum og tyrft yfir það.

Hesthúsin „suður og niður“

Húsin „suður og niður“ eru í suðvesturhorni gamla túnsins (mynd 60). Húsin voru að líkindum upphaflega fjárhús og er í þeim hlaðinn garði, með steyptri plötu og baðkari. Í tíð núverandi ábúanda voru þau alltaf notuð sem hesthús. Almennri notkun var hætt fyrir 1969 en voru áfram notuð til að gefa útigangshrossum sem gátu þá leitað skjóls þarna (Munnleg heimild: Kristín F. Jóhannsdóttir, 10.01.2022). Um aldur húsanna er ekkert vitað nema að þarna standa hús árið 1919. Útveggir eru neðst úr grjóti í streng (2-3 raðir) en ofar er klömbruhleðsla með streng (mest sjö raðir á norður- og suðurgafli) en húshornin hlaðin úr hornhnausum. Innveggir eru úr grjóti í streng neðst (um fimm raðir)



Mynd 60. Vesturgafli húsanna „suður og niður“. Húsin eru að mestu tilbúin en á þau vantar enn hurð fyrir dyrnar. Hægra megin við húsin var heytóft.

og fékk gamla hleðslan að halda sér eins og hægt var. Ofar er klömbruhnaus með streng á milli. Dyr eru nyrst á suðvesturvegg. Sunnan við var heytóft og var innangengt í hana um boghlaðnar (samhlaðnar) dyr (mynd 61). Húsið er með blöndu af sperru- og ásapaki. Það er tvíása og liggja sperrur af ásum og út á syllur sem eru meðfram



Mynd 61. Sunnan við húsin „suður og niður“ var heytíft og voru boghlaðnar (samhlaðnar) tóftardyr á milli heytóftar og fjárhúsa. Efri myndin er tekin af Sigríði Sigurðardóttur árið 1994 en neðri myndin árið 2021. Það var Helgi Sigurðsson hjá Fornverki ehf. sem hlóð dyrnar en veggurinn var endurhlaðinn á námskeiði Fornverkaskólans.

Fjárhúsin „út og niður“



Mynd 62. Fjárhúsin „út og niður“ í september 2021. Húsin til vinstri hafa verið í notkun í nokkur ár en nýlega var lokið við húsin til hægri. Enn á eftir að setja í þau glugga og hurðir.

hlöðuna af görðum úr báðum húsunum. Þessi hús voru notuð af ábúendum fram til 1969 (Munnleg heimild: Kristín F. Jóhannsdóttir, 10.01.2022) en Stefán Hrólffsson á Keldulandi notaði húsin í einhver

langveggjum. Stoðir eru undir ásum og niður á garðann og eins eru stoðir undir syllum og niður á gólf en undir þeim eru stoðarsteinar. Garðinn er í grunninn grjóthlaðinn en við endann er steipt fjárbað, steipt plata og steipt utan um grjóthleðslur. Á sperrunum er árefti og síðan torf. Enginn gluggi var á húsunum. Timbrið í húsgrindina var fengið úr Silfrastaðaskógi. Stuðst var við gamlar ljósmyndir við viðgerðir á húsunum.

Ekki fundust ritaðar heimildir um fjárhúsin „út og niður“ og ekki er vitað um aldur þeirra annað en að þarna stóðu hús árið 1919. Þegar hreinsað var úr húsunum fyrir námskeið hjá Fornverkaskólanum árið 2008 kom í ljós að þau höfðu einhvern tímann verið lengd til vesturs. Húsin eru tvístæð og er hlaða vestan við þau (mynd 62 og 64). Innangengt er í

ár eftir að flutt var frá Tyrfingsstöðum. Hann gerðir einhverjar breytingar á þeim. Árið 2008 var gert við nyrðri húsin á námskeiðum hjá Fornverkaskólanum undir stjórn Helga Sigurðssonar hjá Fornverki ehf. og Braga Skúlasonar húsasmíðameistara. Þá var einnig hreinsað úr tóft syðri húsanna og byrjað á



Mynd 63. Í syðri kró nyrðri húsanna er austurveggur gamall og má sjá í honum uppgildingar. Til hægri er suðurveggurinn hlaðinn úr streng. Neðsti hluti veggjar er allur úr grjóti í streng.

veggjum en ekki var lokið við það verk fyrr en 2021 og þá fyrir tilstilli styrks úr Húsafriðunarsjóði. Verkið var unnið af Fornverki ehf. Bæði húsin eru með timburpili sem snúa mót vestri og bæði hafa einn glugga á framhlið. Tvennar dyr eru á hvoru húsi. Í nyrðri húsunum eru veggir hlaðnir úr grjót í streng neðst (fjórar og fimm raðir) en þar ofan við er

strenghleðsla. Innsti hluti norðurveggjar er gamall. Milliveggur milli fjárhúss og hlöðu er úr grjóti í

streng neðst (fjórar raðir). Á honum eru dyr yfir í hlöðuna og er reft yfir þær. Í austurvegg var notast við gamlar vegghleðslur eins og hægt var. Norðan dyranna er veggurinn hlaðinn úr streng en efst er klömbruhnaus með streng ofan við. Sunnan við dyrnar fékk gamli veggurinn að halda sér. Á honum sjást greinilegar uppgildingar, neðst til suðurs er gömul torfhleðsla en þar við hliðina grjót í streng og



Mynd 64. Hlaðan var að hluta til hlaðin úr klömbruhnaus og snéru hnausarnir allir til sömu áttar og enginn strengur var á milli raða.

síðan strengur yfir því (mynd 63). Garðinn var endurhlaðinn og er hann eingöngu úr grjóti. Syðri húsin eru mjög svipuð að gerð. Neðsti hluti langveggja er grjót í streng en ofar er strengur. Innsti hluti þeirrar hleðslu er gömul en ofan við er ný hleðsla úr streng. Grindin í báðum húsunum er svipuð. Þau eru bæði tvíása og standa stoðirnar á gördunum. Af ásum liggja raftar út á vegg. Vaglar eru á ásum.

Dyr eru yfir í hlöðu af garðanum og

er reft yfir þær. Milliveggur er að mestu leyti gamall nema að hluta sunnan við dyrnar þar sem gildað var upp með streng og klömbruhnausum. Neðsti hluti veggjar er grjót í streng en þar ofan við strengur

og svo er hlaðan úr klömbruhnausum (mynd 64). Hún er hlaðin í boga og er athyglisvert að hnausar halla allir til sömu áttar og enginn strengur er á milli.

Hólhús



Mynd 65. Á efri mynd eru Hólhúsin í september 2021. Húsin hafa verið í notkun frá árinu 2009. Á neðri mynd sést hvar gamlar og nýjar hleðslur mætast. Neðst er grjót í streng en ofar til hægri klömbruhleðsla með streng. Til vinstri er strengur en ofan við eru líklega hnausar.

Á hól í túninu, rétt rúmlega 100m niður af gamla bænum á Tyrfingsstöðum er fjárhús sem kallast Hólhús (mynd 65). Ekki fundust ritheimildir um þessi hús en þau eru á túnakortinu frá 1919 og því byggð fyrir það. Þegar hreinsað var úr húsunum fyrir námskeið vorið 2007 var komið niður á eldri mannvistarlög og því ljóst að þarna hefur verið byggt um aldir, sem skýrir hólmyndunina. Húsin voru orðin að tóft þegar þau voru endurgerð í nokkrum áföngum. Veggir að utan eru hlaðnir úr klömbruhnaus með streng en hornhnausar á hornum og meðfram dyrum. Reft er yfir inngang. Húsin eru tvíása og liggja raftar af ásum og út á vegg.

Stoðir undir ásum standa á garðanum, sem er grjóthlaðinn, og á honum eru tvö garðabönd. Á

milli ása eru vaglar. Boghlaðnar (samhlaðnar) dyr voru yfir í heytóft og standa þær óhreyfðar. Innveggir eru úr grjóti í streng neðst en ofar er ýmist strengur eða klömbruhnaus með streng á milli eða annar hnaus (kvíahnaus). Austurveggur og hluti suðurveggjar eru gamlir en aðrir torfveggir eru nýlegir (mynd 65, neðri). Gluggi er á þaki og snýr til vesturs. Í austurvegg sjást greinilegar uppgildingar.

Ábær



Mynd 66. Vinstri mynd er af austurgafli fjárhússins (seinna hesthúss) í Ábæ. Húsið er niðurgrafið og því sést bara efri hlutinn. Gaflinn er hlaðinn úr grjóti. Hægri myndin er tekin inn í húsinu og þar sést að grjótið er ekki hlaðið í streng, nema í tveimur mjóum röðum. Efsta hluta veggjar vantar. Sperrupak er á húsinu og bárujárn á þaki.



Mynd 67. Túnakort Ábæjar frá 1919 lagt yfir loftmynd. Guðmundur Sveinsson teiknaði. Fjárhúsin eru syðst í túni, merkt með hvítum hring. Kirkjan í Ábæ stendur enn en önnur hús orðin að tóftum.

Saga

Í Ábæ í Austurdal eru tvær uppistandandi byggingar sem hlaðnar eru úr torfi og grjóti. Neðst í túninu stendur torfhús sem upphaflega var fjárhús (mynd 66). Frá því um eða fljótlega eftir 1960 hefur húsið verið notað sem hesthús og um tíma kofi fyrir gangamenn. Jóhannes Jóhannsson bóndi á Silfrastöðum taldi að húsin hefðu kannski tekið um 40 fjár. Þau voru með ásaþaki, stoðum á garða og hlaða við þau. Þau voru að hluta niðurgrafin og stundum henti að það flæddi inn í þau og einhverju sinni druknaði fé í húsunum (Munnleg heimild: Jóhannes Jóhannsson bóndi Silfrastöðum, 10.01.2022). Aldur hússins er ekki þekktur en þau eru byggð fyrir árið 1919 (mynd 67) og hafa líklega verið í notkun fram til 1941 en þá fór Ábær í eyði (Byggðasaga Skagafjarðar IV, 2007, 524). Upp úr 1960 var fjárhúsunum breytt, garðinn var fjarlægður og sett á þau sperrupak sem klætt var með

bárujárn. Jóhannes taldi að húsinu hefði ekki verið breytt að öðru leyti. Um þriðjungur hússins var stúkaður af og var sá hluti hugsaður sem svefnaðstaða fyrir gangnamenn og voru hestarnir hafðir þar framan við. Svefnaðstaðan var aldrei fullkláruð og þótti óvistleg og lítið notuð sem slík. Enn er hægt að stinga þarna inn hestum. Að sögn Jóhannesar var stundum gíst í fjárhúsunum sem voru ofar á grundinni en þau eru fallin og orðin að tóftum. Eins var gíst í hrútakofanum sem stendur í fjárréttinni sem er utan við túnið. Það hús var endurreist í júní 2010 (Munnleg heimild: Jóhannes Jóhannsson bóndi Silfrastöðum, 10.01.2022). Skýrsluhöfundur fór ekki í vettvangsferð að Ábæ 2021 og er lýsing byggð á ljósmyndum úr vettvangsferð Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

Lítið sést af hleðslum í útveggjum en það sem er greinilegt er grjót í streng. Að innan er austurgafli hlaðinn úr grjóti en ekki er strengur á milli nema í tveimur mjóum röðum sem liggja upp og niður vegginn (mynd 66). Langveggir eru hlaðnir úr grjóti í streng og þar virðist torf efst í veggjum, a.m.k. til suðurs en það illa farið að erfitt er að greina til tegunda. Ástand veggja er slæmt og víða er bil á milli veggja og þaks. Dyr hafa skekkst og hurðina vantar. Grjóthleðsla við inngang er úr lagi gengin (mynd 68).



Mynd 68. Á vinstri mynd eru dyrnar en þær eru nyrst á suðurhlíð. Dyraumbúnaður hefur skekkst og grjóthleðslan við innganginn riðlast. Á hægri mynd er horft inn um dyrnar. Grjóthleðsla í norðurvegg er illa farin og bárujárn sem losnað hefur af þaki liggur inni í húsinu.

Hrútakofinn



Mynd 69. Kofinn í réttinni á Ábæ. Ljósmynd: Evelyn Ýr Kuhne.

Við áreyrarnar, um 50m vestur af kirkjunni í Ábæ er grjóthlaðin fjárrétt og í henni lítill kofi, hlaðinn úr grjóti í streng (mynd 69). Að sögn Jóhannes Jóhannssonar frá Silfrastöðum var þetta hrútakofi (Munnleg heimild: 10.01.2022). Kofinn var fallinn en árið 2010 var hann endurhlaðinn af nokkrum meðlimum í Gangnamannafélagi Austurdals með aðstoð frá Helga

Sigurðssyni hjá Fornverki ehf. Kofinn snýr norðaustur-suðvestur og er alfarið hlaðinn úr grjóti í streng. Þakið er einása og liggja raftar af ásnum út á vegg. Torf er á þaki. Við innanverðan norðausturgaflinn er hlaðinn stallur. Raftar eru yfir inngangi og hurð fyrir dyrum (mynd 70). Húsið er í ágætu ástandi.



Mynd 70. Myndirnar sýna frá viðgerðinni/endurreisninni á kofanum sem fór fram dagana 12.-13. júní 2010. Veggir eru alfarið hlaðnir úr grjóti í streng og eins stallurinn. Ljósmyndir: Guðmundur St. Sigurðarson.

Gráni



Mynd 71. Gangnamannakofi Gráni við Geldingsá. Lengst til hægri sést í hornið á Sesseljubæ. Ljósmynd: Hjalti Pálsson.

*Gráni heitir höfuðból
hæst á eitilhrönnunum.
Einn sem veitir yl og skjól
eftirleitarmönnum.
Sigurður Hansen.*

Saga

Gráni er torf- og grjóthlaðinn gangnamannakofi sem stendur í Réttarhvammi við bakka Geldingsár á Laugarfellsöræfum á Nýjarbæjarafrétt (mynd 71 og 72). Skálinn var byggður 1920 að undirlagi Sesselju Sigurðardóttur frá Jökli í Eyjafirði. Hugmyndina fékk hún haustið 1916 þegar gangnamenn hrepptu vont veður við fjárleitir á þessu svæði. Árið 1919 hóf Sesselja fjársöfnun til húsbyggingarinnar og náði hún að safna 760 krónum, sem nægðu til þess að hægt var að hefja verkið. Sonur Sesselju, Jón Vigfússon rissaði upp teikningu af húsinu og í framhaldinu voru fest kaup á viði. Viðurinn var fluttur á



Mynd 72. Horn hússins er hlaðið úr stærri steinum sem svipar til hornhnausa í torfhleðslu. Ljósmynd: Hjalti Pálsson.

áfangastað í nokkrum áföngum árið 1920. Byggingarvinnan hófst þann 12. júlí hið sama ár en það var Jón Vigfússon ásamt Hjalta Guðmundssyni frá Þormóðsstöðum, Stefáni Randverssyni frá Villingadal, Páli Jónssyni frá Vatnsenda og Óskari Kristjánssyni sem sáu um húsbygginguna. Byggingarvinnan hófst á mánu-

dagsmorgni og lýsir Jón því svo grein í tilefni 50 ára afmælis Grána (Heima er best, bls. 287-289) að byrjað hafi verið að:

[I]aga grunninn, taka upp grjót til veggjahleðslu, rista torf í mýrinni rétt ofan við kofann og svo framvegis. Stærð hússins var ákveðin 5 sinnum 9 álnir, vegg hæð 3 álnir og hæð á mæni rúmlega þrjár og hálf alin. Heldur sýndist okkur lítill árangur af starfinu í fyrstu, enda tók undirbúningurinn sinn tíma. Grjótið urðum við að flytja á handbörum og var það erfitt verk. Við bárum það til skiptis, venjulega hálfan klukkutíma í einu. Á miðvikudagskvöld var veggheðslan vel hálfnuð, en þetta kvöld vorum við búnir að áætla okkur smáfrí og ríða suður að Laugarfelli, því að þrír okkar höfðu þar aldrei komið, en óvíst að betra tækifæri gæfist síðar á lífsleiðinni [...] Rísið var úr rekkju næsta morgun á sama tíma og vant var, þótt sein væri sofnað, enda var verk þetta unnið af áhuga og ekki talinn tímafjöldinn, sem til þess fór. Á föstudagskvöldið voru aflviðirnir komnir á húsið og ákváðum við þá að létta ekki vinnu fyrr en verkinu væri lokið. En síðustu handtökin reyndust mörg. Við þurftum að sækja skógvið norður í Lönguhlíð til þess að leggja ofan á aflviðina og verja á fúa, því að torfið mundi alltaf verða rakt og draga vætu í viðina. Klukkustundarferð var hvora leið að skógarrunnunum og svo fór langur tími í að höggva skóginn, binda hann í bagga og bera þá upp á fjallsbrúnina, því að ófært var með hesta niður. Við settum tvo bagga á hvert hross og gekk það sæmilega, þó að sum þeirra væru hrædd og óþarflega hraðstíg til að byrja með. Tíu baggar, töluvert stórir, komust heim að húsinu og var þessu mikla árefti jafnað yfir aflviðina og nærpakið sett á. Bað ég nú Pál frænda að hita handa okkur gott grasate, því að það mundi hressa okkur við næturvinnuna og reyndist það orð að sönnu. Unnum við nú eins og berserkir, bárum mold á nærpakið og þöktum svo með grastorfi, til þess að gróðurinn næði að binda pakið. Svo var settur dyraumbúnaður, gluggi og milligerð milli manna og hesta í húsinu. Hilla var sett fyrir kaffivél og kaffiáhöld og upphækkaður pallur fyrir næturgesti, og var þá lokið byggingunni. Áætlað var að húsið tæki fjóra menn og 8 hesta. Þá hreinsuðum við vel til í kringum húsið og bárum ruslið í ána. Að endingu kom Stefán fyrir burnirótarbúsk í veggnum og hefur hann vel dafnað fram á þennan dag. Var það gömul trú að þetta væri gæfumerki. Að lokum litum við með augum gagnrýnandans á verkið og kváðum upp þann dóm, að þetta væri harla gott.

Skálinn var í framhaldi nefndur Gráni til heiðurs uppáhalds reiðhesti Sesselju (Heima er best, 1970; Tíminn, 38 tbl., 1963, 890-91). Jón Vigfússon sá um viðhald á Grána fram til 1980. Frá 1980-84 var viðhaldið í umsjá Angatýs Hjálmarssonar kennara en frá 1984 hefur það verið á höndum dóttursonar Jóns, Örnólfs Eiríkssonar (Munnleg heimild: Örnólfur Eiríksson, 01.02.22). Í Heima er best (1970, 289-290) segir einnig frá ferð sem farin var að Grána, sumarið 1951 til viðhalds og viðgerða. Frásögn Jóns byrjar svo:

Tímans tönn er iðin, hún nagar og nagar. Forgengileg eru líka flest okkar mannanna verk, ekki sízt torfkofi á öræfum uppi, sem ekki eru tök á að dytta að um leið og á honum fer að sjá, og svo er með Grána. Að því kom að gera þurfti á honum mikla endurbót og var það einkum þakið, sem þurfti endurnýjunar við [...] Tímanlega næsta morgun [þann 8. ágúst] hófum við verkið, sem aðallega var fólgið í því að rífa þakið af kofanum og setja algjörlega nýtt í staðinn. Var nú þakjárn, sem á var borið ryðvarnarefni, sett ofan á viðinn en síðan þakið með torfi að nýju. Líka þurfti að laga vegg dálítið. Við lukum vinnunni seint um kvöldið og sváfum nokkra klukkutíma.

Í þessari ferð voru ásamt Jóni, þeir Finnur Kristjánsson frá Ártúni, Aðalsteinn Tryggvason frá Jórunnarstöðum, Gunnar Jónsson frá Tjörnum og Sigurður Jósefsson frá Torfufelli.

Árið 1984 var þakið orðið nokkuð sigið, einkum fyrir miðju húsi. Þá var þaki lyft eins og hægt var og tveimur stoðum bætt undir mæniásinn og einni stoð undir annan hliðarásinn. Síðan var sett styrking við suðurstafninn sem þá var kominn að hruni (Angantýr H. Hjálmarsson, 1984).

Sumarið 2019 var skipt um allar stoðir og húsið rétt af en það var farið að halla til vesturs. Fram að því höfðu stoðir staðið á stoðarsteinum, sem lágu ofan í gólfinu og komst vatn að stoðarendum. Það varð til þess að stoðir fúnuðu og þurfti reglulega að skipta um. Við viðgerðirnar 2019 voru stoðarsteinar fjarlægðir og steyppt undir stoðirnar. Steypan var látin ná upp fyrir gólfhæð til að varna því að raki kæmist að. Þetta var þannig gert að grafnar voru um 20cm djúpar holur og steypu í bland við hnefastórt grjót hellt í holurnar ásamt gataplötum sem stóðu upp úr steypunni. Stoðirnar voru síðan skrófaðar fastar við gataplöturnar. Árið 1971 var nýr kofi reistur fyrir gangnamenn við Geldingsána en Gráni áfram notaður fyrir hesta. Nýi kofinn fékk nafnið Sesseljubær (Munnleg heimild: Örnólfur Eiríksson, 01.02.22).

Lýsing

Veggir eru tvöfaldir, að mestu hlaðnir úr grjóti í streng nema efsti hlutinn sem eingöngu er hlaðinn úr hnaus. Sperrupak er í húsinu og langbönd á sperrum. Undir mæniás eru stoðir sem ná niður á gólf og syllur eru meðfram langveggjum. Undir syllunum er þétt röð af stoðum. Tveir gluggar eru á húsinu, einnar rúðu gluggi á norðurstafni en 2ja rúðu gluggi syðst á austurlangvegg og var hann upphaflega yfir svefnbálkinum áður en hann var rifinn. Kofinn er ekki notaður lengur (Munnleg heimild: Örnólfur Eiríksson, 01.02.22). Á gamalli mynd af Grána (Heima er bezt, 1970, 258) sést að dyraumbúnaður er ekki eins hann er nú og hefur verið breytt eftir 1970.

Lýtingsstaðahreppur

Krithóll



Mynd 73. Húsið til vinstri var upphaflega fjárhús en síðar notað sem fjós en húsið hægra megin var hesthús. Fjárhús var á milli þessara tveggja húsa og reykkofi var lengst til hægri á mynd.

Saga

Rúma 100m suður og upp frá gamla bæjarstæðinu á Krithóli eru sambyggð útihús úr torfi (mynd 73). Þegar húsin voru skoðuð árið 1999 voru fern hús uppistandandi (mynd 74)(Sigríður Sigurðardóttir, 2018). Tvö syðstu húsin voru fjárhús, sem tóku um 100 kindur. Þar næst norðan við var hesthús og svo var lítil kofi nyrst sem einnig hýsti hesta en var síðast notaður sem reykkofi (Byggðasaga Skagafjarðar



Mynd 74. Uppdráttur Örne Bjargar Bjarnadóttur af húsunum árið 1999 (Sigríður Sigurðardóttir, 2018).

III, bls. 52, munnleg heimild: Ólafur Björnsson, 09.02.2022).

Hlutverk húsanna breyttist nokkuð á síðari hluta 20. aldar og var syðsta húsið notað bæði sem fjós og einnig fyrir nautkálfa. Húsin voru í

notkun eitthvað fram yfir árið 2000, hugsanlega til 2005 (Munnleg heimild: Ólafur Björnsson, 09.02.2022). Nú standa aðeins tvö þessara húsa, fjárhús, síðar fjós syðst og hesthúsið.



Mynd 75. Horft vestur eftir húsinu að frambili. Fyrir miðri mynd er fódurgangurinn og hægra megin hans, sylla með stoðum og leifar útveggjar úr torfi. Stoðir eru undir tveimur ásum.

Lýsing

Syðsta húsið er tvíása hús og voru nokkrir vaglar á milli ása. Af ásum lágu raftar út á vegg og undir þeim voru veggglægjur. Syllur voru meðfram langveggjum og undir þeim stoðir, frekar mjóar. Árefti er lítið og ofan á því er bárujárn. Ýmislegt hafði verið notað í þakið og var meðal annars plast á kafla og bútur úr gólfteppi. Steinar, hænsnanet og steypuklumpar hafa verði settir á þakið, í seinni tíð, til að halda niður bárujárninu. Gólf er steyp og steypur flór. Suðurveggur er hlaðinn úr

grjóti í streng og voru mest fimm raðir af grjóti sjáanlegar. Torfveggir eru allir illa farnir. Norðurveggur, sem var milliveggur milli fjárhúsa og fjóss er eingöngu úr bárujárn og á uppdrætti Örnú Bjarnar Bjarnadóttur frá 1999 sést að ekki var torfveggur á milli þessara húsa (mynd 74). Húsið er á tveimur pöllum, og stendur innsti hlutinn heldur hærra. Þil að framan er úr liggjandi borðum sem ekki eru nótuð. Tveir gluggar eru á frambili. Þetta var upphaflega fjárhús en var síðar notað fyrir kýr og var þá fódurgangur, sem enn sést, syðst í húsinu og básar fyrir kýr. Hlaða var við suðurenda en hún er að mestu fallin þó hluti torfveggja standi enn. Innan hlöðuveggja hefur verið komið fyrir húsi af gömlum



Mynd 76. Innst í fjárhúsinu/fjósinu hefur verið komið fyrir húsi af Mercedes bifreið og búið að steypa upp að því tröppu.

Mercedes Benz bíl og hann notaður sem hlaða/geymsla (mynd 76). Veggir í hlöðu eru mikið hrundir til vesturs en sér í torf í suður útvegg, líklega strengur eða hnaus (kvíahnaus). Þak á hlöðunni er einhalla. Norður veggur hennar er steypur neðst og tröppur upp í húsið af bílnum. Norðan þessa húss er fjárhús sem er nánast alveg fallið en eitthvað er eftir af timburleifum og grjóthlöðnum garði, sem er með steyptri plötu.



Mynd 77. Milliveggur úr einfaldri timburgrind, klæddur bárujárni og sömuleiðis útveggur til norðurs. Dyrnar liggja yfir í fremra herbergi hússins.

Nyrsta uppistandandi húsið, sem var upphaflega hesthús, er með timburþili, að mestu úr standandi nótuðum borðum en nyrsti hlutinn er úr breiðari borðum. Búið er að tjasla upp í vinstri hlið með litlum timburfleka. Á þilinu er einn gluggi og hurð. Ekki var hægt að fara inn í þetta hús en suðurvegg vantar og þar var hægt að sjá innviði hússins. Húsið hefur verið með tveimur herbergjum og er milliveggur úr einfaldri timburgrind, klætt bárujárni á annarri hlið (mynd 77). Húsið er ekki

samhverft og er suðurhluti þaksins styttri en sá nyrðri. Suðurhlið þaksins er alveg hrunin. Þakið virðist vera blandað sperru- og ásaþak með langböndum, klætt bárujárni. Gólf er steipt. Nokkuð af tunnum er inni í húsinu. Sylla úr stóru og veglegu tré er við norðurlangvegg í innra herberginu og undir syllunni



Mynd 78. Fremra herbergi hússins er minna en innra herbergið. Þak er einangrað og tvennar hurðar sjást inni í húsinu en aðeins er hægt að ganga um vinstri hurðina.

voru stoðir en þær standa nú lausar. Mæniásinn er einnig úr nokkuð veglegu tré og er torf ofan á honum, undir bárujárninu. Í fremra rýminu er loftið einangrað og plast yfir einangrun (mynd 78). Gólf er steipt og eru tvennar hurðar sjáanlegar en bara önnur þeirra sést á frampili. Það hafa því líklega verið tvær hurðar á húsinu áður.

Kolgröf



Mynd 79. Útihúsin í Kolgröf. Frá vinstri talið: Fjósið og á bakvið fjóshlaðan, þá fjárhús alveg fallin, því næst fjárhús þar sem þilið stendur enn uppi. Þá kemur smá bil á milli húsa. Þar næst eru tóftir Ærhúsanna (fallin) en á bakvið þau er hlöðutóft. Lengst til hægri eru hesthúsin.

Saga

Tæplega 70m suðvestur af íbúðarhúsinu í Kolgröf er uppistandandi hesthús úr torfi og grjóti. Hesthúsið er nyrst í röð útihúsa sem öll, að undanskildu hesthúsinu, eru að mestu fallin (mynd 79). Um þessi hús segir í skýrslu Fasteignamatshafnar frá 1964 að þau séu gömul en sæmileg og séu fyrir allt að 10 hross (Skýrsla Fasteignamatshafnar, 1964). Gamli bærinn stóð á hól rétt tæpa 40m suðaustur frá útihúsunum og sjást tóftir hans enn. Útihúsin voru flest í notkun langt fram eftir 20. öldinni og er hesthúsið stundum enn notað fyrir hesta. Sunnan við hesthúsið voru tvístæð fjárhús, hvort með einum garða og tveimur króm. Það voru torfhús, kölluð Ytri- og Syðri-Ærhús. Í skýrslu Fasteignamatshafnar frá 1964 segir að húsin hafi tekið 130 fjár, þá sögð gömul en sæmileg. Torfstafn var á húsunum og torf á þaki og vestan við torfhlaða. Því næst kom sund og sunnan þess voru fjárhús, að hluta úr torfi og að hluta úr timbri með bárujárni á þaki, sem byggð voru á árunum milli 1950 og 1960. Framþil þessara húsa stendur enn en grind og þak er fallið. Sambyggð þeim að sunnan voru fjárhús, sem heimildamaður minnir að hafi verið kölluð Sauðhús. Þau voru úr torfi og grjóti, tvær krær og garði með fjárbaði, sem náði fram að stafni. Tvennar dyr voru á því húsi. Þar sunnan við var svo fjósið og fjóshlaðan sem bæði

voru torfhús en síðan var byggt við þau úr steinsteypu. Í Byggðasögunni segir að elsti hluti fjóssins hafi verið byggður á árunum 1883-1911 og stækkað 1956 með steyptri viðbyggingu til suðurs (Byggðasaga Skagafjarðar III, bls. 516; Skýrsla Fasteignamatsnefndar, 1964). Í millitíðinni hefur fjósið verið byggt upp því heimildamaður hafði heyrt að nýtt torffjós og -hlaða hefðu verið tekin í notkun haustið 1944, sama ár og hann fæddist (Munnleg heimild: Bragi Stefán Hrólfsón, 4. febrúar, 2021). Steyptur súrheysturn var við fjósið, byggður 1945 (Skýrsla Fasteignamatsnefndar, 1964). Í úttektum 1918, 1922, 1927 og 1928 er virt upp í álag jötustokkar og milligjörðir í fjósi, fjóshlaða og haughús (IS HSK N00006-B-E-2).



Mynd 80. Túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 1918, lagt yfir loftmynd. Húsin í Kolgröf eru merkt með hvítum hring.

Þak steypu fjóshlöðunnar hangir enn uppi að nokkru leyti. Fram um miðja öldina var torf í Kolgröf tekið við tjörn sem er um 350m norðaustur af bænum, norðan heimreiðar. Heimildamaður var með í því að sækja þangað torf þegar þurfti að dytta að þökum eða veggjum (Munnleg heimild: Bragi Stefán Hrólfsón, 4. febrúar, 2021). Með nýjum ábúendum breyttust nöfnin á útihúsum og voru þá fjárhúsin norðan við fjósið kölluð Jóhönnuhús en þar norðan við var Gimbrahúsið. Ærhúsin voru áfram nefnd Ytri- og Syðri húsin (Björn Grétar Þorsteinsson, 2. febrúar, 2021). Hesthúsin koma fyrir í matsskýrslu frá því um 1930. Á túnakorti frá 1918 eru tvær byggingar merktar á þessum slóðum en óvíst hvort það séu bara fjárhúsin og fjósið eða hvort hesthúsið sé þar með. Aldur er því óviss en ekki er ólíklegt að þau hafi flest eða

öll verið byggð fyrir 1918 (mynd 80).

Árið 1973 voru hesthúsin farin að halla og var þá ákveðið að reyna að rétta þau af. Ekki tókst betur til en svo að framendi húsanna hrundi og hann var því hlaðinn upp að nýju, húsin lengd þannig að þau náðu jafn langt fram og Ærhúsin og sett var timburpil að framan. Á þilinu var hleri sem hægt var að renna til hliðar, þannig að hægt var að komast að með vél. Það var heimildamaður sem sá um viðgerð húsanna (Munnleg heimild: Björn Grétar Þorsteinsson, 2. febrúar, 2021).



Mynd 81. Á myndinni til vinstri eru hesthúsin í Kolgröf í september 2021. Þau eru bæði farin að snarast fram (til austurs) og til suðurs. Á hægri mynd er horft inn húsinn, þar sést grjóthlaðinn stallur til vinstri.

Lýsing

Á hesthúsinu er timburpil til austurs. Á neðri hluta eru liggjandi borð og þar er hleri sem hægt var að opna til að stækka dyrnar, sem eru nyrst á framvegg (mynd 81). Efst eru standandi borð og þar einn gluggi. Það sér í torfhleðslu sitthvoru megin við pilið en útveggur er annars gróinn. Þar eru mest tvær raðir af grjóti í streng en síðan virðist vera strengur þar ofan við. Þakið er með einum ási og liggja raftar af honum út á vegg að sunnan og eru grjóthellur undir raftaendum á veggnum. Stallurinn er við syðri vegginn og á frambrún hans standa stoðir undir mæniás. Syðri hluti þaksins er þar af leiðandi styttri en nyrðri hlutinn. Að norðan liggja raftar af ás og út á syllur og undir syllunni standa á gólfi. Eitthvað er af árefti á þakinu og er bárujárn á nyrðri helmingi þess. Norðurhluti þaksins er í betra ástandi en syðri hlutinn sem er töluvert rofinn. Vesturgafi er hlaðinn úr grjóti í streng, líklega sex raðir. Þar ofan við er klömbruhnaus í streng og líklega strengur ofan við og upp í topp. Innsti hluti torfveggjanna er líklega elsti hluti hússins og passar það við lýsingu heimildamanns frá viðgerðinni 1973. Lítill gluggi er sunnan megin á þakinu. Syðri veggurinn ofan stallsins er hlaðinn úr grjóti í streng 2-4 raðir. Innst í húsinu, ofan grjóthleðslunnar, er strengur en utar er klömbruhnaus með streng. Þessi veggur stendur ágætlega. Norðurveggur að innan er mikið verr farinn. Þar er grjót í streng neðst, mest fimm raðir en ofar er torf. Stallurinn er hlaðinn úr grjóti í streng og sjást 3-5 raðir af grjóti. Inn af stallinum eru tóftardyr, hlaðnar úr hnaus. Fyllt hefur verið upp í þær með rusli. Gólfið í húsinu er steinlagt.

Fallin hús í Kolgröf



Mynd 82. Til vinstri eru torfhúsin og tóftirnar í Kolgröf. Talið frá vinstri: Fjósið, þá tvenn fjárhús, sund, Ærhúsin og lengst til vinstri er hesthúsið. Á hægri mynd er horft yfir suðurhlið Ærhúsanna en þak þeirra er fallið. Á bakvið sést rétt glitta í hesthúsin.



Mynd 83. Til vinstri er listaklætt timburpíl fjárhúsa og er það eina sem eftir stendur af húsinu. Á hægri mynd er síðan horft aftan frá og ofan á sama hús. Járn er á þaki og þar sem plötu vantar sést að þakið hefur verið með sperrum.



Mynd 84. Til vinstri er hlöðuveggur hlaðinn úr klömbruhnaus í streng og aftan við hann er yngri hluti fjóssins sem var steyptur og þak fjóshlöðunnar sem enn hangir uppi að hluta. Reft er yfir hlöðudyrnar. Til hægri er hluti af þaki fjárhúsa sem eru fallin. Þarna sést líklega í rafta og á þeim asbestplötur sem tyrft var yfir.

Ytra-Vatn á Efribyggð



Mynd 85. Fjárhúsin á Ytra-Vatni í september 2004. Þarna voru húsin enn í nothæfu ástandi skv. Byggðasögu Skagafjarðar (III. bindi, bls. 502). Til vinstri má sjá báðar hurðarnar og gler í glugga. Glerið er aftur á móti ekki í glugganum á húsunum til hægri. Ljósmynd: Hjalti Pálsson.

Saga



Mynd 86. Túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 1918, lagt yfir loftmynd. Fjárhúsin sem enn standa eru merkt með hvítum hring.

Tvístæð fjárhús úr torfi standa á hólnum út og upp frá fjárhúsunum á Ytra-Vatni (mynd 85). Húsin heita Indriðahús og rúmuðu saman um 100 fjár. Syðri húsin voru upphaflega 36 kinda hús en árið 1952 lengdi Guðmundur Þorsteinsson bóndi þau til vesturs. Hann endurbýggði síðan annað jafnstórt hús norðan við á gömlum tóftum. Bæði voru enn nothæf árið 2004 (Byggðasaga Skagafjarðar III, 502). Óvíst er hvenær húsin voru upphaflega reist en þarna stóðu hús árið 1918 (mynd 86). Veturna, 2019-20 og 20-21, hafa húsin farið mjög illa og er framhluti nyrðri húsanna ónýtur og þil á syðra húsi mikið skemmt. Húsin eru snöruð bæði til austurs og suðurs en samkvæmt eiganda gerðist það vorið 2021.

Lýsing

Pil beggja húsanna voru keimlík. Á syðra húsinu er timburpil úr liggjandi borðum. Á því var einn gluggi og tvennar dyr. Syðri dyr og dyraumbúnað vantar. Nyrðra húsið var einnig með timburpili, með liggjandi borðum, tveimur dyrum og einum glugga. Torf var ofan við þilið á báðum húsum. Fremsti hluti nyrðra hússins er nú horfinn eins og áður er getið (mynd 87).

Neðsti hluti útveggjar að sunnan er úr grjóti í streng, mest fimm raðir. Þar ofan við er torf en svo rofið að ekki sést hvernar tegundar það er. Þekjan til suðurs er mjög illa farin. Á syðri gaflinum er neðst grjót í streng og eru fimm raðir sjáanlegar. Þar ofan við er torf en gaflinn er gróinn og ekki sést í torfið nema í kringum gluggann. Suðvesturhorn er mjög illa farið. Gaflinn á nyrðra húsinu er hlaðinn úr grjóti í streng neðst, mest þrjár raðir sjáanlegar og þar ofan við er klömbruhnaus án strengjar. Efsti hlutinn er óræður. Hlaðið hefur verið í tóftardyrnar með grjóti neðst en torfi ofar. Þar ofan við er gluggi. Norður útveggur er gróinn og ekki er hægt að greina torfið en grjót er neðst í vegg og sumt af því fallið úr hleðslunni.

Tvíása þak er í nyrðra húsinu og stoðir undir ásum standa á garðanum. Vaglar liggja á ásum. Raftar liggja út á syllur sem eru meðfram langveggjum en undir syllunum eru stuttar stoðir sem hvíla efst á grjóthluta veggjarins. Árefti er á röftum og þar yfir torf að norðan en bárujárn að sunnan. Norðurveggur er hlaðinn úr grjóti í streng neðst, fjórar raðir eru sjáanlegar. Ofan við er klömbruhleðsla án strengjar og þar ofan á er líklega strengur upp undir sylluhæð. Suðurveggur er mjög svipaður nema að þar er grjóthleðslan a.m.k. sex raðir. Vesturgafi er einnig hlaðinn úr grjóti í streng neðst (fimm raðir), en ofan við er klömbruhleðsla án strengjar og snúa hnausaraðirnar til sömu áttar. Garðinn er hlaðinn neðst en steypdur að ofan og platan er steypd. Torf er á þaki.

Syðra húsið (mynd 88) er einnig með tvíása þaki og liggja vaglar á milli ása. Undir ásum eru stoðir sem ná niður á garðann að sunnan en á nyrðri hlið ná þær ýmist niður á miðjan garða en niður á gólf. Af ásum liggja raftar út á syllur meðfram langveggjum. Stoðir undir syllum að norðan, ná niður á gólf en að sunnan ná þær niður á efstu grjótröð í veggnum. Syðra húsið er með grjóthleðslum garða með steyptri plötu. Á stoðum eru tvö garðabönd. Neðsti hluti suðurveggjar er úr grjóti í streng, fimm raðir eru sjáanlegar. Ofan við grjóthleðsluna austan megin eru tvær raðir af klömbruhnaus ekki með streng og hnaus með streng þar ofan við. Vesturhlutinn er að einhverju leyti úr klömbruhnaus án strengjar en þar er meira um annan hnaus (kvíahnaus). Miðhluti veggjarins er illa farinn og þar erfitt að greina torf. Innveggur mót norðri er sömuleiðis úr grjóti í streng en grjóthleðslan er að stórum hluta riðluð og grjót fallið úr hleðslu. Suðurhluti austurgafis er nánast allur fallinn, nema rétt neðsti hlutinn. Norðurhluti hans er hins vegar hlaðinn úr grjóti í streng neðst. Í neðstu röð er eitt mjög stórt grjót. Sjáanlegar raðir af grjóti eru 5-7. Þar sem eru sjö raðir virðast efstu tvær raðirnar vera seinni tíma uppgilding. Ofan við fimm raðirnar af grjóti er smá torf sem virðist vera gömul klömbruhleðsla án strengjar. Þar ofan við er veggurinn svo hlaðinn úr hnaus (kvíahnaus).



Mynd 87. Nyrðri fjárhúsin á Ytra-Vatni. Myndin til vinstri er tekin 2018 en myndin til hægri í september 2021. Á þeim rúmlega þremur árum sem er á milli mynda er framendi húsanna hruninn.



Mynd 88. Myndin til vinstri er tekin af syðri húsunum á Ytra-Vatni í mars 2018 en myndin til hægri er tekin í september 2021. Hluti af þaktorfinu er fókinn af en húsin hafa ekki farið jafn illa og nyrðri húsin.

Merkigarður



Mynd 89. Gamla smiðjan í Merkigarði í september 2021. Húsið var síðast notað sem reykkofi. Nú er svo mikill trjágróður umhverfis húsið að það sést ekki lengur frá bæjarstæðinu.

Saga

Um 60m austnorðaustur af íbúðarhúsinu í Merkigarði stendur lítið hús (mynd 89) sem upphaflega var smiðja Helga Jónssonar, sem bjó í Merkigarði á árunum 1923-1952. Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 165) kemur fram að Helgi hafi verið helsti eldsmiður sveitarinnar og mikið stundað járnsmíðar fyrir sveitunga sína. Eftir

daga Helga (d. 28.04.1954) var smiðjan gerð upp og eftir það var hún notuð sem reykhus. Ekki kemur fram hvenær smiðjan var reist en miðað við að Helgi stundað járnsmíðar má ætla að hann hafi reist smiðjuna snemma á búskaparárum sínum.²



Mynd 90. Á vinstri mynd er austurveggurinn í reykkofanum. Hann er hlaðinn úr grjóti í streng neðst en klömbruhnaus með streng að ofan. Til hægri sést innan á framþil hússins sem er orðið nokkuð gisið.

Lýsing

Húsið er í rjóðri í skógræktarreit sem skyggir á allt útsýni frá og að húsinu. Mikill gróður er umhverfis það og vaxa bæði gras og elfting á veggjum og framan við húsið vex hár Sigurskúfur. Framhlið er með standandi timburpili (nótuðu) og snýr mót vestri. Bárujárn er á þaki. Efri hluti austurhliðar (bakhliðar)

² Það eru fínir eldsmíðaðir gripir frá Helga í vörslu BSk, sem smíðaðir eru í þessu húsi – s.s. <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=196122> og <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=195786>.

er sömuleiðis með timburpili (nótað) en þiljur eru ekki af sömu breidd og framan á húsinu. Þilið hefur verið græn málað og sést það greinilega til austurs en lítið sem ekkert er eftir að málningu til vesturs. Einn póstlaus timburgluggi er á austurhlið. Aðrir veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti en ekki sér í hleðslur fyrir gróðri. Tré eru farin að vaxa á austurvegg hússins. Þakið er sperrupak. Langbönd eru á sperrum og skammbitar á milli þeirra. Sperrurnar liggja út á syllur sem eru meðfram suður- og norðurveggjum. Syllum er haldið upp af fjórum stoðum, sem standa á gólfi. Innveggir eru hlaðnir úr tveimur röðum af grjóti í streng neðst og tvær raðir af klömbruhleðslu með streng eru þar ofan við (mynd 90).

Þorsteinsstaðakot



Mynd 91. Fjárhúsin í Þorsteinsstaðakoti í september 2021. Framhliðin er steipt en aðrir veggir torfhlaðnir. Á efri mynd sést á framhlið hússins en á neðri mynd er bakhliðin, torfhlaðin með boghlöðnum (samhlöðnum) tóftardyrum. Heytóftin er horfin. Á myndinni sést glögglega að ekki hefur verið notaður strengur á milli raða af klömbruhnaus.



Mynd 92. Túnakort Þorsteinsstaðakots frá 1918, eftir Guðmund Sveinsson. Fjárhúsin eru merkt með hvítum hring. Búið er að rífa önnur hús sem þarna eru merkt og slétta yfir. Gamli bærinn er merktur með svörtum ferhyrningi.

Saga

Um 200 m norðnorðaustur af Þorsteinsstöðum er fjárhús úr torfi, með steiptum stafni (mynd 91). Húsið tilheyrir Þorsteinsstaðakoti og er eina húsið á jörðinni, það tók um 70-80 kindur. Gamli bærinn stóð um 60m sunnar og austar (mynd 92). Jörðin fór í eyði 1980 en var nytjuð frá Þorsteinsstöðum eftir það og voru húsin í notkun fram yfir 2004. Böðvar Emilsson var síðasti ábúandi á Þorsteinsstaðakoti en hann bjó á Þorsteinsstöðum. Hann byggði húsin upp a.m.k. tvívegis, í seinna skiptið árið 1963 og steipti þá m.a. framstafninn. Á meðan fé var haft í húsunum var dyttað að þeim eftir því sem þurfti (Byggðasaga Skagafjarðar III, 213-215). Um aldur hússins er ekki annað vitað en að þarna stóð hús árið 1918 (mynd 92) og getur verið að einhverjir hlutar hússins séu eldri en það þó búið sé að gera húsið upp a.m.k. tvisvar.

Lýsing

Framhlið hússins snýr mót suðvestri og er steinsteipt en einföld grjótröð undir steypunni. Tvennar dyr eru á framhliðinni og þrír gluggar. Heytóft var austan við húsin en er nánast horfin. Útveggir eru hlaðnir úr stóru grjóti og segir í Byggðasögu (bls. 214) að ekki hafi verið strengur á milli. Efsti hluti norður útveggjar er horfinn en heldur meira er

eftir af suðurvegg. Austurgafli er hlaðinn úr grjóti í streng neðst og eru fjórar raðir sjáanlegar. Grjótið í þessum vegg er mun minna en grjótið í langveggjum. Þar ofan við er klömbruhnaus sem er ekki með streng á milli og þar ofan við hnausar (kvíahnaus) og hugsanlega eitthvað af streng. Nyrsti hluti austurgafls er illa farinn en veggurinn annars nokkuð stæðilegur. Fyrir miðju eru boghlaðnar (samhlaðnar) dyr sem voru á milli fjárhúsa og heytóftar/hlöðu, hlaðnar úr hnausum.



Mynd 93. Á vinstri mynd er horft inn fjárhúsin á Þorsteinsstaðakoti. Neðst sést í garðaböndin og stoðirnar. Til hægri á myndinni sér í grjóthleðslur í suðurvegg. Myndin til hægri er af austurgafli húsanna. Neðst eru þrjár raðir af grjóti í streng en ofar er klömbruhleðsla án strengjar.

Tvennir garðar eru í húsinu, beint inn af dyrum. Ekki hefur verið mokað út úr húsunum í langan tíma og sést ekki í það sem eftir er af norðurvegg (mynd 93). Innsti hluti syðri veggjar er greinilegur og er hann grjóthlaðinn eins og útveggurinn (fjórar raðir eru sjáanlegar), en efst er röð af klömbruhnaus. Það sér hvernig í garðana en garðaböndin standa upp úr á nokkrum stöðum. Austurgafllinn er hlaðinn úr grjóti í streng neðst og eru þrjár raðir sjáanlegar. Ofar eru sex raðir af strenglausum klömbruhnaus og þar ofan við strengur og líklega eitthvað af hnaus (kvíahnaus). Þakið er blanda af sperru- og ásapaki og er með mæniás. Tvöfalt lag af árefti er á sperrunum og er annað lagið af áreftinu, látið standa upp á rönd. Sperrurnar ná út á syllur sem eru meðfram langveggjum. Ásinn er úr tveimur veglegum trjám sem eru læst saman. Undir syllum eru stuttar stoðir. Bárujárn er á þaki og torf þar yfir. Þekjan er aðeins farin að slúttu niður af þakbrúnum á köflum.

Breiðargerði



Mynd 94. Gamli bærinn í Breiðargerði 1989. Lengst til vinstri var hesthús, þá fjós, svo hlóðældhús næst framhúsinu sem er timburhúsið lengst til hægri. Ljósmynd: Sigríður Sigurðardóttir.


Saga

Rúmlega 30m austur af íbúðarhúsinu í Breiðargerði stendur enn framhús torfbæjarins sem reist var af Sveinbirni Sveinssyni um 1930 (Byggðasaga Skagafjarðar III, 261). Að baki framhúsinu eru baðstofa, eldhúsið og búrið, öll að mestu fallin. Framhúsið er farið að láta verulega á sjá og ekki er hægt að fara inn nema með því að skríða inn á hlið hússins. Búíð var í Breiðargerði til 1975. Síðasti ábúandi var Guðmundur Eiríksson sem fluttist á Sauðárkrók (Byggðasaga Skagafjarðar III, 261).

Til eru úttektir á Breiðargerðisbænum frá árunum 1872, 1901, 1909, 1912 og 1917 (IS HSk N00006-B-E-1; IS HSk N00006-B-E-2). Í elstu úttektinni frá 1872 eru eftirfarandi hús talin: Baðstofa, með sperrupaki, að mestu þiljuð. Fjalarhurð er sögð fyrir dyrum, lítill strompur úr tré og tveir gluggar, annar með tveimur rúðum, hinn fjórum. Göng frá baðstofudyrum til innri skellidyra voru með tveimur fjalarhurðum á járnum. Bæjardyr voru með sperrupaki. Á bæjardyrum var timburpil sem var listað ofan dyra og þar vindskeiðar. Búr var með ásaþaki, tveimur tveggja rúðu gluggum og fjalarhurð á járnum. Eldhúsið var tvíása hús og eru veggir sagðir gamlir og holóttir að innan en álítast stæðilegir. Sunnan bæjardyra var skemman og var hún með sperrupaki. Á framhlið skemmunnar var plægt þil með vindskeiðum, neglt á grind og undirstokk. Á þilinu voru tveir tveggja rúðu gluggar og fjalahurð á járnum. Veggir töldust almennt stæðilegir nema í bæjardyrum þar sem þeir eru sagðir gamlir og gallaðir. Fjós var yfir þrjá nautgripi. Það var með tveimur ásum, öðrum undir hlið. Á stafni var tveggja rúðu gluggi. Fyrir innri dyrum, sem að líkindum lágu yfir í hlóðældhús, var léleg hurð á járnum en fyrir ytri dyrum er gagnleg hurð á járnum (IS HSk N00006-B-E-1). Í seinni úttektum er húsaskipan eins og engar stórar breytingar verða á húsunum. Árið 1901 er auk bæjarins getið um hesthús, Hlöðuhús, hlöðu þar við,

Ytra-hús suður á túni, Syðra-hús, hús utar og neðar, kofa á hlaði og fjóshlöðu (IS HSk N00006-B-E-2). Árið 1909 er hætt að tala um skemmu sunnan bæjardyra en í stað hennar er kominn skáli (IS HSk N00006-B-E-2). Árið 1912 (bls. 194) er baðstofan sögð „fallið hús að mestu bæði að viðum og veggjum“. Á milli úttekta 1912 og 1917 var baðstofan gerð upp að hluta og eru m.a. gluggaumgjarðir „heilar og nýlegar“ og „veggirnir nýlegir og vel stæðilegir“ (IS HSk N00006-B-E-2).

Um 1930 var byggt framhús sunnan við hlóðareldhúsið og kom það í stað skála og bæjardyra. Bæjardyr framhússins eru á sama stað og bæjardyrnar voru áður. Þá var húsaskipan eins og sýnd er á uppdrætti af bænum frá 1934 (mynd 95). Í Brunavirðingu frá 1934 er húsum svo lýst: Alþiljuð baðstofa, þiljað búr, þiljað framhús, eldhús, göng, geymslukofi, fjós, hesthús og hlaða. Framhúsið skiptist í bæjardyr og stofu og var geymsluloft þar yfir. Þá var eldavél notuð til upphitunar og steinolía á lampa (IS HSk N00120-16, 30).



Mynd 95. Uppdráttur af Breiðargerðisbænum frá 1934: a. baðstofa, b. búr, c. framhús, d. eldhús, e. göng, f. geymslukofi, g. fjós, h. hesthús, i. hlaða (IS HSk N00120-16, 30).

Í eldri úttektum er hvorki getið um hesthús við bæinn né fjóshlöðu. Ekki er víst hvort þessi hús séu yngri en úttektirnar eða hvort þau hafi verið til staðar en ekki virt sem hluti af bænum, sem er algengt með búpeningshús önnur en fjós.

Eypór Gíslason sem bjó í Breiðargerði 1944-47 breytti miðhluta baðstofunnar í eldhús.

Um leið var ysti hlutinn gerður að búi og gengið úr því til vesturs inn í

hlóðareldhúsið. Steingrímur Guðmundsson (1947-60) steypiti svo vegg framan við bæjarþilið sem farið var að gefa sig (Byggðasaga Skagafjarðar III, 261).

Í Brunavirðingunni frá 1934 er viðbót frá árinu 1957 þar sem segir að torfveggur milli baðstofu og stafns hafi verið fjarlægður og bætt við herbergi í staðinn. Í herberginu var timburgrind, klædd þilstöfum. Ris er sagt klætt timbri og þak úr torfi (IS HSk N00120-16, 30). Herbergið er á uppdrætti frá 1975 kallað Hjónahús en samkvæmt heimildamanni var sofið í baðstofunni en þrjónavél var í minna herberginu (Munnleg heimild: Ólafur Atli Sindrason, 15.10.2021). Rafmagn kom í maí 1963 (Byggðasaga Skagafjarðar III, 260) og búið var að leiða vatn í bæinn. Eftirfarandi lýsing er gerð eftir teikningum arkitektanema frá háskólanum í Árósum og ljósmyndum af bænum eins og hann var þegar flutt var úr honum (Teikningarnar munu að líkindum fylgja í lokaskýrslu verkefnis). Framgaflar hesthúss, fjóss og hlóðareldhúss voru að mestu hlaðnir úr grjóti í streng en torf var á þaki. Ofan við grjóthleðsluna á hlóðareldhúsinu voru 1-2 raðir af klömburhnaus. Dyr voru á hesthúsinu og hlóðunni. Veggur milli

hlóðældhúss og bæjardyra var hlaðinn úr grjóti í streng neðst en ofar var strengur. Veggur milli framhúss og geymslukofa var úr grjóti í streng neðst (sex raðir) en ofar var torf. Timburpil var á geymslukofanum og var suðurveggur hlaðinn úr grjóti og hefur líklega verið strengur á milli. Pil var á baðstofunni og herberginu mót suðri en austurstafninn var hlaðinn úr torfi. Neðsti hluti austurstafns var úr grjóti (a.m.k. þrjár raðir) en ofar var klömbruhnaus, líklega ekki með streng. Þar ofan við virðist hafa verið strengur. Lágur torf- og grjótveggur var utan með eldhúsi og búi og voru gluggar á báðum húsum. Þar norðan við var torfhlaðinn stafn hlöðunnar og á honum hurð. Meðfram hurð voru hornhnausar en stafninn virðist annars úr klömbruhnaus.

Eftir að flutt var úr bænum í Breiðargerði höfðu börnin á Breið greiðan aðgang að honum og hann varð að fremur ævintýralegu gullabúi. Barnabarnabarn Guðmundar, síðasta ábúandans, rifjaði upp ástand bæjarins og hvernig umhorfs var innandyra nokkrum árum eftir að flutt var úr honum.

Lýsing Ólafs Atla Sindrasonar á Breiðargerðisbænum:

Framhúsið, bæði skálinn (stofa) og bæjardyrnar, auk eldhúss, búrs, svefnherbergis (baðstofu) og minna herbergis þar inn af sem hýsti þrjónavél, voru mjög heilleg en hlóðældhúsið og útihúsin voru á fallanda fæti. Geymslukofinn sem var sunnan við bæinn var uppistandandi og þar geymd m.a. reipi og skeifur. Rafmagn var í bænum og var rafmagnstaflan í skáp á ganginum og þar voru líka geymdir kolapokar. Vatnsdæla var í búrinu við dyrnar vestur í gamla hlóðældhúsið, en var orðin óvirk. Vatnsleiðslur úr járninu voru lagðar úr litlum brunni sem var svolítið norðan og neðan við bæinn og dælt heim í búr. Leiðslan lá í gegnum hlóðældhúsið og inn að vestan. Vatnsleiðslan virðist ekki hafa náð í eldhúsið og líklega var ekki vaskur í eldhúsinnréttingunni. Stór pottofn var í einu horni nýja eldhússins. Á suðurvegg eldhússins var kolaeldavél, sem í minningu barns var risastór. Hún var með þremur eða fjórum hellum og tveimur skúffum fyrir kol. Eldhúsinnrétting var við austurvegg og þar var einnig gluggi. Eitthvað var af hnífapörum og leirtaui í skápum eftir að flutt var úr bænum. Við norðurvegginn var legubekkur og annar var í litla herberginu inn af baðstofunni. Stigi var úr skála framhússins og upp á loft, hann var syðst og vestast í skálanum. Uppi á lofti var tvískipt herbergi sem skiptist norður-suður. Þarna var geymsla en líklega áður svefnherbergi. Þarna höfðu börnin dýan.



Mynd 96. Norður- og framhlið framhússins. Lengst til vinstri sést í restina af torfveggnum sem var milli bæjarganga og hlóðældhúss. Neðst fyrir miðri mynd er útidyra hurðin og innan við hana sést í bæjardyrnar. Frambilið er mjög illa farið en útiljósíð er enn á sínum stað.

Lýsing

Framhúsið í Breiðargerði er mjög illa farið (mynd 96). Ekki er hægt að ganga inn í húsið en hægt var að skríða inn á hlið bæjardyranna og þaðan inn í stofu (skála). Húsið er portbyggt og er kvistur upp af framhliðinni sem er með láréttri klæðningu. Framan við húsið er steypdur kantur. Torfveggir voru að norðan, austan og sunnan. Veggir að norðan og sunnan eru að miklu leyti horfnir og austurveggurinn var fjarlægður þegar gert var nýtt svefnherbergi. Torf er enn á þakinu að nokkru leyti. Skreyttur þakkantur er beggja vegna kvistsins. Í kvistinum er eitt herbergi, þiljað með standandi nótuðum panil og blámálað. Hlóðældhúsið og útihúsin þar norðan við, auk hlöðunnar eru orðin að tóftum. Þakið á yngra eldhúsinu er fallið en hægt var að mynda það að ofan. Herbergið var forskalað og hanga leifar veggjanna enn uppi að nokkru. Þar sáust bæði rafmagns- og vatnsleiðslur. Austan við framhúsið var lítið herbergi og síðan baðstofan sem enn hangir uppi að einhverju leyti (mynd 97). Austurveggur baðstofunnar var að mestu úr torfi og sést bæði í klömbruhnaus, streng og hornhnaus í hleðslunni. Í innvegg hlöðutóftar sér í klömbruhnaus, streng og hugsanlega annan hnaus (kvíahnaus eða sniddu).



Mynd 97. Á vinstri mynd er suðurhlið bæjarins í Breiðargerði. Lengst til vinstri er framhúsið, þá svefnherbergi og síðan baðstofan til hægri. Á myndinni til hægri er austurgöfl baðstofunnar, hlaðinn að mestu úr torfi. Til hægri við baðstofuvegginn er eldhúsið.



Mynd 98. Til vinstri er horft ofan í eldhúsið sem var múrhuðað (forskalað) að innan. Á suðurveggnum sést í vatnsleiðslur en kolaeldavél stóð við þennan vegg. Til hægri eru dyrnar út á ganginn. Hægra megin við eldhúsið var baðstofan og vinstra megin var búrið. Á hægri mynd er horft ofan í ganginn og þar var rafmagnstaflan. Um vinstri dyrnar var gengið í eldhúsið en um þær hægri yfir í baðstofuna sem þá var notuð sem svefnherbergi.

Skáli framhússins og bæjardyr voru þiljaðar með lóðréttum panil (mynd 99). Tveir bitar voru í loftinu og snéru austur-vestur. Annar þeirra með listum. Á norðurvegg eru innbyggðar hillur. Húsið er snarað og innveggir úr lagi gengnir en þiljur eru á köflum í ágætu ásigkomulagi. Stiginn upp á loft er á sínum stað en ekki var unnt að skoða ástand hans. Í skálanum kennir ýmissa grasa og hefur húsið að einhverju leyti verið notað sem geymsla. Gerefti umhverfis dyrnar fram á gang er gulmálað og eitt borð þar utan við hvítt en annars er herbergið ómálað. Vestan við dyrnar er perustæði og rafmagnssnúra að því. Þar við hliðina er rafmagnssnúra sem tekin er í gegnum norðurvegginn og fram á gang. Fram á ganginum sjást rofar og eitt perustæði. Útidyrhurðin er ekki sú sama og sést á teikningum frá 1975.



Mynd 99. Á mynd til vinstri eru dyrnar fram á gang með gulmáluðum lista. Vinstra megin við þær sést perustæði og rafmagnsleiðslurnar sem liggja fram á ganginn. Þarna sést líka í annan loftbitann. Á hægri mynd er einnig loftbiti og hafa verið listar meðfram honum. Á bakvið dekkinn er stigin upp á loft. Þiljur eru nokkuð heillegar undir stiganum en brotnar hægri megin við hann.


Bakkakot



Mynd 100. Bakkakot í Vesturdal. Á mynd til vinstri sést framan á bæinn en hægra megin við hann var hlaða og vindmylla var á þaki. Á mynd til hægri sést í suðurstafta bæjarins til vinstri en gluggarnir ofan við miðja mynd eru líklega á baðstofunni. Lengst til vinstri er fjósið en síðan sést í tvo kofa austan undir baðstofunni sem engar aðrar heimildir fundust um. Þeir eru að mestu hlaðnir úr grjóti í streng. Ljósmyndir: Kristján C. Magnússon. Birt með leyfi HSk.

Saga

Gamli bærinn í Bakkakoti stendur á brekkubrún, rétt tæplega 60m suðaustur af íbúðarhúsinu. Uppistandandi er framhús með tveimur stofum og gangi og inn af því er eldhús og búr. Búið er að rífa hlöðu og fjós og baðstofan er fallin. Búið var í bænum á Bakkakoti til 1958. Síðasti ábúandinn var Sveinn Sigurðsson (Byggðasaga Skagafjarðar III, 291).



Mynd 101. Uppdráttur af bænum í Bakkakoti árið 1934: a. baðstofa, b. búr, gangur og eldhús, c. framhús sem skiptist í tvær stofur og gang, d. fjós og e. hlaða. Á uppdráttinn vantar kofa sem sjást á ljósmynd Kristjáns C. Magnússonar af bænum (mynd 102) (IS HSk N00120-16,

Ekki fundust úttektir á Bakkakotsbænum aðrar en Brunavirðing frá 1934 (IS HSk N00120-16, 33). Þar segir að baðstofa sé alþiljuð og búið einnig en hvorki gangur né eldhús. Í framhúsi voru báðar stofur og gangur alþiljaðar og var geymsluloft yfir. Önnur hús voru fjós og hlaða. Veggir baðstofu og fjóss eru sagðir torfveggir en aðrir veggir úr torfi og timbri (mynd 101).

Þak var með torfi. Eldavél var notuð til upphitunar og steinolía á ljós. Á uppdrættinum er suðurhliðin táknuð með

torfveggjum en á myndum af bænum frá því um og eftir miðja 20. öld er aðeins lágur torfveggur meðfram húsinu en suðurhliðin að öðru leyti timburpil. Það er mögulegt að suðurhliðinni hafi verið breytt í núverandi form eftir 1934. Árið 1897 reisti Jón Jónsson bóndi í Bakkakoti framhús úr timbri sem

fauk þann 4. janúar 1898 og gjöreyðilagðist, þá nærri fullgert. Framhúsið mun hafa verið hið fyrsta sem reist var í framsveitum Skagafjarðar. Húsið var síðan endurreist og bærinn endurbyggður að miklu leyti í framhaldi af því. Síðustu ábúendur höfðu breytt húsaskipan nokkuð og létu þeir m.a. smíða nýja glugga í framhúsið (Skagfirzkar æviskrár; 157; Hjörleifur Stefánsson, 2013, 120). Vindrafstöð var í Bakkakoti þegar Sigurjón Sveinsson og Björney Jónúsdóttir fluttust þangað 1948 en rafgeymarnir voru ónýtir og ekki voru keyptir nýir (Byggðasaga Skagafjarðar III, 293).



Mynd 102. Á efri mynd sést timburklætt frampil framhússins. Torfveggurinn sem var norðan við húsið (vinstra megin) er horfinn og lokað hefur verið fyrir norðurgaflinn með bárujárnsplötum. Á neðri mynd eru timburstafnar mót suðri og framan við þá lágur torf-og grjóthlaðinn veggur. Baðstofan var hægra megin við þessi hús en hún er alveg fallin.

Lýsing

Framhúsið er með timburpili sem snýr fram á hlaðið en að norðan og sunnan voru lágir torfveggir. Torfveggurinn að norðan er horfinn, lágur veggur er að sunnan (mynd 102). Á framhúsinu er þakkantur með tveimur strikuðum borðum, kýldum kverklista og strikuðu þakbrúnarborði. Grjóthlaðinn kjallari er undir húsinu og þar sjást tvær stoðir undir gólfbita. Á framhlið eru fjórir gluggar en aðeins einn fullglerjaður og neglt er fyrir tvo þeirra. Ofan við dyrnar er þriggja rúðu gluggi. Net hefur verið sett yfir þakið til að hefta fok. Sperrupak er í báðum húsum. Að vestan eru langbönd á sperrum og árefti þar yfir og síðan torf sem er að miklu leyti horfið. Í austara

húsinu eru kálfasperrur sem klæddar eru með borðum. Á þeim var svo torf. Torfveggur er alveg horfinn að norðan og þar hafa verið settar bárujárnsplötur til að loka veggnum en opið er inn á loftið. Baðstofan sem var austust húsa er alveg horfin og þar bara tóftarleifar, lágur veggur og grjót sem líklega er úr veggjum. Þak austara hússins er fallið að norðan en hangir enn uppi að sunnan. Timburpil er á göflum

að sunnan og lágur torf- og grjótveggur sem er að mestu gróinn, enn sér í nokkur grjót. Þilið er með liggjandi borðum nema á risi framhússins. Á það hafa verið negldir listar sem liggja upp og niður. Þrír gluggar eru til suðurs, tveir á framhúsinu en einn á austara húsinu. Steyptur strompur stendur upp úr þaki eldhússins.

Bæjardyrnar (mynd 103, lengst til vinstri) eru með nótuðum standandi panil sem skipt er um miðju



Mynd 103. Myndin lengst til vinstri sýnir hluta af þiljuðum bæjardyrnum. Hurðin til hægri liggur yfir í eldhúsið. Fyrir miðju er mynd tekin inn í syðsta herbergið, sem er múrhúðað (forskalað). Á myndinni lengst til hægri er horft inn í það sem líklega var hlóðaeldhús. Þarna er þakinu að hluta til haldið uppi með tunnum sem á eru felgur og fleira dót. Á milli tunnanna sést í grjóthleðslu sem líklega eru hlóðir.

með borði sem neglt er þvert á panilinn. Neðst á þili er gólflisti. Gólfíð er steinsteypt. Loft er einnig þiljað og þar loftbitar sem liggja norður-suður. Líklega hefur verið uppganga á loftið þar sem nú er lokað með bárujárnsplötu. Á ganginum er vatnsleiðsla og liggur hún yfir í nyrðri stofuna.

Nyrðri stofan er með láréttum nótuðum kúlupanil, nema á suðurvegg sem er með lóðréttum panil. Timburgólf er í herberginu. Norðurveggur er nánast horfinn og þar sést í bárujárnsplötur sem getið var um hér að framan. Bitar eru í lofti sem liggja austur-vestur. Bárujárnsplötur og töluvert af plasti eru í þeim hluta loftsins þar sem gólfborð vantar. Gluggafaldar og loftlistar eru grænmálaðir en þilið ekki. Það hefur hugsanlega einhvern tímann verið strigaklætt og jafnvel veggfóðrað.

Í suðurstofu er lóðrétt þil með sléttum panil. Lúga er í lofti en enginn stigi. Þilið, loftið og loftbitar voru klædd með striga og síðan veggfóðri. Loftlistar eru málaðir. Herbergið hefur verið nýtt sem geymsla.

Dyr eru inn úr bæjardyrum og þar er gengið inn í eldhús með eldavél og steyptum strompi og þar er einnig steyp gólf. Þarna var áður gangur samkvæmt uppdrættinum frá 1934. Það er áhugavert að í bænum hefur ýmislegt verið notað til að verja húsið og eru meðal annars rúmbotn og rúmdýnur í lofti. Dyr eru eldhúsinu til norðurs og suðurs.

Til suðurs er múrhuðað (forskalað) herbergi og á því gluggi mót suðri. Timbur er á gólfi en múr í lofti. Herbergið er ekki ferhyrnt eins og sést á mynd 103. Í þessu herbergi var rafmagn og veggir voru málaðir. Gólfið er brotið og sér niður í grjóthlaðinn kjallarann (mynd 104). Ekki er vitað til hvers herbergið var notað en líklegt verður að teljast að þarna hafi verið svefnherbergi.

Húsið norðan við eldhúsið er mjög illa farið. Loft er sigið og hefur tunnum verið komið fyrir til að styðja við það (mynd 105). Raftar sjást í lofti og sumir þeirra dökkir að lit og líklegast að þarna hafi verið hlóðaeldhúsið. Við norðurvegg virðast einnig leifar hlóða sem styðja þá hugmynd. Í þessu húsi sést í vegg úr torfi- og grjóti sem hlaðinn er í boga. Timburpil hefur verið á vesturvegg og þrjár stoðir og sylla sjást við austurvegg en annað er óljóst.




Mynd 104. Hleri var ofan í kjallarann í múrhuðaða herberginu og þar voru höfð smálömb allt fram til ársins 2012 samkvæmt heimildamanni (Munnleg heimild: Ylfa Leifsdóttir, 16.02.2022). Til hægri má sjá timbur merkt með fimm stuttum strikum en slíkt sést gjarnan í gömlum húsum. Ekki sjást nein merki á móti og því eru þetta hugsanlega spor eftir gamla merkingu.

Giljir



Mynd 105. Giljir á fyrri hluta 20. aldar. Lengst til hægri er baðstofan, síðan bæjardyr og göng, þar næst eldhús, kofi og lengst til vinstri fjós og hesthúskofi. Búið var aftan við baðstofuna. Úr myndasafni Hjalta Pálssonar.



Mynd 106. Túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 1918, lagt yfir loftmynd. Á myndinni eru fjárhúsin sem enn standa merkt með hvítu en hús sem eru að mestu fallin eru merkt með bláu.

Saga

Á Giljum í Vesturdal eru uppistandandi, torffjárhús, beitarhús með langveggjum úr torfi og hálfallið hesthús byggt á tóftum gamla hlóðaeldhússins (mynd 107). Þar að auki eru tvö hálf fallin fjárhús og torfbærinn sem er fallinn, nema frambil baðstofu sem hálf hangir uppi. Torfbærinn stóð austan og suðaustan við íbúðarhúsið sem var byggt 1956. Búið var í gamla bænum þar til nýja íbúðarhúsið var risið. Samkvæmt heimildamanni var ágætis torfrista á Giljum. Á haustin var torf rist og gert við vegg og þök eftir þörfum (Munnleg

heimild: Hjalte Jóhannsson, 15.10.2021). Bærinn á Giljum hefur vísast staðið á svipuðum slóðum um

aldir. Árið 1897 er hluta húsa lýst sem gömlum enn ekki er vitað hversu mikið hefur verið gert við veggir eða skipt út viðum á 20. öld, en elstu veggirnir gætu verið mjög gamlir. Fjárhúsin, að beitarhúsum undanskildum, eru öll merkt á túnakorti og hafa því upphaflega verið reist fyrir 1918 en búið var að endurbyggja húsin á Gerðinu (upp úr 1960) og Efri húsin, sem eru næst bæ (1976-77) (mynd 106). Í þessum húsum leynast þó vafalítið einhverjir gamlir veggir eða vegghlutar. Fjárhúsin neðst á túninu voru kölluð „gömlu húsin“ og þeim hefur ekkert verið breytt, a.m.k. ekki eftir að foreldrar heimildamanna tóku við búi á Giljum (Munnleg heimild: Hjalti Jóhannsson, 15.10.2021; Unnsteinn Jóhannsson, 23.02.2022).

Hesthúsið (byggt á tóftum hlóðældhúss og bæjardyra)



Mynd 107. Fjósið lengst til vinstri er orðið að tóft. Lengst til hægri er þil baðstofunnar sem er að öðru leyti fallin. Fyrir miðri mynd er svo hálf fallið hesthús sem byggt var úr tóftum hlóðældhússins.

Lýsing

Bærinn er að mestu leyti fallinn nema framþil baðstofunnar sem hálf hangir uppi og norðurendi hesthús sem byggt var upp úr hlóðældhúsinu og bæjardyrum/göngum. Þil baðstofunnar er forskalað timburþil sem var einangrað með torfi.



Mynd 108. Á mynd til vinstri sést í suðurhlið bæjarins. Neðsti hluti veggjar er hlaðinn úr grjóti í streng (þrjár raðir) en ofar er fremur stór hnaus, líkastur hornhnaus, notaður í allan vegginn. Á mynd til hægri er syðsti hluti bæjarins. Þar eru veggir hlaðnir úr grjóti í streng og sjást þrjár raðir af grjóti en ofar er hnaus.

Það sem sér af veggjum í gamla bænum er að mestu hlaðið úr grjóti í streng og síðan stórum hnausum sem almennt eru ekki með streng á milli nema í hesthúsinu, þ.e. fyrrum hlóðældhúsi (mynd 108). Bæjardyrnar eru fallnar en þar sér í torfvegg til austurs sem hlaðinn er úr grjóti í streng neðst en ofan við er hnaus (kvíahnaus). Þak og grind eru að mestu hrúðin en sér í syllu við austurvegg með tveimur stoðum og eins er hálf hangandi sylla við suðurvegg og þrjár stoðir undir henni. Kofi sem var norðan við hlóðældhúsið er alveg fallinn sem og þak og grind fjóssins en veggir þess standa enn og eru nokkuð háir (mynd 109). Þeir eru hlaðnir út grjóti í streng neðst og eru 5-9 raðir sjáanlegar. Þar ofan við er blanda af hnausum og þykkum streng. Töluvert löngu eftir að flutt var úr gamla bænum var hlóðældhúsinu og bæjardyrum breytt í hesthús og voru hafðir hestar þar langt fram eftir 20. öld. Dyrnar á húsinu eru á sama stað og bæjardyrnar voru. Þá voru fjarlægðir milliveggir og sett ný grind og þak. Grjóthlaðnir veggir sem stóðu sæmilega fengu að halda sér en skipt um torf efst á veggjum. Þakið



Mynd 109. Til vinstri er norðurendi gamla bæjarins, þ.e. fjósið og á bakvið það sést glitta í þil baðstofunnar og þak hesthússins. Til hægri er norður innveggur fjóssins. Neðst sex raðir af grjóti í streng og ofan við er torfhleðsla sem virðist helst blanda af þunnum aflöngum hnaus (sniddu) eða mjög þykkum streng í bland við mjórri streng.

var einhalla, hæst að austan og hallaði til vesturs. Þétt timbur var á þakinu en torf þar yfir og líklega hefur verið plast undir torfinu. Timburpil var sett á húsið til vesturs, þar sem áður voru hlaðnir veggir. Upphaflega var timburstallur fyrir miðju og snéri norður-suður og gengu hestarnir lausir. Eftir að Unnsteinn Jóhannsson tók við búi af föður sínum 1976 setti hann stalla meðfram austur- og

vesturveggjum, bása við þá og flór eftir miðju gólfi (Munnleg heimild: Hjalti Jóhannsson, 15.10.2021 og Unnsteinn Jóhannsson 24.02.2021). Þak hesthússins er að mestu fallið, nema norðurendinn. Ekki var hægt að fara inn í húsin en þau mynduð og skráð eftir föngum í gegnum gat á þekjunni. Norður- og austurveggur voru að mestu hlaðnir úr grjóti í streng og sjást a.m.k. níu raðir. Þar ofan við eru fjórar raðir af hnaus (kvíahnaus). Það sér í enda stallanna sem áður er getið við austur- og vesturveggi. Að utan er veggur hlaðinn úr tveimur röðum af grjóti í streng neðst en ofan við er liggjandi þil.

Efri-húsin



Mynd 110. Fjárhúsin á Giljum í september 2021. Timburþil snýr til vesturs.

Tvenn fjárhús eru í túninu norðvestan bæjar og norðan heimreiðar, kölluð Efri- og Neðri-húsin. Efri-húsin eru uppistandandi (mynd 110) en þak og grind hinna að mestu fallin. Efri-húsin voru í notkun a.m.k. fram til 1991 og Neðri-húsin eitthvað lengur. Efri-húsin eru um 70m norðvestur af íbúðarhúsinu og voru upphaflega torfhús fyrir 40

kindur, með heytóft að austan. Torfstafn var að framan. Árið 1976 eða '77 var húsið stækkað til suðurs og hlaða byggð austan við. Eftir stækkun tóku húsin um 100 kindur. Suðurveggur var rifinn en norðurveggur var nýttur áfram (Munnleg heimild: Unnsteinn Jóhannsson 24.02.2021). Efri-húsið er með timburþili en útveggir eru torf- og grjóthlaðnir. Aftan við þau er steipt hlaða, klædd bárujárn. Útveggir eru grónir og sér ekki í torfhleðslurnar. Bárujárn er á þaki og strompur er á húsinu.

Í húsinu er blanda af sperru- og ásapaki og er það með mæniás. Stoðir eru undir mæniás og auk þess beggja vegna garðanna og undir syllu við suður langvegg (mynd 111). Af mæniásnum liggja sperrur út á vegg að norðan en út fyrir syllur að sunnan og út á vegginn. Innveggur að norðan er að mestu hlaðinn úr grjóti í streng og voru átta raðir sjáanlegar. Þar ofan við var eitthvað af torfi. Í suðurvegg sáust mest fjórar raðir af grjóti í streng en þar ofan við 2-3 raðir af klömbruhnaus án strengjar. Nyrðri garðinn er grjóthlaðinn með þunnri steyptri plötu en syðri garðinn, sem er yngri, hefur eingöngu verið úr timbri. Grunnur hlöðunnar er aðeins niðurgrafinn og steypdur og hálf hár milliveggur milli hlöðu og fjárhúsa er einnig steypdur. Ofan við steypa hlutann í millivegg er þil úr liggjandi borðum. Einföld timburgrind klædd bárujárn er í hlöðunni og er þak hennar hallandi til austurs. Eini hlaðni veggurinn í hlöðunni er við norðurenda, ofan við steiptan grunn.



Mynd 111. Vinstri mynd er tekin inn í húsinu og er horft til vesturs í átt að frambílinu. Á hægri mynd sést suðurveggur hlaðinn úr grjóti í streng og torf þar ofan við. Stoðir sjást innan við útvegginn og á ytri brún garðans. Innst er steypur veggur milli fjárhúsa og hlöðu.

Neðri-húsin (Gömlu húsin)



Mynd 112. Neðri-húsin á Giljum. Þak er að mestu fallið en hangir enn upp að hluta. Húsin eru að mestu hlaðin úr grjóti í streng.



Mynd 113. Raftar lágu út á syllu sem haldið er uppi af litlum stoðum sem standa á grjóti í veggnum.

Fjárhúsin neðst í túninu voru kölluð Neðri-hús eða „gömlu húsin“ og voru þau í notkun nánast alla 20. öld (Munnleg heimild: Unnsteinn Jóhannsson 23.02.2021) (mynd 112). Í Byggðasögu segir að Sveinn Sigurðsson hafi byggt þessi hús en hann bjó fyrst að Giljum 1909-1916 (III. bindi, bls. 313, 317). Það passar ágætlega við frásögn Hjalta Jóhannssonar sem sagðist hafa það frá móður sinni að hún væru byggð

um eða upp úr aldamótum 1900 (Munnleg heimild: 15.10.2021). Húsin eru tvö, sambyggð. Syðri húsin eru stærri og hafa verið tvær krær en aðeins ein kró í nyrðri húsunum. Austan við stærri húsin var hlaðan en þak hennar er alveg fallið. Þak er nánast alveg fallið í báðum húsum en hangir að mestu uppi yfir nyrðri krónni í syðri húsunum. Í syðra húsinu er grjóthlaðinn garði og eru tvær raðir af grjóti sjáanlegar og ofan á þunn steypit plata og fjárbað við endann. Húsið var tveggja ása og stóðu stoðir á garða. Nyrðri hliðarás er úr tveimur löngum trjám og undir honum eru sex standandi stoðir. Syðri ásinn er fallinn en stoðirnar standa sumar hverjar enn. Garðabönd hafa verið negld utan á stoðir. Að norðan liggja raftar af ásnum og út á syllu (sem er brotin) og er a.m.k. á einum stað tekið úr enda raftsins og honum tyllt á



Mynd 114. Bogið tré yfir dyrum á Neðri-húsunum.

sylluna (mynd 113). Veggurinn er hlaðinn úr grjóti í streng og 7-8 raðir eru sjáanlegar að norðan. Árefti er á röftum og þar yfir torf. Austurgafi er hlaðinn úr grjóti í streng neðst (átta raðir) en hnaus (kvíahnaus) með streng á milli, þar ofan við. Við garðaendann að austan eru tóftardyr og er heil hella yfir þeim. Suðurveggur virðist svipaður og norðurveggur. Yfir útidyrum er eitt bogið tré en dyrnar að öðru leyti fallnar (mynd 114). Vesturstafn hlöðunnar er að

mestu úr grjóti í streng og sjást níu raðir en ofan við er klömbruhnaus með streng á milli. Hluti torfhleðslunnar er óræður (mynd 115). Þarna gætu verið einhverjar uppgildingar. Hluti af grjóti í veggjum og hluti klömbruhleðslunnar er eins og hann sé sviðinn. Torf er farið af efsta hluta annarra veggja í hlöðunni en vegghleðslur úr grjóti í streng standa þokkalega. Hluti þaksins á nyrðra húsinu hangir enn uppi og má sjá mæniás, einhverjar stoðir, rafta og þétt árefti. Torf var á þaki. Raftar hafa legið af ás og út á vegg. Sjáanlegir veggir eru hlaðnir úr grjóti í streng og eru níu lög af grjóti í suðurvegg.



Mynd 115. Til vinstri er horft ofan í hlöðuna. Veggir eru að mestu hlaðnir úr grjóti í streng en efst sést m.a. í klömbruhnaus með streng á milli. Til hægri er horft inn í nyrðri húsin. Það sem sést af norðurvegg er alfarið hlaðið úr grjóti í streng. Meirihluti þaksins er fallinn en húsin stóðu vel fram yfir 1991 og voru í notkun fram á þessa öld.

Beitarhúsin



Mynd 116. Beitarhúsin á Giljum. Langveggir eru úr torfi- og grjóti en stafninn steypdur. Á neðri mynd sést í torfhleðslu úr klömbruhnaus. Ekki er strengur á milli.

Beitarhús eru um 1,1km suður af bænum á Giljum (mynd 116). Þau eru byggð af Jóhanni G. Jóhannssyni bónda á Giljum og sonum hans um 1966. Þau eru með steiptum stöfnum og járn á þaki en laggveggir mót norðri og suðri eru torf- og grjóthlaðnir. Beitarhúsin tóku upphaflega um 100 fjár. Einhvern tímann eftir 1980 byggði Hjalti Jóhannsson hlöðu, úr bárujárni, sem seinna var breytt í fjárhús og rúmuðu þau þá 200 fjár (Munnleg heimild: Hjalti Jóhannsson, október 2021). Útveggir eru grónir en grjótröð sést neðst í vegg þar sem hann er rofinn. Ekki er hægt að greina torf til tegunda. Sperruþak er í húsinu og eru langbönd á sperrum og bárujárn þar yfir. Sperrur ná yfir syllur og út á vegg. Stuttar stoðir

eru undir syllum. Innveggir eru úr klömbruhnaus án strengjar. Grjót hefur verið neðst í vegg en aðeins sést í efsta hluta þess á kafla í suðurvegg, þar sem ekki hefur verið stungið út úr húsunum í nokkurn tíma. Tveir garðar eru í húsunum. Grunnur hlöðunnar er steypdur en annars er í þeim einföld timburgrind og sperruþak, bæði klædd með bárujárni. Enginn gluggi er á húsinu.

Húsin á Gerði - fallin



Mynd 117. Fjárhúsin á Gerði í september 2021. Húsin eru nánast alveg fallin.

Torffjárhús (mynd 117) voru á svokölluðu Gerði um 240m norður af bænum á Giljum (mynd 108). Upphaflega voru þarna tvístæð fjárhús og hesthús sunnan við. Húsin voru með torfstöfnum sem snéru mót vestri. Einhvern tímann upp úr miðri síðustu öld, hugsanlega á 6. áratugnum var húsunum breytt töluvert, sett á það nýtt þak og hlaðið upp í tóftardyr. Garðar sem snéru austur-vestur voru fjarlægðir og einn garði sem snéri norður-suður kom í stað þeirra. Eftir það tóku húsin 70 kindur. Við breytinguna fengu heilir útveggir að standa og geta því verið nokkuð gamlir (Munnleg heimild: Unnsteinn Jóhannsson 23.02.2021). Húsin eru nú fallin en það sér í steipt garðahöfuð. Á vesturhluta þaks er bárujárn með torfi en eingöngu

bárujárn á austurhluta þaksins. Neðsti hluti norður útveggjar er úr grjóti í streng neðst en klömbruhnaus með streng ofar. Í innvegg er klömbruhleðsla án strengjar. Í suður innvegg er stórt grjót í streng neðst en svo tvær raðir af klömbruhnaus sem snúa til sömu áttar en það ofan við eru tvö lög og klömbruhnaus sem snýr á víxl.

Þorljótsstaðir



Mynd 118. Vinstri myndina tók Þór Magnússon þáverandi þjóðminjavörður af Þorljótsstaðabænum árið 1973. Á myndinni er suðvesturgafli búrsins sem nú er fallinn. Birt með leyfi ÞJMS. Myndin til hægri var tekin árið 1995 og er af norðvesturhlið og norðausturgafli baðstofunnar. Gaflinn sem er fjær á myndinni er fallinn. Ljósmynd: Sigríður Sigurðardóttir.


Saga

Þorljótsstaðir eru fremsti bær í Vesturdal og stendur bærinn undir brattri hlíð Þorljótsstaðafjalls en neðan við túnið er gil Hofsár. Jörðin fór í eyði í lok Móðuharðinda og byggðist ekki aftur upp fyrr en árið 1797, þá af hjónunum Steini Ormssyni og Ástríði Stefánsdóttur. Þá munu öll hús hafa verið fallin og við tók uppbygging húsakosts á jörðinni. Sagan segir að dætur þeirra Steins og Ástríðar hafi borið grjótið í vegghleðslurnar, heim á handbörum (Byggðasaga Skagafjarðar III, 318). Vegghleðslur á Þorljótsstöðum geta í grunninn verið frá því um og eftir 1797. Þorljótsstaðir fóru í eyði 1943, síðasti ábúandinn var Hjálmar Sveinsson og flutti hann búferlum að Giljum (Byggðasaga Skagafjarðar III, 318).

Til eru úttektir á Þorljótsstaðabænum frá 1886 og 1896. Í úttektinni 1886 er lýsing á bæ og útihúsum. Í bæjarþyrpingunni eru talin eftirfarandi hús: Baðstofa, að mestu þiljuð, búrhús, eldhús, eldiviðarkofi, fjós og göng frá baðstofudyrum til útidyra. Húsin eru sögð gömul, veggir flestir gamlir og holóttir en ekki óstæðilegir. Á bæjardyrum er gamalt timburpil með vindskeiðum og gömul hurð á járnum, með járnlæsing og klinku. Að auki eru nefndar hurðir á eldhúsi til gangna, eldiviðarkofa og fjósi. Fjósið er fyrir þrjár kýr og eru tvær slár á milli bása. Jafnframt eru talin tvenn fjárhús út á túni fyrir samtals 74 kindur og hesthús yfir 4 hross (IS HSk N00006-B-E-1). Þann 30. júní 1896 er aftur gerð úttekt á bæjarhúsum á Þorljótsstöðum, þá eru talin sömu hús og í úttektinni frá 1886 nema að einnig er metið álag á fjóshlöðu sem er sögð með gömlum en brúkanlegum viðum og gömlum en stæðilegum veggjum. Óvíst er hvers vegna fjóshlöðu er ekki getið í fyrri úttektinni þar sem lýsingin bendir til þess að húsið sé gamalt og hefur því vafalítið verið hluti af bæjarhúsum tíu árum áður. Eitthvert viðhald höfðu húsin fengið á þeim tíu árum sem líða á milli úttekta. Tveir nýir og gallalausir 4ra rúðu gluggar eru á

baðstofunni. Veggir í búrhúsi eru sagðir nýir og ógallaðir. Hluti fjósveggja hafa verið endurnýjaðir. Veggir í göngum frá baðstofu til bæjardyra eru sagðir sem næst nýlegir og allir vel stæðilegir. Þil á bæjardyrum hefur að hluta verið endurnýjað og ný hurð er fyrir útidyrum, með fjaðraklinku og járnloku. Norðurveggur bæjardyra er nýr en suðurveggur er gamall (IS HSK N00006-B-E-1). Í Skagfirzjum æviskrám kemur fram að Hjálmar Þorláksson sem var bóndi á Þorljótsstöðum 1898-1907 hafi endurnýjað hús að nokkru leyti og jók hann einnig við túnið (bls. 124-125).

Kristján Eldjárn gerði uppdrátt af bænum á Þorljótsstöðum eins og hann var um aldamótin 1900 (mynd 121). Uppdrátturinn var gerður eftir uppmælingum frá 1948 og lýsingum og uppdrætti Þormóðs Sveinssonar frá Skatastöðum, sem dvaldi á Þorljótsstöðum um aldamótin 1900, þá ungur drengur (Stakir steinar, bls. 40; Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, manntal 1901).




Mynd 119. Uppdráttur Kristjáns Eldjárns af bænum á Þorljótsstöðum eins og hann var um aldamótin 1900. Uppdrátturinn er birtur í bók Kristjáns Stakir steinar, 1959, bls.40. Í myndatexta segir að uppdrátturinn sé gerður eftir uppmælingum frá 1948 og eftir frásögn og teikningu Þormóðar Sveinssonar. Einnig er tekið fram að bænum hafi síðar verið breytt og hafi baðstofan verið lengd til suðurs, hlöðugangur tekinn og útidyr gerðar á fjósið.

Í greininni er nokkuð ítarleg lýsing heimildamanns á húsaskipan um 1900:

„Fimm hús snúa stöfnum fram á hlaðið, þar af þrír þilstafnar, bæjardyr í miðju, til vinstri handar úr þeim dyr til skála og aðrar inn í ranghala til eldhúss. Það er 4 metrar að lengd og 2,40 metrar að breidd, en um það bil þriðjungur húsrýmisins fer undir hlöðirnar, sem eru vel miklar, með tveimur eldhólfum. Strompur er á þaki, en glugginn enginn á eldhúsinu. Hæð undir mæni er 2,10 metrar. Mál þessi vekja hugmynd um stærð bæjarins því að önnur hús eru eftir þessu. Innar af eldhúsinu er fjós. Kýrnar hafa gengið um sömu útidyr og mannfólkið, inn um ranghalann, gegnum eldhúsið endilangt og komið þannig á bása sína. Á sumrin munu þær víst hafa verið hýstar í öðrum húsum, en hafðar í þessu fjósi eftir að vetur var seztur að, svo að ekki hafa þær verið daglegir gestir í eldhúsi, en mykju hefur orðið að bera frá fjósi gegnum eldhús allan veturinn. Annar ranghali þröngur gengur úr eldhúsgöngunum til hlöðu, og er sambandið

milli fjóss og hlöðu með afbrigðum óhaganlegt, þar sem krækt er langan veg og farið með heyið gegnum eldhúsið. Beint inn af bæjardyrum er baðstofa og tröppur tvær upp að ganga. Baðstofan er talsvert úr lagi færð nú, en var til skamms tíma þiljuð sundur í tvennt í miðju. Í fremri enda var stíla fremst, sem í voru kindur um vetur, en við skilrúmið stóð vefstóll. Innan við skilrúmið var íveruhús fólksins, rúm þrjú við vegg og gafl og borðkríli undir baðstofuflugga. Loks er svo að telja yztu húsin í fremstu röð, skemmu og hesthús, með sérstöðum dyrum og ekki innangengt í þau úr öðrum húsum.“ (Kristján Eldjárn, 1959).

Í úttektum 1886 og 1896 er hvorki getið um skálann né hesthúsið. Það er ekki óalgengt að búpeningshús heima við bæ eða búpeningshús almennt séu ekki talin í úttektum en það virðist sérstakt á Þorljótsstöðum þar sem tvenn fjárhús og hesthús úti á túni eru talin með í virðingunni. Skálinn er á uppdrætti frá 1934 en þar er hesthúsið ekki en skýringin líklega sú að hesthúsið hafi ekki verið brunavirt með bænum. Töluvert misræmi er á milli uppdráttar Kristjáns og uppdrætti sem fylgir Brunavirðingu frá 1934 (mynd 120), einkum hvað varðar fjós og fjóshlöðu. Á uppdrætti Kristjáns er fjósið þar sem eru sagðar tvær hlöður á hinum uppdrættinum og öfugt. Í úttektunum 1886 og 1896 segir að tvær slár séu á milli bása og passar það ekki við uppdrátt Kristjáns þar sem að tveir básar eru öðru megin í fjósinu og einn hinu megin. Hugsanlegt er að húsaskipan hafi breyst á milli um aldamótin 1900 og síðan aftur fyrir 1934 en skýrsluhöfundur telur líklegra að um misminni heimildamanns að uppdrætti Kristjáns sé að ræða. Eftir stendur þó að það hefur þurft að fara með kýrnar út í gegnum eldhúsið og eins hefur heyið verið borið úr hlöðum, gegnum eldhús og inn í fjós. Á uppdrætti Kristjáns eru þrenn heil timburpil á bænum en í úttekt er aðeins getið um timburpil á bæjardyrum.



Mynd 120. Uppdráttur af bænum á Þorljótsstöðum í Vesturdal frá 1934. a. baðstofa, b. búr, c. eldhús, d. göng, e. skáli, f. kofi, g. fjós, h. tvær hlöður (IS HSK N00120-16).

Bærinn var seinna notaður fyrir gangnamenn og hesta og segir í skýrslu Fasteignamatshótel frá 1964 að nokkur hluti bæjarhúsa sé uppistandandi, baðstofuhús, búr og eldhús og eru að sögn nothæft skýli

fyrir menn og hesta. Hluta baðstofunnar var breytt í hesthús en gíst var í hinum helmingnum (Skýrsla Fasteignamatsnefndar, 1964; Munnleg heimild: Stefanía Fjóra Finnbogadóttir, 07.03.2022).



Mynd 121. Á efri mynd er horft til vesturs og sést vel hve útveggir eru grónir. Efst á bænum er timburþil baðstofu og vinstra megin við það er strompurinn. Suðvestan við eldhúsið er hesthústóftin sem er á neðri mynd.

Lýsing

Á Þorljótsstöðum eru enn uppistandandi hluti baðstofunnar sem síðar var breytt í hesthús (mynd 121). Þar inni er steinsteyptur strompur frá þeim tíma er þarna var eldhús. Eftir að flutt var úr húsinu var það notað sem gangnamannakofi, bæði skýli fyrir menn og hesta. Veggir eru allir grónir að utan og hvergi sér í hleðslur en á mynd 118 sést að veggir hafa að mestu verið hlaðnir úr grjóti í streng. Sigríður Sigurðardóttir (2018, bls. 38) tekur fram að strengurinn hafi að mestu verið veðraður í burtu. Timburstafn er efst á norðausturstafni og hefur annar verið á suðvesturstafni sem nú er fallinn. Þar er nú opið inn í húsin. Gluggar voru á báðum stöfnum og er enn gluggi til norðausturs. Að innan eru veggir að mestu hlaðnir úr grjóti í streng neðst en

vegghleðslur eru mikið hrundar, nema á suðausturvegg. Þar eru fjórar raðir af grjóti í streng og ofan við torfhleðsla, að nokkru moldrunnin, en virðist vera hnaus (kvíahnaus), frekar en strengur. Sperrupak er á húsinu og liggja sperrur út á syllur sem eru meðfram langveggjum. Húsið er snarað og syllurnar sveigðar en stoðirnar standa enn. Árefti er á sperrum, þá plast og torf þar yfir. Ekki er torfveggur mót suðvestri en þar hefur verið komið fyrir brettum, eitthvað af bárujárni og timbri til að loka húsunum að einhverju leyti. Strompurinn er við suðvesturvegg. Dyrnar snúa mót norðvestri og enn hangir uppi hluti hurðarinnar. Norðaustan við þetta hús er hlóðaeldhúsið, tóftir hlöðu eða fjöss og tóftir hesthússins.

Nýlega er búið að gera upp hlóðældhúsið en þekjan var orðin mjög sigin og varla hægt að komast inn í húsin. Viðgerðin var í umsjón eiganda Þorljótsstaða með aðstoð Helga Sigurðssonar hjá Fornverki ehf. Settar voru nýjar stoðir, nýr mæniás, raftar og tyrft á þak. Auk þess sem hluti veggja var endurnýjaður. Norðaustur og norðvestur veggir eru gamlir og eins tvöfaldar hlóðirnar sem eru við norðvestur vegg (mynd 122). Tvennar dyr eru á húsinu, aðrar til norðausturs en hinar til suðausturs. Veggir eru að miklu leyti hlaðnir úr grjóti í streng en þar sem eru torfhleðslur virðast þær að mestu vera klömbruhnaus með streng á milli og hefur sama aðferð verið notuð í viðgerðum veggjum. Húsið er í þokkalegu ástandi.



Mynd 122. Á vinstri mynd eru hlóðirnar í eldhúsinu en þær eru taldar vera frá því um aldamótin 1800. Hlóðirnar eru tvöfaldar eins og sést og er ein hella á milli þeirra sem stendur upp á rönd. Til hægri er norðausturveggurinn og á honum dyr. Ofan við dyrnar sést gömul torfhleðsla með klömbruhnaus í streng og alveg efst sést í enda mæniássins og rafta. Grind og þak eru nýlega viðgerð.

Hraunlækur (Goðdalir)



Mynd 123. Á efri mynd sést framan á Hraunlækjarkofann en á neðri mynd er suðurhlíð hans. Þar er eini glugginn sem er á húsinu en honum var bætt við, við síðustu viðgerð á húsinu (2008-9).

Saga

Hraunlækjarkofi eða Goðdaladalskofi stendur á allháum hól rétt norðan Ytri-Hraunlækjar á Goðdaladal (mynd 123). Fyrir aldamótin 1900, hugsanlega 1893³ fór Hjálmar Þorláksson í eftirleitir, þá á 19. ári. Hann segir: „[n]álega fremst á Goðdaladal var kofagarmur, þar sem við hugðumst hafa náttból [...] [d]yrnar á kofanum voru efst í veggnum uppi undir þaki og sneru móti norðri, en engin hurð. Var því allhótt inn af á kofagólfið“. (Göngur og réttir IV, 57; Manntalsvefur Þjóðskjalasafnsins: manntal 1890). Á árunum 1935-1941 var byggt við kofann og hann stækkaður til muna og var Magnús Helgi Helgason bóndi í Héraðsdal þar í fararbroddi (Örnefnaskrá Goðdala, 12). Um 1960 var kofinn

endurbyggður og var þá lengdur til suðurs og enn var það Magnús í Héraðsdal sem stjórnaði fram-

kvæmdum (Byggðasaga Skagafjarðar III, 17; Örnefnaskrá Goðdala, 12). Það er óvíst hvenær kofi var upphaflega reistur á þessum stað en ljóst að það var fyrir 1893. Guðmundur Símon Borgarsson sagði að faðir hans og föðurbróðir hefðu talað um að kofinn væri um eða yfir hundrað ára gamall (Munnleg heimild: 08.10.2021).

³ Hjálmar Þorláksson er skráður hjú á Írafelli í Svartárdal árið 1890, þá 16 ára að aldri. Miðað við að hann hafi verið 19 ára þegar hann fór fyrst í eftirleitir þá er frásögnin frá því 1893.

Hraunlækjarkofi var gististaður gangnamanna Austflokks og Vestflokks nóttina fyrir síðasta leitardag og var hann í notkun fram til 1975, þegar skáli var reistur á Skiptabakka. Áður en Hraunlækjarkofinn var byggður gistu menn í tjöldum suður á Hraunlækjarhorni. Allt að 24 manns gistu í skálanum ef báðir gangnamannaflokkar voru fullskipaðir og var þá þröngt á þingi (Byggðasaga Skagafjarðar III, 17). Árið 2008 eða 2009 var ráðist í viðgerðir á kofanum en þá var hann farinn að láta á sjá að sögn Guðmundar Símonar Borgarssonar (Munnleg heimild: 08.10.2021). Hann sagði jafnframt að suðurgafi og suðausturhornið hafi verið verst farið og taldi hann að sá hluti hafi aldrei verið fullfrágenginn. Þar var op sem var samfallið og þar var settur gluggi sem er því nýleg viðbót við kofann, en óvíst er hvort þarna hafi verið gluggi áður. Kofinn var aðeins farinn að snarast og voru settar krossstífur til að styðja við grindina og jafnframt voru settar aukastoðir við eldri stoðirnar, þar sem þurfti. Bárujárn var á þaki fyrir en náði það ekki út fyrir veggina sem varð til þess að vatn rann ofan í veggina og olli skemmdum. Því var bárujárnið og sperrur lengt þannig að það náði út fyrir veggina. Torfi var bætt á þakið og grjót sett á það til að fergja það. Eins var gerð stétt úr grjóthellum framan við innganginn. Allt grjót og torf var tekið í námunda við kofann. Norðurendi hússins er elsti hluti þess og gæti að stofni verið því fyrir aldamótin 1900 þó ekki sé hægt að fullyrða að eitthvað hafi varðveist af elsta kofanum. Nýtt hús var reist á Hraunlæk á árunum 2006-2008, rétt hjá gamla kofanum (Guðmundur Símon Borgarsson 08.10.2021).

Lýsing

Húsið er að mestu leyti hlaðið úr grjóti í streng, nema efsti hluti norður og suður gafla sem eru úr torfi (þar er blandað hnaus og streng). Bárujárn er á þaki en tyrft yfir. Sperruendar eru klæddir með kantborði. Hellugrjót er notað til að fergja torf á þaki. Á norðurgafli húss eru tíu raðir af grjóti en á vesturhlið eru 2-3 raðir af grjóti sem skýrist af því að húsið er aðeins niðurgrafið þeim megin. Austurveggur er úr fimm röðum að grjóti upp að fyrrnefndu kantborði. Á suðurhlið eru sex raðir af grjóti og síðan nokkrar raðir beggja vegna við gluggann.



Mynd 124. Á vinstri mynd er norðurveggur Hraunlækjarkofa sem talinn er vera elsti veggurinn í húsinu. Á bakvið grillið er grjóthlaðinn stallur. Á hægri mynd er suðurveggurinn og glugginn sem var bætt við húsið við síðustu viðgerð.

Innra byrði veggja er hlaðið úr grjóti í streng neðst en torfhleðslur eru ofar (mynd 124). 5-6 raðir eru af grjóti nema á norðurvegg en þar er grjóthlaðinn stallur og veggurinn ofan hans úr grjóti í streng. Stoðir eru alls 18, níu til hvorrar hliðar og standa þær á gólfi, nema stoðin í norðvesturhorni sen stendur á stallinum. Yfir stoðunum er sylla. Sperrupak (níu sperrukjálkar til hvorrar hliðar) er á húsinu með langböndum og bitum og ná sperrurnar út fyrir syllur og út á torfveggina. Tréhurð er fyrir dyrum. Moldargólf er í húsinu. Það sér í festifrauð á nokkrum stöðum þar sem bárujárn mætir torfi. Torf í útveggjum er nokkuð veðrað og grjót í hleðslum hefur riðlast til en veggirnir standa þó þokkalega vel. Inni standa vegghleðslur þokkalega vel en einstaka grjót hefur dottið úr á norður og vestur veggjum.

SEYLUHREPPUR

Vellir



Saga

Gamli bærinn á Völlum er norðvestan við núverandi íbúðarhús (mynd 125). Tvær elstu úttektir á bænum á Völlum eru frá árunum 1841 og 1844, þá er þar tvíbýli og úttektirnar aðeins fyrir þann hluta húsanna sem er að skipta um leigjanda. Talin eru baðstofa, búr, eldhús, stofa, göng, smiðjuhús og fjós (IS HSk N00004-F1). Tvíbýli er aðeins í nokkur ár og þegar næsta úttekt er gerð 1869 þá er jörðin aftur einbýl. Þá eru talin sömu hús og hér að framan nema að smiðjan hverfur og er hennar ekki getið í yngri úttektum. Árið 1869 er einnig nefndur skáli sem er ekki í eldri úttektum og óvíst hvort hann komi í staðinn fyrir smiðjuna, eða hvort hann hafi tilheyrt þeim hluta bæjarins sem ekki var til úttektar 1841 og 1844 (IS HSk N00004-F-2). Bærinn samanstóð af þremur bæjar-



Mynd 125. Á efri mynd er bærinn á Völlum 1940-45. Ljósmynd: Minjasafnið á Akureyri / Hallgrímur Einarsson og synir. Á neðri mynd er framhúsið á Völlum árið 2017. Á myndinni er Guðmundur Lúther Hafsteinsson starfsmaður húsasafns Þjóðminjasafnsins. Ljósmynd: Guðmundur St. Sigurðarson.

röðum. Vestast var baðstofan, þar austan við búr og hlóðaeldhús (hlóðaeldhúsið var norðan við göngin en búið sunnan þeirra) og fremst voru stofa, bæjardyr og skáli sem öll snéru timburpili fram á hlað. Frá baðstofu að bæjardyrum voru göng, tvískipt og voru skellidyr á milli. Fjós fyrir átta kýr var sambyggt bænum (Byggðasaga Skagafjarðar II, bls. 363; IS HSk N00004-F-2).

Baðstofan var þiljað hús með þremur gluggum sem snéru til suðurs. Í úttekt 1869 er hún sögð gamalt hús, viðir sagðir all fornir og torfveggir gamlir en þak brúkanlegt. Árið 1875 er búið að gera við


baðstofuna að hluta. Grindarviðir eru þá nýlegir, nema stoðir sem eru gamlar og vesturstafn er nýlega hlaðinn. Aðrir torfveggir eru þó í verra ástandi, norðurveggur sagður allur blautur og fúinn, suðurveggur bæði gisinn og sólbrunninn og austurstafn klofinn (IS HSk N00004-F-2). Aftur er gert við baðstofuna í kringum aldamótin 1900 (Byggðasaga Skagafjarðar II, bls. 363).

Árið 1869 var búið að stækka eldhúsið aðeins. Veggir þess eru sagðir gamlir en stæðilegir, þak ónýtt sem og stromparnir. Árið 1875 eru veggir eldhússins sagðir holóttir, brunnir og snaraðir en norðurstafn ekki óstæðilegur. Þá var enginn dyraumbúnaður en 1891 er sögð léleg hurð á járnum. Þá er þak sagt ónýtt og húsið gliðnað um átta þumlunga og snarað til austurs en veggir stæðilegir svo líklega hefur verið búið að gera við eitthvað af veggjum. Árið 1865 er búið sagt gamalt hús, bæði viðir og veggir og þak ónýtt. Eitthvað er gert við búið eftir þetta því í úttekt 1891 segir að veggir séu vel stæðilegir. Stofan var sunnan við bæjardyrnar. Árið 1865 segir að þak sé ónýtt. Árið 1875 er nefndur 12 rúðu gluggi með gluggagrind, gluggar á járnum og hlerar. Annar einnar rúðu gluggi er á húsinu. Póstapil er á húsinu, skrálæst spjaldahurð fyrir dyrum og veggir stæðilegir að innan en holóttir og moldrunnir að utan. Árið 1891 er kominn 9 rúðu gluggi í staðinn fyrir 12 rúðu gluggann. Árið 1869 eru veggir skálans, sem var norðan bæjardyra, nýlegir að utan en gamlir að innan og þak sagt brúkanlegt. 1875 er vesturveggur fallinn á stoðir og húsið allt snarað til austurs, norðurstafn holóttur en ekki óstæðilegur og þak brúkanlegt. Árið 1891 er þakið sagt gisið, veggir vel stæðilegir en húsið enn snarað til austurs. Sex rúðu gluggi er nefndur á stafni. Í úttekt 1875 er sagt lítilfjörlegt þil á bæjardyrum. Á því hurð með járnum með lélegri klinku og loku. Vesturveggur var gallaður og austurveggur holóttur og moldrunninn að utan. Árið 1891 er ópiljaður kvistur á bæjardyrum með sex rúðu glugga. Árið 1869 segir að vegg og þak fjóss séu brúkanleg. Í úttekt 1875 segir að úr fjósi sé innangengt í tóft (væntanlega heytóft) og í eldhús og þar hurð á járnum eins og fyrir útidyrum. Veggir að innan fallnir niður að grjóti á hluta og suðurstafn og austurveggur skotóttir en norðurstafn ekki óstæðilegur. Veggir að utan eru moldrunnir og þak með dældum. Árið 1891 eru vesturveggur aftur á móti sagður stæðilegur en aðrir veggir ekki. Árið 1891 eru timburpilin blámáluð en farin að flagna (IS HSk N00004-F-2; IS HSk N00004-F-3). Árið 1914 var reist framhús í stað fremstu bæjarraðarinnar (Byggðasögu Skagafjarðar II, bls. 363).

Í Brunavirðingu frá 1934 er bænum svo lýst: Bæjarhús eru í þremur röðum er snúa út og suður. Útveggir framhúss og suðurstafn fjóshlöðu niður til miðs eru úr timbri, suðurstafn á framhúsinu er járnvarinn. Allir aðrir útveggir húsanna eru úr torfi, þök öll af sama efni. Húsin greind hvert frá öðru með torfveggjum, nema timburpil skilur eldhús frá göngum. Vatnsból í bæ. Vestast var baðstofan og að henni lágu göng frá bæjardyrum. Fyrir miðið voru hlóðaeldhús norðan gangna og búr sunnan gangna. Í austustu röð var framhúsið, portbyggt með kvisti í gegn. Framhúsinu var skipt í fimm hús. Sunnan bæjardyra voru tvær stofur en norðan dyranna var þriðja stofan og nyrst var ópiljuð geymsla með útidyrum. Loft var yfir öllu húsinu. Kvistirnir voru báðir alpiljaðir. Gluggar á framhúsinu voru tíu. Norðan við eldhúsið var brunnhús og gangur þaðan til fjóshlöðu. Fjóshlaðan var áföst baðstofunni og

snéri út og suður og var fjósið vestan undir hlöðunni. Árið 1938 eru komin eldavélahús og búr sunnan ganganna þar sem áður var búr. Þau snúa austur-vestur og er skipt með þili. Búrið er að austan og eldavélahúsið að vestan. Yfir húsinu er loft og á því mænigluggi. Stigi er upp á loftið úr norðausturhorni búrs. Múrpípa er við vesturvegg og eldavél norðan hennar. Frá henni er miðstöðvarhitun til baðstofu. Gluggar eru á hvoru húsi fyrir sig og snúa mót suðri. Loft er úr loftborðum á bitum en gólf úr steinsteypu (Hsk N00120-35, nr. 21). Í fasteignamati 1964 segir að íbúðarhús sé gamall bær, baðstofa frá 1900 og framhús frá 1914. Mikið timbur, með járnþaki að nokkur. Húsin eru sögð köld og léleg (Fasteignamat, 1964).

Ekki fylgir uppdráttur með Brunavirðingunni 1934 en árið 1999 fékk Byggðasafn Skagfirðinga Hjörleif Stefánsson til þess að mæla og teikna upp bæinn eins og hann var þá (mynd 126).



Mynd 126. Uppdráttur Hjörleifs Stefánssonar arkitekts af Vallarbænum 1999. Uppdrátturinn er einnig birtur í bók Hjörleifs Af jörðu, bls. 145. 1. bæjardyr, 2. göng, 3. miðbaðstofa, 4. suðurhús, 5. norðurhús, 6. símakompa og stigi upp á loft, 7. sparistofa, 8. norðurstofa, 9. norðurskemma, 10. hlóðeldhús, 11. eldhús, 12. búr og þar stigi upp á loft, 13. kamar, 14. rústir brunnhúss, 15. rétt, 16. fjósið og síðar hrútakofi.

Lýsing

Ekki var farið að Völlum í vettvangsferð 2021 en árið 2017 fór Minjavörður Norðurlands vestra þangað ásamt Minjaráði og voru þá eftirfarandi myndir teknar (myndir 127-129).



Mynd 127. Myndirnar eru teknar af suðurhlið framhússins, búrs og eldhúss sem voru bárujárnsklædd og torfgafli baðstofunnar sem hlaðinn er úr klömbruhnaus. Í neðsta hluta veggjar, sem er að líkindum eldri en efri hlutinn, er strengur á milli raða af klömbruhnaus en ofar er ekki strengur nema á einum stað, en á nokkrum stöðum sést í binding. Ljósmyndir: Guðmundur St. Sigurðarson.



Mynd 128. Norðurhlið bæjarins. Á vinstri mynd sést í gafla sem hlaðnir eru úr klömbruhnaus með streng á milli. Á hægri mynd er norðurhluti framhússins sem er alveg fallinn nema þilið sem enn hangir uppi. Ljósmyndir: Guðmundur St. Sigurðarson.



Mynd 129. Búrið á Völlum var alþiljað hús og þaðan lá stigi upp á loft. Norðurveggur er brotinn og sér í torfvegginn sem var milli búrs og hlóðaeldhúss. Vinstra megin við búrið var eldhús og hægra megin var sparistofan í framhúsinu. Ljósmyndir: Guðmundur St. Sigurðarson.

Önnur torfhús

Fallin hús

Við upphaf þessa verkefnis var ákveðið að skrá uppistandandi hús sem eru að einhverju leyti byggð úr torfi. Þegar vettvangsskráning fór fram kom í ljós að nokkur þeirra húsa sem til stóð að skrá voru fallin en þó ekki orðin að tóft. Segja má að hús þessi séu í millibilsástandi milli þess að vera uppistandandi hús og tóft en mörkin eru ekki vel skilgreind. Húsin voru mynduð og grunnupplýsingum safnað en ákveðið verður í samráði við Minjastofnun Íslands hvort þau verði skráð í Hugin.

Keldudalur (Hofsafreitt)



Saga

Keldudalur er grösugur og fremur þröngur dalur sem liggur inn af Austurdal í Akrahreppi. Eftir honum rennur Keldudalsá og á vesturbakka hennar, tæpa 4km frá dalsmynninu eru tveir gangamannakofar, sá eldri Keldudalskofi, hlaðinn úr torfi og grjóti (mynd 130). Keldudalskofinn er þriðji gangnamannakofinn sem var á þessum slóðum. Hinn fyrsti var norðan við dalsmynnið, niður undir Austari-Jökulsá og var hann notaður fram undir 1890. Síðar var reistur kofi austan við Keldudalsána, lítið eitt sunnan við miðjan dalinn og og var sagt að hann hefði verið líkur Rústakofa (við Rústakvísl) að þægindum en öllu traustari, því hann var að hálfu leyti hellisskúti (Göngur og Réttir, II. bindi, bls. 239).

Lýsing

Kofinn stendur fremst á melbrún, beint upp af Keldudalsá. Hann er hlaðinn úr grjóti í streng sem er illgreinanlegur að utanverðu en sést vel að innan. Hlutar innveggja hafa verið hlaðnir úr streng. Veggjahæð er mest átta raðir af grjóti á norðurgafli. Torf var á þaki en



Mynd 130. Efri myndin er tekin á árunum 1940-1965. Þarna sést að lítill gluggi hefur verið í innra herberginu sem líklega var svefnaðstaðan. Smá stétt hefur verið við innganginn. Ljósmynd: Þjóðskjalasafn Íslands / Þorsteinn Jósefsson. Neðri myndin er tekin haustið 2021, þá er þakið og efri hluti veggja fallið.

bæði þak og grind eru fallin en nokkrar stoðir standa enn og sér í nokkra raftaenda undir þaktorfi. Hænsnanet hefur verið yfir röftum og torf ofan á því. Dyraumbúnaður er á sínum stað en hurðin sjálf ónýt. Timbur er að mestu söguð borð og staurar. Húsið er tvískipt og er lítið herbergi í norðurenda hússins.

Rústakofi (Hofsafrétt)



Mynd 131. Á vinstri mynd er Rústakofi í ágúst 2021. Þakið er innfallið og veggir sumir orðnir lélegir. Myndin til hægri er tekin á árunum 1940-1965 og þá virðist kofinn í þokkalegu ásigkomulagi. Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands / Þorsteinn Jósefsson.

Saga

Við Rústakvísl við Orravatnsrústir er gangnamannakofi hlaðinn úr torfi og grjóti (mynd 131). Kofinn er ýmist kallaður Rústakofi eða Orravatnsrústakofi. Þak kofans er fallið og segir í Byggðasögu Skagafjarðar að það hafi fallið inn veturinn 2001-2002 (Byggðasaga III. bindi, 359). Eftirfarandi lýsingu á kofanum, frá 1930 er að finna í Skagfirðingabók (Pálmi Hannesson, 1968, 53-54):

„Aðalhúsið er gert sem hesthús, og má vel hafa þar fjóra hesta á stalli. Innst í kofanum er skilrúm úr tré og á því lítil hurð, líkt og á skáp. Inn af því er upphækkað hlað. Geta þar legið þrír menn eða fjórir. Kofinn er gerður fyrir gangnamenn og eftirleita og er eign upprekstrarfélagsins.“

Í annarri lýsingu segir að kofinn hafi verið byggður úr torfi- og grjóti og hafi verið bæði dimmur, óvistlegur og án hitunartækja. Hann mun hafa verið byggður um eða fyrir 1883 (GR I, 95; Göngur og réttir IV, 90).

Lýsing

Að utan eru veggir hlaðnir úr grjóti í streng en strengurinn er veðraður og víðast lítt sýnilegur. Hurð er úr standandi borðum fest með einu skáborði. Dyraumbúnaður er úr lagi genginn og hurðin liggur inni í húsinu. Við suðvesturhorn kofans er staur og járnstrengur festur á hann og líklegt að þarna hafi hestar veðrir tjóðraðir (sbr. að vera bundinn á streng). Þekjan er fallin sem og húsgrindin en undir þaktorfinu sér í rafta og árefti en að öðru leyti sést lítið af húsgrindinni. Yfir áreftið hefur síðan verið sett hænsnanet og torf þar yfir. Þar sem sér í innveggi virðast þeir að mestu vera grjóthlaðnir í streng. Á einum stað, þar sem ytra byrði veggjar er hrunið, sér þó í torfhleðslu sem hlaðin er úr streng. Við vestur enda tóftar er grjóthlaðinn stallur (ca. 110 cm breiður). Hrunið hefur úr öllum útveggjum tóftar en

vestur- (hæð ca. níu raðir af grjóti) og austurgafi (ca. átta) eru heillegri en norður (ca. sjö raðir) og suður (átta raðir) veggir.



Mynd 132. Húsin á Grýtu í september 2021.

Nautabú - húsin á Grýtu

Efst í túninu á Nautabúi eru fjárhús sem er kallað á Grýtu (mynd 132). Þarna voru tvístæð hús sem tóku um 70-80 kindur (Byggðasaga Skagafjarðar III, 120). Þegar fornleifar voru skráðar á Nautabúi 2008 stóðu nyrðri húsin sæmilega en syðri húsin voru að falli komin. Nú eru bæði húsin fallin og sagði Eyjólfur Þór Þórarinsson á Nautabúi að þau hafi

farið illa einn snjóþungan vetur (Munnleg heimild: 06.09.2021). Húsin snéru stöfnum til austurs og var torfhlaðinn stafn á nyrðri húsum en timburstafn á syðri húsum. Grjóthlaðnir garðar voru í báðum húsum með steyptri plötu. Veggir að mestu hlaðnir úr grjóti í streng en efst var strengur. Hlaða var vestan við húsin (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2009).

Tungukot



Mynd 133. Bærinn í Tungukoti árið 2010. Búið var að breyta húsinu í fjós og geymslu.

Í október 2010 fór fram fornleifaskráning í Flatatungu á Kjálka og stóð þá uppi hluti gamla bæjarins, sem hafði verið breytt í fjós og geymslu. Húsið er nú fallið. Í skráningarskýrslu er húsinu svo lýst:

„Þetta eru þrjú samliggjandi hús sem hvert um sig liggur norður/suður og eru dyr á milli þeirra. Þak er á vestustu byggingunni sem er að mestu úr timbri en á hinum tveimur sem eru úr torfi og grjóti, er þak fallið. Timbur úr húsgrind og timbur og bárujárn af þaki liggja í tóftinni. Utanmál

er 15x16m og mesta hæð og breidd veggja eru 2m“ (Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2011, bls. 21).

Skatastaðir



Mynd 134, Þessar myndir voru teknar á Skatastöðum árið 1990. Á efri mynd er fjárhús sem byggt var á grunni gamla bæjarins en á neðri mynd er skemma. Ljósmynd: Sigríður Sigurðardóttir.

Búið var í gamla bænum á Skatastöðum til 1947 en þá var nýtt íbúðarhús byggt rétt rúma 10m norðaustar (Byggðasaga Skagafjarðar III, 535). Bæjarhúsin stóðu að hluta árið 1990 og hafði þá syðsti hluti bæjarins verið notaður sem skemma og fjárhús, að mestu hlaðinn úr grjóti í streng (mynd 134). Veggir voru að mestu hlaðnir úr grjóti í streng en efst í veggjum var strengur. Húsið var tvær krær með grjóthlöðnum garða fyrir miðju. Raftar lágu af mæniás og út á syllur sem lagðar voru á stoðir meðfram langveggjum. Á röftum var árefti og torf yfir (Sigríður Sigurðardóttir, 2018).

Frampilið á húsinu sem síðast var notað



Mynd 135. Myndirnar eru teknar í september 2021. Fjárhúsið er alveg fallið og orðið að tóft (til vinstri) og syðsti hluti bæjar er einnig að mestu fallinn (til hægri).

sem skemma var múrhúðað (mynd 135, til hægri) en undir var lóðrétt timburklæðning. Húsið hefur verið þiljað, allavega að hluta á einum stað sést að þilið hefur verið blámálað. Inn í húsarústinni sést í plötur á veggjum, hugsanlega masónít og innst er steinsteypt pípa sem gæti verið strompur. Torf hefur verið á þaki og hafa fleiri veggir en framhliðin verið múrhúðuð.

Nýbyggingar og endurgerðir

Torf er lítt notað byggingarefni nú á tímum en þó finnast einstaka byggingar sem hlaðnar eru, a.m.k. að hluta úr torfi. Í Lýtingsstaða- og Seyluhreppi eru þrenn torfhús sem aðeins verður gerð grein fyrir hér í stuttu máli.



Mynd 136. Endurgerð gamla torfbæjarins á Reykjum, byggð 1992 og 1996.

Á Reykjum í Tungusveit er að finna endurgerð af gamla torfbænum. Húsið var byggt á árunum 1992 og 1996 (mynd 136). Innveggir eru steiptir en útveggir eru úr torfi og torf er á þaki. Það hýsir einkasafn Kristjáns Jóhannessonar frá Reykjum og er nú eign ábúandans Elínar Blöndal. Í Byggðasögu Skaga-

fjarðar (III, 128) segir að Kristján hafi hlaðið mest af veggjum sjálfur, stungið torfið en þaktorfið var vélrist. Baðstofan mun vera nokkuð nákvæm eftirlíking gömlu baðstofunnar og hýsir hún muni Kristjáns sem eru að mestu frá fyrri tíð á Reykjum og gamla Brúnastaðabúinu en einnig frá sveitungum og öðrum sem hafa gefið þangað muni.



Mynd 137. Hesthúsin á Lýtingsstöðum og hestaréttin lengst til vinstri. Veggir eru hlaðnir úr hornhnausum og klömbruhnaus með streng. Torf er á þaki.

Á Lýtingsstöðum eru torfheshús sem byggð voru árið 2015 og norðan þeirra hestarétt sem hlaðin var árið 2016 (mynd 137). Það voru ábúendur á Lýtingsstöðum, þau Evelyn Ýr Kuhne og Sveinn Guðmundsson sem stóðu

fyrir byggingu hússins en starfsmenn Fornverks ehf. undir stjórn Helga Sigurðssonar sáu um að hlaða

veggi. Hesthúsið hýsir sýningu sem fjallar um tengslin milli manna og hesta og sýnir aðbúnað hrossa og ýmis verkfæri og tól tengd hestamennsku.



Mynd 138. Fyrirmynd upplýsingamiðstöðvarinnar í Varmahlíð er sótt í framhús gömlu torfbæjanna, húsagerðar sem kom fram á síðasta skeiði íslenska torfbæjarins.

Upplýsingamiðstöðin í Varmahlíð var byggð árið 1997 (mynd 138). Hún er að mestu timburhús en lágir torfveggir eru við gafla að norðan og sunnan. Veggir og þak eru klædd borðum unnum úr rekaviði en gólf er úr íslensku grágrýti. Útveggir eru steinsteyptir. Húsið er teiknað af Hjörleifi Stefánssyni arkitekt sem

sótti fyrirmyndina í framhús gömlu torfbæjanna (Morgunblaðið, 31. júlí 1997).

Heimildir

Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson. 2011. *Fornleifaskráning í Akrahreppi. Flatatunga og Sólheimar*. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga. 2011/116.

Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, María Gísladóttir. 2019. *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun. Leiðbeiningar Minjastofnun Íslands 2*. Sótt af https://www.minjastofnun.is/media-/leidbeiningarit/Skraning-husa-og-mannvirkja-leidbeiningar_8.-jan.-2020-2.pdf.

Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga. 2009. *Nautabú í Neðribyggð. Fornleifaskráning*. Byggðasagn Skagfirðinga – Rannsóknaskýrslur, 2009/87.

Göngur og réttir, I. bindi. Suður- og Vesturland. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar 1948. Akureyri: Norðri, 1948-1953.

Göngur og réttir, II. bindi. Húna-, Hegranes og Vaðlaþing. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar 1948. Akureyri: Norðri, 1948-1953.

Guðmundur Hannesson, 1943. *Húsagerð á á Íslandi. Í lðnsaga Íslands, fyrri bindi*. Guðmundur Finnbogason ritstj. Reykjavík: lðnaðarmannafélagið.

Göngur og réttir, IV. bindi. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. 2. útgáfa. Skagafjarðarsýsla-Eyjafjarðarsýsla. Akureyri: Norðri, 1983-87.

Hannes Magnússon. 1953. *Hetjur hversdagslífsin. Nokkrar þjóðlífsmyndir frá upphafi 20. aldarinnar*. Akureyri: Norðri.

Hér fer oft saman kuldi og kvenmannsleysi. Morgunblaðið, 192. tbl. 25. ágúst 1996. Sótt af <https://timarit.is/page/1377721?iabr=on#page/n14/mode/2up>. Skoðað þann 10.11.2021.

Hjalti Pálsson. 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur-Seyluhreppur*. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga.

Hjalti Pálsson. 2004. *Byggðasaga Skagafjarðar, III. bindi, Lýtingsstaðahreppur*. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga.

Hjalti Pálsson. 2007. *Byggðasaga Skagafjarðar, IV. bindi, Akrahreppur*. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga.

Jón Vigfússon (1970). Kofinn Gráni. *Heima er bezt*, 1970. Akureyri: Bókaforlag Odds Björnssonar.

Hjörleifur Stefánsson, 2013. *Af jörðu*. Reykjavík: Crymogea.

Kristján Eldjárn. 1961. *Stakir steinar: tólf minjapættir*. Akureyri: Norðri.

Orri Vésteinsson. 1996. *Menningarminjar á miðhálandi Íslands*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. FS019-95042.

Sagan af Grána og Sesselju á Jökli. Tíminn, Sunnudagsblað, 38 tbl. 27.10.1963.

Skagfirskar æviskrár: tímabilið 1890-1910. *Skagfirsk Fræði*. 1964. Akureyri: Sögufélag Skagfirðinga.

Pálmi Hannesson. 1968. Hofsafrétt. *Skagfirðingabók. Ársrit Sögufélags Skagfirðinga*. 3. árg. 1968. 3 prentun 1988, bls. 43-72. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi. Sótt af: <https://timarit.is/page/6560852-?iabr=on#page/n51/mode/2up>. Skoðað 10.09.2021.

Sigríður Sigurðardóttir. 2018. *Gamlar torf- og grjóthleðslur í Skagafirði 1987-2017. Vettvangs- og heimildakannanir*. Glaumbær: Byggðasafn Skagfirðinga.

Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Morgunblaðið, 31. júlí 1997. Sótt af: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/345982/>. Skoðað þann 07.02.2022.

Heimasíður

Þjóðskrá Íslands. Fasteignaskrá. Sótt af: <https://skra.is/leit-i-fasteignaskra?heitnr=1055676&landnr=146330&streetname=Sy%c3%b0ri-Brekkur+%sveitarfelag=Akrahreppur>. Skoðað þann 01.12.2021.

Heimasíða Þjóðskjalasafns Íslands. Manntöl. Sótt af <http://manntal.is/>.

Hjálmar Sveinsson 1890

Þormóður Sveinsson 1901

Tyrfingsstaðir: 1816, 1835, 1840, 1845, 1850, 1860, 1880, 1890, 1901, 1920

Héraðsskjalasafn Akureyrar

HAk. Angantýr H. Hjálmarsson. 1984. Greinargerð um viðhald á Grána og Sesseljúbæ.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

Akrahreppur

Fasteignamatsnefnd: Úttekt á Tyrfingsstöðum dags. 15/5 1966.

IS HSK. Óskráð gögn. Vinnuskjöl fyrir fasteignamatið 1929-1930.

IS HSK N00003-B-E-1. Úttektir úr Akrahreppi 1843-1879.

IS HSK N00003-B-E-2. Úttektir úr Akrahreppi 1861-1897.

IS HSK N00003-B-E-3. Úttektir úr Akrahreppi 1890-1910.

IS HSK N00120-14. Brunabótafélag Íslands: Virðingabók Akrahreppur 1934-1955.

Djúpidalur nr. 11. 1934 og 1945.

Minni-Akrar nr. 46. 1934.

Tyrfingsstaðir nr. 25. 1934.

IS HSK N00120-15. Virðingarabók Brunabótafélag Íslands. Akrahreppur 1958-1987.

Tyrfingsstaðir nr. 13.

Lýtingsstaðahreppur

IS HSK. Óskráð gögn. Skýrsla Fasteignamatsnefndar 1964 fyrir Lýtingsstaðahrepp.

Kolgröf

Þorljótsstaðir

IS HSK N00006-B-E-1. Úttektarbók Lýtingsstaðahrepps 1870-1898. Sótt af:

<http://atom.skagafjordur.is/index.php/is-hsk-n00006-b-e-1>. Skoðað þann 12.10.2021.

IS HSK N00006-B-E-2. Úttektarbók Lýtingsstaðahrepps 1899-1972. Sótt af:

<http://atom.skagafjordur.is/index.php/is-hsk-n00006-b-e-2>. Skoðað þann 12.10.2021.

IS HSK N00120-16. Brunabótafélag Íslands: Virðingabók Lýtingsstaðahrepps: 1933-1950.

Bakkakot, 1934, nr. 33.

Breiðargerði, 1934, nr. 30.

Þorljótsstaðir, 1934, 37.

Skýrsla Fasteignamatsnefndar 1964. Kolgröf.

Seyluhreppur

Fasteignamati 1964, Vellir.

IS HSk N00004-F-1. Úttektir úr Seyluhreppi 1840-1864.
IS HSk N00004-F-2. Úttektir úr Seyluhreppi 1865-1888.
IS HSk N00004-F-3. Úttektir úr Seyluhreppi 1889-1903.
IS HSk N00120-35. Brunabótafélag Íslands: Virðingabók Seyluhrepps 1933-1949. Vellir, nr. 21.

Túnakort

Túnakort eru fengin af heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands. Sótt af:
https://skjalasafn.is/tunakort_i_thjodskjalasafni_islands.

Ábær í Akrahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1919.
Bjarnastaðir í Akrahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1919.
Bóla í Akrahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1919.
Djúpidalur í Akrahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1919.
Flatatunga í Akrahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1919.
Minniakrir í Akrahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1919.
Stóruakrir í Akrahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1919.
Syðribrekkur. K. Kristinsson, 1917.
Syðstagrund í Akrahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1919.
Tyrfingsstaðir í Akrahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1919.
Úlfstaðakot í Akrahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1919.
Bakkakot í Lýtingsstaðahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1918.
Breiðargerði í Lýtingsstaðahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1918.
Breiðargerði í Lýtingsstaðahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1918.
Kolgröf í Lýtingsstaðahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1918.
Krithóll í Lýtingsstaðahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1918.
Ytra-Vatn í Lýtingsstaðahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1918.
Þorljótsstaðir í Lýtingsstaðahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1918.
Þorsteinsstaðakot í Lýtingsstaðahreppi. Guðmundur Sveinsson, 1918.

Örnefnaskrár

Flatatunga og Tungukot. Tekið saman af Gunnari Ólafssyni bónda, Flatatungu. Örnefnastofnun.
Kolgröf. Margeir Jónsson skráir eftir Hrólfi Jóhannessyni bónda í Kolgröf. Örnefnastofnun.
Örnefnaskrá. Goðdalir, Hverhólar, Dalkot og Hálsakot. Rósmundur G. Ingvarsson skráði.

Heimildamenn

Björn Grétar Þorsteinsson, 2. febrúar, 2022.
Bragi Stefán Hrólffson, 4. febrúar, 2022.
Einar Gunnarsson, 26. ágúst, 2021.
Eiríkur Skarphéðinsson, 27. ágúst, 2021.
Eyjólfur Þór Þórarinsson, 6. september, 2021.
Guðmundur Símon Borgarsson, 8. október, 2021.
Gunnar Sigurðsson, 6. janúar, 2022.
Hjalti Jóhannsson, 15. október, 2021.
Jóhannes Jóhannsson, 6. janúar, 2022.
Kári Gunnarsson, 13. október, 2021.
Kolbrún María Sæmundsdóttir, 26. ágúst, 2021.
Kristín F. Jóhannsdóttir, 6. janúar, 2021.
Ólafur Atli Sindrason, 15. október, 2021.
Ólafur Björnsson, 9. febrúar, 2022.
Reynald Gunnarsson 15.12.2021.
Sigrún Bjarnadóttir, 28. janúar, 2021.
Sigurður Hansen, 16. desember, 2021.
Stefanía Fjóla Finnbogadóttir, 7. mars, 2022.
Unnsteinn Jóhannsson, 24. febrúar, 2022.

Vagn Þormar Stefánsson, 27. ágúst, 2021.
Ylfa Leifsdóttir, 16. febrúar, 2022.
Örnólfur Eiríksson, 1. febrúar, 2022.